

Alþingi 1918.

Sambandslagapingið

(30. löggjafarþing).

Þingsályktunartillögur.

I.

Vísað til stjórnarinnar.

Aukakostnaður af flutningi innlendrar vöru.

Á 4. fundi í Nd., laugardaginn 7. sept., kl. 10 árdegis, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um greiðslu á aukakostnaði af flutningi innlendrar vöru, er stafar af fyrirmælum útflutningsnefndar (A. 7).

Á 5. fundi í Nd., sama dag, kl. 1 miðdegis, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Of skamt var liðið frá útbýtingu till. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Að tillögu forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 6. fundi í Nd., sama dag, kl. 5 síðd., var till. tekin til fyrri umr. (A. 7).

Of skamt var liðið frá síðustu meðferð till. — Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Till. á þgskj. 7 hefi jeg leyft mjer að bera fram samkvæmt mörgum áskorunum, sem mjer hafa borist utan af landi, eins og segir í greinargerðinni fyrir till. En þannig stendur á þessum áskorunum, að

Aukakostnaður af flutningi innlendirar vöru.

mönnum er ekki lengur frjálst að selja ullina, fremur en aðrar afurðir, hvert eða hverjum sem þeir vilja, heldur verða þeir að selja hana landsstjórninni, sem síðan selur bandamönnum. Útflutningsnefndin, sem um þetta hefir að annast meðal annars, hefir gefið út reglugerð, sem birtist 20. júlí í sumar, og eru þar sjerstaklega tilnefndar þrjár hafnir, sem ullin skuli afhent, og eru það hafnirnar Reykjavík, Akureyri og Seyðisfjörður. Auk þessara hafna eru nefndar 12 hafnir, sem fulltrúar bandamanna hafa fallist á að afhenda megi ull.

En nú hefir landsstjórnin látið flytja ullina á sínum skipum, frá ýmsum þeim höfnum, sem áður voru „lokaðar“, og til Reykjavíkur, en á öðrum höfnum er ullin ekki tekin, þótt skipin komi þar við, heldur verða seljendur að greiða hátt aukagjald, alt að 9 aur. á hvert tví-pund, til þess að koma ullinni á hinar lögskipuðu hafnir. Þetta veldur hinu mesta misrjetti og óánægju, þar sem ekki er látið eitt yfir alla ganga. Úr þessu á till. að bæta, eftir því sem fært þykir, og er í henni farið svo hóflega í þetta, sem auðið er, þar sem landsstjórnin hefir frjálssar hendur um það, hvort hún vill heldur greiða kostnaðinn úr landssjóði, eða þá að jafna honum á alla vörutegundina.

Jeg treysti stjórninni til að koma þessu hagkvæmlega fyrir, því fremur, sem hún hefir útflutningsnefndina sjer við hlið, sem vel þekkir til staðháttu umhverfis land alt.

Hjer í till. er sjerstaklega talað um ull, kjöt og gærur, en þó get jeg vel fallist á, að ákvæði hennar nái einnig til sjávarafurða, enda mun brtt. í þá átt vera í aðsigi.

Jeg hefi ekki gert svo freka kröfu, að allur halli sje greiddur, sem menn biða

af fyrgreindum ástæðum, heldur lagt til, að stjórninni verði falið að haga því eftir atvikum, enda getur margvislega hagað til, og því ekki rjettlátt, að eitt sje látið yfir alla ganga.

Jeg gæti vel nefnt dæmi þess, hversu einstakar hafnir sæta miklu misrjetti í þessu efni, en jeg geri ráð fyrir, að hv. þm. sjeu þau nokkuð kunn og þeir viti sjálfir önnur samskonar dæmi, svo að óþarft sje að fara út í það frekar.

Jeg vona, að hv. deild geti fallist á þessa till. mína, með eða án breytinga, og von mín styrkist við það, að áður hefir verið samþykkt till. hjer í deildinni, sem runnin er af mjög líkum rótum og þessi, till. um að jafna niður flutningskostnaði af innfluttri vöru, hvort sem hún kemur fyrst hingað til Reykjavíkur eða á einhverja aðra höfn.

Ef litið er á málavexti með sannsýni, munu flestir viðurkenna, að bændum sje ekki láandi, þótt þeim þyki það þungar búsigjar að verða að greiða 9 aura gjald af hverju tví-pundi, ofan á allan þann kostnað, sem þeir hafa af geymslu, útskipun og uppskipun, — því fremur, sem verðið, er þeir fá fyrir ullina, er smáræði móts við það, sem fengist á frjálsum markaði, því að nú kostar tví-pundið yfir 30 kr. í Svíþjóð.

Athugavert er, að ef kaupmenn hafa keypt ullina af bændum þeim mun lægra verði, sem nemur þessum aukakostnaði, þá er engin ástæða til þess að fara að greiða þeim neina uppbót, og er óhætt að eiga það á valdi útflutningsnefndar og stjórnar, að við slíku verði sjeð.

Jeg hafði því miður ekki tækifæri til þess að tala um þetta mál við menn úr útflutningsnefnd sem skyldi, en drap þó á það við einn þeirra, sem sæti á hjer í deildinni, hv. þm. S.-þ. (P. J.),

Aukakostnaður af flutningi innlendrar vöru.

og tók hann liðlega í það, og vænti jeg málinu góðs stuðnings af honum.

Svo fel jeg hv. deild þetta erindi, sem mörgum er áhugamál, víðs vegar um landið.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 18 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: J. B., M. G., M. P., M. Ó., P. J., P. O., P. Þ., S. St., St. St., Sv. Ó., Þorl. J., Þorst. J., B. Sv., B. K., E. Árna., H. K., J. J., Ó. B.

nei: S. S., G. Sv.

J. M. greiddi ekki atkv.

Fjórir þm. (B. J., B. St., E. A. og E. J.) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. vísað til síðari umr. með 18 : 2 atkv.

Á 7. fundi í Nd., mánudaginn 9. sept., var till. tekin til síðari umr. (A. 7, 10).

Afbrigði leyfð og samþ. með öllum gr. atkv. um brtt. 10, er of seint var fram komin.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Sú mála-leitun, sem kemur fram í till. á þgskj. 7, fjekk við fyrri umr. málsins góðar undirtektir, bæði af hv. þm. S.-Þ. (P. J.), sem er þessu máli allra þingmanna kunnugastur, og af hæstv. forsætisráðh. er mun telja hana byggða á sanngjörnum grundvelli. Hins vegar kemur það fram, sem jeg sá fyrir, að allörðugt mundi vera að gefa fastar reglur um framkvæmd á þessu. Þegar þetta er borið saman við fyrirkomulagið í öðr.

um löndum nú á dögum, svo sem í Englandi og Ameríku, þá sjest, að hjer er stefnt inn á svipaða braut og þar, að eins farið skemra. Í báðum þessum löndum var ákveðið, að jafnframt því, sem stjórnin tók verslunina í sínar hendur, skyldi öll varan keypt sama verði af framleiðendum, hvort sem þeir væru rjett við hliðina á henni eða byggju í fjarlægð, og hún annast allan flutningskostnað. Hjer er ekki farið svo langt, að öllum skuli greitt sama verð fyrir vöruna á sjálfum framleiðslustaðnum, heldur er að eins farið fram á, að stjórninni sje veitt heimild til að ljetta að einhverju leyti þeim kostnaði af bændum, sem leiðir af því, að þeir geta ekki selt og afhent vöru sína á þeim höfnum sem þeir eru vanir að afhenda hana á.

Nú mun svo vera um sumar þær hafnir, sem lofað hefir verið að taka vörur til útflutnings á, svo sem Þórshöfn, að þar verða vörueigendur að greiða töluvert aukaflutningsgjald fram yfir það, sem tekið er á öðrum slikum höfnum. Þetta þarf að athuga. Þá er og svo, að til eru eins hagkvæmar hafnir til útflutnings eins og sumar þeirra, sem með eru teknar, og þeim þó slept; skal jeg til þess nefna Kópasker; þar er að vísu eigi jafngóð höfn sem í Þórshöfn, en útflutningstæki eru þar svo góð og dugnaður þvilikur við útskipun, að skipstjórar hafa borið það, að hvergi gengi flutningur varnings milli skips og lands greiðara en þar, þar sem skipin gætu ekki beinlínis lagst við land eða bryggjur. Það er ekki í stuttri ræðu hægt að setja fastar reglur um það, hvernig kostnaðargreiðslan mundi haganlegast verða jafnað niður. Það verður að fela stjórninni og útflutningsnefnd á hendur að gera það.

Sumstaðar hafa kaupmenn þegar

Aukakostnaður af flutningi innlendrar vöru.

keypt vöruna og munu þeir hafa miðað verðið við aukakostnaðinn við flutninginn, og þar verður örðugt að bæta bændum hallann öðruvísi en beint úr landsjóði. Öðru máli er að gegna þar, sem bændur hafa selt landsstjórninni vöruna sjálfir eða þar, sem hún er enn óseld; þar gæti komið til mála að jafna aukakostnaðinum niður á alla vöruna og gefa jafnt fyrir hana, hvaðan sem hún kemur.

Hjer er og komin fram till. um að láta sjávarafurðirnar sæta sömu kostum sem landsafurðir þær, sem tillagan nefnir, og er þessi brtt. ekki nema eðlileg. En ekki minka örðugleikarnir á að jafna aukakostnaðinum niður við það. Sveitabændur flytja að jafnaði vörur sínar í ákveðna kaupstaði, en sjávarútvegsmenn flytja sínar vörur oft um langa leið, á mótorbátum eða öðrum skipum, sem þeir eiga sjálfir, og því ekki jafneinskorðaðir við að flytja þær á ákveðnar hafnir, og geta sjer að meinau eða meinalitlu flutt þær á útflutningshöfn, eigi síður en á aðra höfn. Þetta, eitt með öðru, þarf að athuga.

Næsta ár ætti að vera hægt að jafna niður flutningskostnaðinum á allar vörur, ef það ráð væri tekið í tíma, og enn ætti að vinnast tími til að jafna honum niður á haustvörurnar. Þyrfti því ekkiað koma til landssjóðs kasta að taka á sig þá kostnaðarbyrðina.

Vegna hinna góðu undirtekta, sem till. þessi hefir fengið, vona jeg, að hún fái greiðan og góðan framgang.

Stefán Stefánsson: Vegna þess, hve miklir erfiðleikar eru sjáanlegir á því að jafna að fullu flutningskostnað á innlendum vörum frá hinum ýmsu höfnum, þá vil jeg gera það að minni till., að þessu máli sje vísað til stjórnmálaráðs,

árinna, í því trausti, að hún, í samráði við útflutningsnefndina, rjetti svo hlutmannanna með þennan flutningskostnað, sem hún sjer sjer fært eða gerlegt.

Fastar eða ákveðnar reglur að þessu leyti virðist mjer engan veginn hægt að setja og því verði að fela stjórna og útflutningsnefnd að greiða úr þessu á sem hagkvæmastan hátt eða með sem mestri sanngirni, að við verður komið.

Forsætisráðherra (J. M.): Mál þetta hefir ekki enn verið tekið til sameiginlegrar meðferðar í stjórnmálaráðinu, enda mun ráðuneytið ekki taka fasta afstöðu í því fyr en það hefir ráðgast við útflutningsnefndina. Jeg get sagt sama sem jeg hefi áður látið í ljós, að mjer virðist sanngjarnt, að tekið sje tillit til erfiðleika þeirra, sem sumir kaupstaðir eiga við að búa, vegna ófriðarráðstafananna. Jeg tel víst, að stjórnmálaráðið muni bráðlega taka mál þetta til meðferðar, í samráði við útflutningsnefndina. Frekara get jeg ekki sagt nú.

Matthías Ólafsson: Jeg hefi komið með brtt. á þgskj. 10, til þess að sjávarafurðirnar verði ekki út undan, ef ljett skyldi verða undir með flutning á landbúnaðarafurðunum. Það gleður mig, að að hv. flm. aðaltill. (B. Sv.) hefir tekið vel þessari viðaukatillögu minni.

Jeg sje, að ýmsir örðugleikar geta orðið á því að ákveða fyrirfram, hvernig hinum mismunandi flutningskostnaði skuli niður jafnað; mun því rjettast að gefa stjórnmálaráðinu sem frjálsastar hendur, og má vel vera, að hún geti liðkað málið þannig, að eigi þurfi það að hafa í för með sjer mikinn kostnað fyrir landsjóð, og gæti því verið rjett að afgreiða það með rökstuddri dagskrá, er gengi í þá átt, sem umr. hafa fallið.

Aukakostnaður af flutningi innleudrar vöru.

Pjetur Þórðarson: Jeg neita því ekki, að mikil sanngirni sje í því, að taka till. þessa til greina. En jeg er hræddur um, að þegar farið er að athuga hana vandlega og kryfja til mergjar, þá muni það koma í ljós, að örðugt verði svo um hnútana að búa, að ekki komi fram ósanngirni gagnvart sumum, þegar til framkvæmda kemur. Það er mjög hætt við því, að sumir verði út undan, sem ættu litlu minni kröfu á að fá ljett undir með flutningskostnað en þeir, sem fyrir happinu yrðu. Jeg segi þetta ekki af því, að jeg vilji ekki að bætt sje úr skák fyrir þeim, sem örðugt eiga með flutninga, heldur til að vekja athygli á því, að þörf er á að rannsaka málið ítarlega áður en fullnaðarákvörðun er tekin um það. En eins og hv. flm. (B. Sv.) tók fram, er sjálfsagt að haga því svo síðar, að aukakostnaðinum sje jafnað niður á alla vöruna.

Á einu vil jeg vekja athygli. Það eru til allmiklar útflutningshafnir, sem strandferðaskip koma ekki á, svo sem Borgarnes. Að visu má segja, að ekki sje jafnörðugt að koma vörum þaðan á næstu útflutningshöfn, Reykjavík, eins og á sjer stað sumstaðar annarsstaðar; þó legst allmikill aukakostnaður á vöruflutning þaðan, og væri sanngjarnt, að eitthvert tillit yrði tekið til þessa; annars gæti farið svo, að hjálpin yrði tekin frá þeim, sem litlu betur standa að vígi en hinir, sem hjálpin fá; og enn meir gæti þessa eftir brtt. á þgskj. 10.

Mjer virtust margir hv. þm. greiða atkv. með hálfgerðri óánægju með því, að till. væri vísað til síðari umr. Þeim hefir líklega verið líkt farið sem mjer, að þeir hafi fundið, að mjög mikil vandkvæði eru á máli þessu. Það kann að vera, að ástæða sje til að hlaupa undir bagga með mönnum á einstöku stöð-

um, en jeg sje ekki, að unt sje að gera það alment, og eigi get jeg greitt atkv. með málinu eins og það liggur fyrir í till., en verið getur, að hættulítið sje að sleppa því til stjórnarinnar; en vildi þó ekki láta það fara svo frá deildinni, að jeg tæki ekki þetta fram.

Einar Jónsson: Jeg vil endurtaka það, sem jeg hefi áður látið á mjer skilja, að jeg tel stjórnina þegar hafa heimild til að gera það, sem hjer er farið fram á, ef henni að öðru leyti sýnist það gerlegt og þess vera þörf. En vel gæti jeg greitt atkv. með dagskrá, á þann hátt, sem hv. þm. V.-ísf. (M. Ó.) talaði um.

Pjetur Jónsson: Þetta mál er óþægi-legt viðfangs. Hv. deild vill kasta á-byrgðinni á því frá sjer og varpa henni á stjórnina og útflutningsnefndina. Jeg á að svo stöddu erfitt með að segja nokkuð ákveðið fyrir hönd útflutningsnefndarinnar, því jeg hefi enn ekki átt kost á að bera mig saman við meðnefndarmenn mína um málið. Ætti að fara eftir dagskrá þeirri, sem hv. þm. V.-ísf. (M. Ó.) vildi bera fram, þá mundi vandinn verða æði mikill og til mikils ætlast. Aftur finst mjer betra að fallast á ummæli hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að skjóta málinu beint til stjórnarinnar og fela henni að gera það í því, sem sæi sanngjarnast og hægt við að koma.

Jeg tel, að ekki sje viðlit, að greitt sje fje beint úr landssjóði til þess að ljetta undir með flutningskostnaðinn, heldur geti komið til mála að jafna nokkru niður á vöruna, til þess að jafna skakkaföll, sem fyrir kunna að koma í flutningunum, eða til að greiða eitthvað úr fyrir þeim, sem erfiðast eiga með þá. En eins og jeg hefi bent hv. flm. á, sje jeg ekki, að hægt sje að jafna með öllu

Aukakostnaður af flutningi innlendrar vöru.

misjafna flutningaaðstöðu hafnanna. Nú eru til hafnir, sem strandferðaskipunum er ekki ætlað að koma á, þótt miklar framleiðsluhafnir sjeu, svo sem Vík í Mýrdal og Borgarnes. Eftir öllum atvikum mun varla fært að ljetta af þeim aukakostnaði við vöruflutninga. Svipuðu máli er að gegna með Hornafjörð, en þó ekki alveg hið sama. Það til of mikils ætlast, ef það er heimtað, að allir standi jafnt að vígi með vöruflutninga meðan á ófriðnum stendur, og ekki verður það svo, þegar sú tíð kemur, að ófriðnum linnir og verslunin verður aftur gefin frjáls. En þau atvik geta þó komið fyrir, að fyrir ihlutun hins opinbera eða af öðrum ástæðum mæli öll sanngirni með, að einstökum mönnum eða kaптúnunum sje rjett hjálparhönd til að koma burt vörum, án mjög mikils aukakostnaðar fyrir þá.

Flm. (Benedikt Sveinsson): Jeg get eftir atvikum fallist á till. hv. 1. þm. Eyf. (St. St.), að málinu sje vísað til stjórnarinnar, einkum nú, eftir að jeg hefi heyrt undirtektir hv. þm. S.-þ. (P. J.) og hæstv. forsætisráðherra. Aftur á móti get jeg ekki hallast að till. hv. þm. V.-Ísf. (M. Ó.); hún er of viðtæk, þar sem ætlast er til, að landssjóður hlaupi undir bagga og ljetti flutninga fyrir alla, og eins þótt flutningaerfiðleikarnir stafi ekki af því sjerstaka ástandi, sem vjer eigum nú við að búa.

ATKVGR.

Till. vísað til stjórnarinnar með skirskotun til 41. gr. þingskapanna með 14 shlj. atkv.

II.

Vikið frá umræðum.

Vantraustsyfirlýsing.

Á 5. fundi í Nd., laugardaginn 7. sept., og á 3. fundi í Ed., sama dag, var útbýtt

Tillögu til þingsályktunar um vantraustsyfirlýsing (A. 8).

Á 2. fundi í Sp., mánudaginn 9. sept., kl. 1 miðdegis, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skuli.

Að tillögu forseta var ákveðin ein umr.

Á 3. fundi í Sp., sama dag, kl. 1 og 10 mín. miðdegis, var till. aftur tekin til einnar umr. (A. 8, 9).

Afbrigði um, að till. mætti þegar taka til meðferðar, leyfð og samþ. án atkvgr.

Flm. (Sigurður Stefánsson): Aðal-skilyrðið fyrir því, að löggjöf og stjórn í þingfrjálsum landi geti farið vel úr hendi og orðið þjóðinni notadrjúg í öllum greinum, eru þau tvö, að stjórnin sje sterk og að stjórnin sje starfhæf.

Því meir sem brestur á þessa aðal-kosti stjórnarinnar, því meiri hætta er á því, að löggjöf og stjórn landsins fari í ólestri og ólagi.

Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

Og því meira sem það ólag er, því skaðvænlegri afleiðingar hefir það fyrir allan þjóðarhaginn og því ótryggara verður stjórnarharið í landinu.

En þegar talað er um styrkleika þingbundinnar stjórnar, er það fyrst meint, að stjórnin hafi traust fylgi meiri hluta þingsins, og milli hennar og þess meiri hluta sje góð og framkvæmdarsöm samvinna í öllum þeim málum, er miklu skifta fyrir hag þjóðarinnar, og í öðru lagi, að stjórnin, sje hún skipuð fleiri en einum manni, sje innbyrðis samhent og samvinnufús.

Með starfhæfi stjórnarinnar er það meint, að þeir menn, sem hana skipa, sjeu hver um sig og allir í einu vaxnir þeim störfum, sem þeir eiga með að fara í þarfir þjóðfjelagsins.

Þetta er nú svo viðurkendum sannleikur í öllum þingfrjálsum löndum, að jeg býst ekki við, að nokkur sá maður, sem hjer er inni, hvort sem hann situr á þingbökkjunum eða utan þeirra, dirfist að vefengja hann.

Og þegar litið er til þess vandræða-ástands, sem nú er í heiminum, hefir það aldrei verið meiri lífsnauðsyn fyrir hverja þjóð, og þá ekki síst fyrir oss, eina fátækustu og fámennustu þjóð

Vantraustsyfirlýsing.

heimsins, að eiga þá stjórn, sem er sterk og starfhæf og því líkleg til þess að geta stýrt þjóðarskútunni sem slysaminst gegnum brim og boða þeirrar öldu, sem nú gengur yfir allan heiminn.

Jeg ætla nú ekki að fara út í það, að þessu sinni, með hverjum atburðum það varð, á þinginu 1916, að stjórninni úr einmennisstjórn var breytt í þessa þrímennings-, eða þríhöfðuðu stjórn, eins og sumir segja, sem nú er.

Jeg var ekki á því þingi, og mér dettur ekki í hug að væna þá menn, sem þar áttu hlut að máli, neinna ósæmilegra hvata, er ráðið hafi þessari ráðbreytni þingsins, að fjölga mönnum í stjórninni. Fyrir því gátu verið og voru sjálfsagt töluverðar ástæður, og þá aðallega sú, að þessi þrímenningsstjórn yrði betur vaxin störfum sínum en stjórn í höndum eins manns og það á þessum vandræðistímum, sem þá voru þegar gengnir í garð á landi voru.

En það þori jeg að fullyrða frammi fyrir öllum þingheimi og frammi fyrir allri þjóðinni, að þinginu 1916—17 hefir alveg mistekist að setja á laggirnar sterka og starfhæfa stjórn, í heild sinni, og að sá ágalli þrímenningsstjórnarinnar hefir miklu fremur farið vaxandi en minkað við þær breytingar, sem síðan hafa orðið á stjórninni.

Og þessa fullyrðingu mína ætla jeg nú að reyna að rökstyðja með nokkrum orðum.

En jeg vil þegar í byrjun taka það skýrt fram, að þegar jeg deili á núverandi stjórn, sem veika, lítilsiglda og óstarfhæfa stjórn, sem jeg get ekki borið traust til, þá snertir það ekki á nokkurn hátt þá menn, er hana skipa, sem „privat“-menn; sem slíkir eru þeir undantekningarlaust í mínum augum góðir drengir og heiðursmenn.

Sú viðurkenning er að visu, hvorki af mér nje öðrum, neinnar þakkar verð, en rjett þykir mér þó að drepa á þetta.

Veikleiki þessarar stjórnar er fólgin í því, að hún hefir frá upphafi ekki haft neinn ákveðinn þing-meiri-hluta eða flokk að baki sjer.

Hún er getin og fædd af jafnmörgum flokkum í þinginu og mennirnir eru margir í henni, og það er svo langt frá því, að nokkur þeirra flokka, er stóðu að myndun hennar, hefði afl atkvæða í þinginu eða væri meiri hluta þingflokkur, að sá fjölmennasti þeirra taldi 15 manns, annar röskan $\frac{1}{4}$ og hinn þriðji að eins $\frac{1}{4}$ hluta þingsins.

Um nokkra samvinnu milli þessara flokka eða flokksbrota um myndun stjórnarinnar var ekki að ræða. Hver vildi þar sínum tota fram ota, og það brot á allsherjarreglu í skipun hvernar þingbundinnar stjórnar var þegar í byrjun framið, að sá maður, sem tók að sjer formensku stjórnarinnar, fjekk engu um það ráðið, hverjir urðu samverkamenn hans í stjórninni.

Þeir voru settir upp á hann nauðugan viljugan.

En með þessu var numið burt af þingsins hálfu öll trygging fyrir góðri og heillaríkri samvinnu fyrir landið.

Reynslan hefir líka sýnt það á þessum stutta tíma, að stjórnin er sjálfri sjer sundurþykk í afskiftum sínum af sumum og það ekki lítilvægustu málunum, sem síðan hafa komið á dagskrá þingsins.

Skal því til sönnunar nefnt fossamálið og skólamálið á þinginu 1917.

Í báðum þessum málum var hver höndin upp á móti annari í stjórninni, og getur maður sannfærst um það af þingtiðindunum 1917.

Um skólafrestunarmálið er það kunn-

Vantraustsyfirlýsing.

ugt, að einn ráðherra var með frestun, annar eindregið móti, og sá þriðji hallaðist til beggja hliða.

Þá eru tvö stórmál, sem af millipinganefnd hafa verið búin í hendur stjórnarinnar. Annað er Flóaáveitumálið, eitt stærsta landbúnaðarmálið, sem lagt hefir verið fyrir þingið, og hefði því mátt við því búast, þegar landbúnaðarráðherra var skipaður, að hann hefði veitt því máli nokkra athygli. En hvað gerir sá góði maður? Hann stingur því algerlega undir stól. Hvort hann hefir gert það með ráði samverkamanna sinna, skal jeg ekkert um segja, en það eitt er vist, að málið hefir sofið síðan.

Í öðru lagi er launamálið, sem líka var rækilega undirbúið af millipinganefnd. En í því hefir stjórnin ekkert gert, nema slíta út úr einstök atriði, sem orðið hafa orsök til hins óskaplega glundroða og óreiðu, sem á þinginu í sumar stappaði stjórnarskrárbroti næst.

Heyrði jeg það, mjer til gleði, í fyrradag, að hæstv. forsætisráðherra var farinn að fá eftirþanka af þeirri óreiðu, er stafaði af fjárbrutlinu á síðasta þingi, sem alt var veitt með þingsályktunum, og varaði hann við slíkum fjárreiðum.

En þetta er fátt eitt af mörgu um samvinnu, eða öllu heldur samvinnuleysi. Stjórnarinnar innbyrðis — hjer er enn meira blóð í kúnni.

Sundrungin í stjórninni hefir jafnvel gengið út yfir takmörk alls stjórnarlegs velsæmis.

Hæstv. fjármálaráðherra (S. E.) hefir látið það blað, sem talið er málagn hans, ráðast á embættisbróður hans, forsætisráðherrann, fyrir veiting á lögreglustjóraembættinu í Reykjavík, sem frá almennu sjónarmiði var alveg óaðfinnleg og eftir atvikum alveg rjett.

Er sú árás talið bygd á því, að hæstv. fjármálaráðherra tókst ekki að koma í þá stöðu einum af þáverandi tryggu fylgifiskum sínum.

En þetta er eitt hið óskaplegasta fyrirbrigði í einni landsstjórn og hlýtur skemmilega að skerða virðingu og traust þess ráðherra, sem í hlut á, og auk þess allrar stjórnarinnar, í augum heilskygnra og óhlutdrægra manna.

Hjer er ekki um stjórnarfarslegan veikleika að ræða, heldur sjúkdóm á stjórninni, sem hlýtur að hafa sýkjandi áhrif á alt stjórnarfarið í landinu.

Hinn stjórnarfarslegi veikleiki stjórnarinnar gagnvart þinginu, samfara samvinnuleysi hennar, veldur því, að hún hefir hvorki þann hug nje dug, sem hver sæmileg stjórn, skipuð eftir þingræðisreglum, verður að hafa, eigi hún að standa sæmilega í stöðu sinni.

Svona stjórn getur ekki lagt eitt einasta mál fyrir þingið, sem nokkru skiftir, nema með ótta fyrir því, að það verði drepit i höndunum á henni.

Hún hefir líka kvartað undan slíku, þótt það hafi ekki getað leitt til þess, að hún segði af sjer; til þess hefir hana brostið siðferðilegan og pólitískan þroska.

En með þessu móti hefir hún engan trygghan meiri hluta í þinginu, til samvinnu við sig í velferðarmálum þjóðarinnar.

Þegar hún vill fara í norður, fer einn þingflokkurinn í suður, annar í austur og flokksleysingjarnir í vetur; þetta verður því sífeldur reipdráttur, landinu til skaða og góðum mönnum til skapraunar.

En með þessum hætti er lömuð öll sameiginleg ábyrgðartilfinning stjórnarinnar fyrir gerðum sínum, og úrræði hennar út á við verða óyndisúrræði og

Vantraustsyfirlýsing.

fálm, þannig að ráðherrarnir afsaka sig hver í sínu lagi, með því að þetta eða hitt málið, sem gloprast hefir úr höndum þeirra, hafi ekki heyrð undir hin sjerstöku verksvið þeirra í stjórninni.

En með því er sýnt, að þeir þykjast ekki bera neina sameiginlega ábyrgð gerða sinna.

En þetta leiðir af öngþveiti því og úlfakreppu, sem þeir eru í á þinginu.

Þá skal jeg vikja að síðara aðalskilyrðinu fyrir góðu stjórnarfari í landinu, því skilyrðinu, að stjórnin sje í heild sinni starfhæf. Með því meina jeg auðvitað, eins og öllum má ljóst vera, að stjórnin öll sje skipuð þeim mönnum, sem treysta má, bæði að því er til aldurs þeirra kemur, stjórnmalaflokka þingsins, reynslu og æfingar í löggjafar- og stjórnmalum og áberandi dugnaðs þeirra í fyrri stöðu sinni í þjóðfjlaginu, að ógleymdum heiðarleik þeirra í öllum greinum, til þess að fara með stjórn landsins því til gagns og sóma.

Jeg verð nú að lýsa því yfir fyrir hönd okkar flm. vantrauststill. á þgskj. 8, að frá okkar sjónarmiði hefir þinginu 1916—1917 eða þeim flokki, sem studdi atvinnumálaráðherra núverandi til valda, mistekist hrapallega. — Að heiðarleikanum einum undanskildum hafði sá góði maður enga þá kosti til að bera, sem gátu gefið vonir, enda veikar vonir, um, að hann væri vaxinn þeirri vanda-sömu stöðu og það á þessum tímum.

Hann var maður kominn á fallanda fót, sökum aldurs, maður, sem aldrei hafði komið nærri löggjafar- eða stjórnmalum, maður, sem aldrei hafði á þingi setið, maður, sem vantaði þekkingu í flestum þeim málum, sem hlutu að koma til hans kasta í stjórnarsessinum.

Þessum gamla og alveg óreynda manni á öllum þeim sviðum, er hann

átti að starfa á, lyftu einir 12 menn af 40 upp í stjórnarsessinn, þann sessinn í stjórninni, sem á öllum tímum, en ekki sist nú, útheimtir mesta fyrirbyggju og hagsýni, mesta þekkingu á þeim margbreyttu og margþættu málum, er undir hann heyra. Á herðum þessa manns hvilir velferð þjóðarinnar í mínum augum jafnvel frekar en á hinum ráðherranum.

Jeg skal nú ekki áfella þingið eða þá góðu menn, sem 1916—17 báru svomikið traust til þessa heiðursmanns, heldur ekki hann sjálfan, því það er jafnan örðugur hlutur að þekkja sjálfan sig rjettilega.

En fyrir það munu margir áfella þennan flokk, að augu hans hafa enn ekki opnast fyrir því, að það traust, er þeir báru til hans 1916, hefir reynst oftraust og sár vonbirgði öllum þeim, sem þá gerðu sjer nokkrar vonir um hann í þessari stöðu.

Það væri ekki rjett af okkur, flm. þessarar vantraustsyfirlýsingar, að reyna ekki að færa nokkur rök fyrir þessu vantrausti okkar, og skal það því gert með nokkrum orðum, þótt margt geti auðveldlega fallið úr, sem þörf væri á að taka fram í því efni.

En fyrir mína hönd, sem flytjanda viðaukatillögu á þgskj. 9, um vantraust á núverandi fjármálaráðherra, skal jeg geta þess, að jeg fyrir mitt leyti læt hann að miklu leyti eiga óskilið mál við atvinnumálaráðherrann, þar sem hann (fjármálaráðh.) samkvæmt stöðu sinni á sjerstaklega að vaka yfir fje landsins, tekjum þessum og gjöldum og vera atvinnumálaráðherrans önnur hönd við hagtæringu þess í þarfir landsins.

Það vill nú vel til, að ekki þarf að þessu sinni að ganga í grafötur um mistökin, skakkaföllin og afglöpin, sem

Vantraustsyfirlýsing

orðið hafa undir stjórn atvinnumálaráðherrans, og fjármálaherrann er ýmist beint eða óbeint samsekur um. Þau gögn liggja alþjóð til athugunar í Alþingistiðindunum frá þinginu í vor og sumar. Skal þá fyrst nefndur Tjörnesnámu-reksturinn, sem nefndur hefir verið Tjörneshitin. Skýrslu um ráðsmensku atvinnumálaráðh. yfir starfrækslu þessarar námu er að finna á þgskj. 111 frá síðasta þingi. Sú skýrsla, svo óhlutdræg sem hún er í öllum greinum, sýnir svo frámunalegt eftirlitsleysi, hirðuleysi og ráðleysi af hálfu atvinnumálaráðherra, að það eitt væri ærið nóg efni til þessarar vantraustsyfirlýsingar. Landinu blæddi fyrir þá frammistöðu hans á annað hundrað þúsund króna, og fyrir því tapi gat hann ekkert borið í bæti-fláka.

Þá kemur dýrtiðarvinnan í Öskjuhlíð, eða öðru nafni Öskjuhlíðarfarganið. Um þá ráðsmensku stjórnarinnar, sem fjármálaráðh. mun aðallega hafa haft á hendi, nægir að visa til skýrslu fjárhagsnefndar á þgskj. 474. Skýrsla þessi stendur óhrakin í öllum greinum. Af henni sjest, að ráðlauslega hefir verið stofnað til þessarar vinnu, hún ráðlauslega rekin, og fje landsins mokað í hana í hinni mestu ógegn. Kostnaðurinn við þessa vinnu varð í liðuga 4 mánuði liðugar 93 þúsundir, en afurðir allar um 38 þúsundir í nokkrum grjóthrúgum hjer í Öskjuhlíðinni, sem engin trygging er fyrir að ekki verði horfnar, er landssjóður þarf að notfæra sjer þær. Blóðtaka landssjóðs þarna, er frá eru reiknuð verkfæri o. fl., sem keypt var til vinnunnar, um 40 þús. kr.

Þá skal jeg minnst lítið eitt á afskifti stjórnarinnar, og sjerstaklega atvinnumálaráðherra, af landsversluninni. Um það mun ekki lengur deilt, hvort

það hafi verið rjett og nauðsynlegt, að stjórnin tæki verslun landsins að meira eða minna leyti í sínar hendur. Öllum mun nú ljóst orðið, að á því var full nauðsyn. En á því var frá byrjun ekki minni nauðsyn, að hún fæli forstöðu þeirrar verslunar mönnum með viti, þekkingu og reynslu á því vandasama verki. Afskifti stjórnarinnar af þessu máli heyra nánast undir atvinnumálaráðherra. Frá því hann tók við stjórninni og þar til um síðastliðin áramót voru framkvæmdir stjórnarinnar í verslunarmálinu og öll stjórn hans á versluninni í hinum afskaplegasta ólestri. Hvert axarskaftið rak annað, og alt var að fara í grænan sjó undir handarjaðri atvinnumálaráðherra. Við öðru var ekki heldur að búast, þar sem atvinnumálaráðherra braut frá öndverðu þá sjálfsögðu fyrirhyggju, að fela alla forstöðu verslunarinnar færum mönnum, en ljet í stað þess atvinnu-málaskrifstofuna, sem hafði engum verslunarfróðum manni á að skipa og var auk þess önnur kafin í öðrum störfum, vera að vasast í verslunarstjórninni. Enn sem komið er er það ekki komið í ljós, hvilíkt stórtjón landið hefir beðið við þetta háttalag, en fyrir því eru miklar heimildir, að það hafi numið mörgum hundruðum þúsunda kr., að jeg ekki nefni miljónir, sökum þess sleifarlags, sem var á þessari verslun undir stjórn atvinnumálaráðherra, og mun það koma í dagsbirtuna, verði verslunarreikningarnir lagðir undir opinbera endurskoðun, eins og nú er til ætlast af þinginu. Þessa frámunalegu verslunarstjórn klyktu þeir atvinnu-mála- og fjármálaráðherrarnir út með sykruhneykslinu alræmda, sem var tilraun til þess að leggja 300—400 þúsund kr. skatt á þjóðina í upphækkuðu sykerverði, skatt,

Vantraustsýfirlýsing

sem hlaut að koma niður á fátækasta og bágstaddasta hluta hennar. Þann dag í dag hefir þeim ekki tekist að rjettlæta með nokkru viti þessa fáránlegu ráðbreytni sína, og mun aldrei takast það.

Þá verð jeg að minnast lítilfjörlega á afskifti atvinnuáráðh. af Landsbankanum. Sú vesalings stofnun hefir frá upphafi yega sinna verið leiksoppur í höndum hinna pólitísku flokka í landinu, og sá leikur hefir ekki orðið endasleppur í valdatið atvinnuáráðherra, sem þessi stofnun heyrir undir. Fyrst byrjar hann með að vikja úr bankanum valinkunnum sæmdarmanni, sem þar hafði verið settur af fyrverandi stjórn, án þess að til þess væru nokkrar ástæður aðrar en þær, að öðrum manni af sauðahúsi ráðherra þurfti að koma þar að. Síðan er það látið uppi sem eitt af aðalatriðum í stefnuskrá flokksblaðs ráðherra, að Landsbankann þurfi að endurreisa og endurbæta, meðal annars með því að fá í stjórn hans sjerfróðan mann um bankamál, helst útlendan. Því næst er á þinginu 1917 gerð gangskör að því frá stjórnarinnar hálfu að koma með lögum nýju skipulagi á stjórn bankans, fjölga bankastjórunum, án þess að nokkur ósk eða áskorun lægi fyrir um það frá bankastjórninni. Það mál gekk fram, og hugðu nú margir, að hin ráðgerða endurbót á stjórn bankans kæmist í verk. En hvað skeður? Maður, sem aldrei hefir við bankastörf fengist og er án allrar sjerþekkingar í þeim efnum, er settur í hina nýju stjórn, og endurbótin enn ekki komin í verk. Svo skal jeg ekki rekja þá sögu lengra.

Þá má nefna annað afrek atvinnuáráðherra á veitingum á öðrum störfum, er undir hann heyra. Er þar skemst á að minnast veitingarinnar á póstafrageiðslustarfinu á Seyðisfirði nú í

sumar. Um þá sýslan sóttu vist einn eða tveir þaulvanir menn við póstafrageiðslu, og hafði að minsta kosti annar þeirra bestu meðmæli póstmeistara, sem væntanlega þekkir best til þeirra mála og hefir þyngstu ábyrgðina á því, að öll póstaðörf landsins sjeu vel og samviskusamlega rækt og í höndum æfðra og vandaðra manna. En um starfið sótti líka maður úr flokki ráðherra, og að mörgu leyti ofurmikið inn undir hjá honum, en hafði aldrei við póstafrageiðslu fengist og var því starfi bráðökunnur. Þessum manni veitir ráðherrann póstafrageiðsluna á þessum stað, sem einna mest riður á vel færum og æfðum manni, þar sem Seyðisfjörður er miðstöð simasambandsins milli Íslands og útlanda, og öll viðskifti landsins við útlönd ganga því gegnum þennan stað. Og þetta gerir ráðherrann þvert ofan í tillögur póstmeistarans. Oft hefir þótt bresta á nægilegt rjettlæti í embættaveitingum og ýmiskonar sýslana hjer á landi, en öllu meira ranglæti hefir ekki verið framið nú nýlega í þeim sökum en þessi veiting er ranglæti gegn póstmeistara, einum hinum árvakrasta og kostgæfnasta embættismanni landsins, og ranglæti gegn umsækjandanum, sem staðið hafði þryðilega í stöðu sinni, en fjekk ekki að komast að fyrir allsendis óreyndum manni. Það er lítil hvöt fyrir starfsmenn landsins að reyna til að standa vel í stöðu sinni, þegar það er jafnlitils metin af þeim, sem völdin hafa, og hjer varð raun á, og þarf ekki að útlista, hver áhrif slijk hlutdrægni stjórnarinnar getur haft á embættis- og sýslunarmannastjett landsins. Mestar og bestar framtíðarvonirnar verða á því byggðar, að nugga sjer sem rækilegast upp við þá, sem veitingavaldið hafa.

Að lokum eitt atriði í þessu syndare-

Vantraustsyfirlýsing.

gistri atvinnumálaráðherrans. Jeg hefi það frá áreiðanlegum heimildum, að fyrir nokkru sje þegar búíð að ávísu úr landssjóði síðan á nýári hartnær 300 Íþús. kr. til veg- og brúargerða í landinu. Í vegabótakafla fjárlaganna er sú athugasemd frá Alþingi, að stjórninni sje heimilað að færa fjárveitingar fyrra árs fjárhagstímabilsins til brúargerða yfir á síðara árið, og sömuleiðis að fresta algerlega brúargerðum á fjárhagstímabilinu, ef örðugleikar verða á að fá efni og vinnu vegna dýrleika. Þetta fyrra ár fjárhagstímabilsins, 1918, er fjárveiting þingsins til vegagerða og brúargerða um 209 þús. kr. Allri þessari upphæð er stjórnin þegar búin að verja til brúa- og vegagerða, og þó er víst eftir að útborga mikið af vegabótafje á þessu ári, svo upphæðin getur nálgast alla vegabót- fjárhæðina á fjárhagstímabilinu, sem er um 450 þús. kr. Mikill hluti þessa fjár er útborgaður bæði til brúargerðar og til vegagerðar, sem alls ekki er heimilað fje til í fjárlögunum. Nefni jeg þar til Hafnarfjarðarveginn svo nefnda, sem kostað var til í vetur í dýrtíðinni 65 þús. kr., auk verkfæra og vjela fyrir 25 þús. kr.

Þegar litið er til þess fjárhagsvoða, sem nú vofir yfir landinu, þá var það sannarlega skylda stjórnarinnar að fara svo gætilega með vegafje landsins, sem nokkur kostur var á, og eyða því ekki til annara vegabóta en þeirra, sem ekki máttu dragast vegna brýnna nauðsynja landsmanna. Í þá átt fer og athugasemd fjárlaganna, er jeg nú nefndi. Stjórninni var því skylt að haga sjer eftir þeirri athugasemd, þar ekkert útlit var fyrir, að fjárhagsvandræðin mundu minka, heldur þvert á móti yxu með ári hverju. Heimild þingsins í þessu efni

er því í raun og veru sama sem skipun til stjórnarinnar að gæta alls sparnaðar. En hvað gerir hún svo? Hún gengur alveg fram hjá þessari athugasemd þingsins, lætur byggja brýr á þessu ári, og það sem verra er, eyðir tugum og jafnvel hundruðum þúsunda í vegi, sem alls ekki er nokkur heimild til að verja því fje til samkvæmt fjárlögunum, og virðir þannig að vettugi þau lög, sem henni eru sett um fjárreiður landssjóðsins, og etur þannig á fyrsta ári fjárhagstímabilsins mestalt vegabótafje beggja árana.

En samtímis því, að fje landsins er þannig sukkað í engri lagaheimild, hefir stjórninnin lagst undir höfuð að vinda bráðan þpg að því, að láta gera við eitt hið stærsta og þarflegasta mannvirki og vegabót á þessu landi, Ölfusárbrúna, sem eftir hennar eigin sögn, bygðri á skýrslu vegamálastjóra, liggur undir stórskemmdum, ef ekki er við hana gert, og eins og sjálfsagt var stóð ekki á fjárveiting á síðasta þingi til viðgerðarinnar, og fylgdi henni bein áskorun til stjórnarinnar um að koma viðgerðinni þegar í verk. En jeg heyri sagt, að enn sje ekki neitt farið að hreyfa við aðgerðinni. Jeg skal ekkert um það segja, hvernig á því stendur. En ef ekki vantar efni til viðgerðarinnar, þá er hjer um ófyrirgefana vanrækslu að ræða af stjórnarinnar hálfu, láti hún ekki vinna verkið í sumar, og jafnvel komið í ótima, þótt hún ranki nú við sjer og láti hjer eftir fara að byrja á því; og þetta skeður samtímis því, sem fje er bruðl- að út í heimildarleysi.

Það mátti þó segja um Tjörnes- hneykslið og Öskjuhlíðarfarganið, að þar var þó stjórnin að myndast við að framkvæma dýrtíðarráðstafanir sam-

Vantraustsyfirlýsing.

kvæmt gildandi lögum, þótt þessar frankvæmdir færu í hörmulegum handaskolum; en með þessu aðgerðaleyfi sínu er hún að brjóta fjárlög landsins frammi fyrir sjálfu þinginu og öllum landslýð.

En stjórnin gerir meira ilt með vegabótaráðstöfunum sínum um lög fram en að hún brjóti fjárlögin; hún ræður fjölda af verkalyð landsins til að framkvæma lögbrotin, um aðalannatíma landbúnaðarins, er honum riður lífið á að fá sem mestan vinnukraft, og hún sprengir upp verkalaunin fyrir landbúnaðinum með gifurlegu kaupum í þessari vegavinnu. Með þessu gerist stjórnin keppinautur landbúnaðarins, og torveldir honum að fá vinnukraft um hábjargræðistímann. Það gerast nú fleiri keppinautar landbúnaðarins en sildveiðamennirnir, og sist var þess að vænta, að landsstjórnin yrði til þess, og það þvert ofan í tilætlun þingsins að þessu sinni. Þetta gerist undir forustu sjálfs landbúnaðarráðherra, bænda- vinarins og bændaforkólfsins, sem þykist bera hag bændaþjettarinnar sjerstaklega fyrir brjósti. Hvað segja bændur og búalið um þessa ráðbreytni, hvað segir þingið, hvað segir þjóðin?

Samkvæmt fyrirbyggjandi skýrslum frá síðasta þingi, bæði frá fjármálaráðherranum sjálfum og fjárhagsnefnd þingsins, veltur tekjuhalli landssjóðs eftir þetta fjárhagstímabil á miljónum króna, að ótöldum þeim hundruðum þúsunda, sem þingið í sumar veitti úr landssjóði, og þingkostnaði á báðum aukabingunum; nema allar þær upphæðir sjálfsagt um hálfu miljón króna. En samfara þessu voðalega útfiri úr landssjóði tæmast tekjulindir hans óðum. sökum aðflutninga- og útflutningateppu á útlendum og innlendum vör-

um, og sökum stórkostlegs áfellis, sem annar aðalatvinnuvegur landsins, landbúnaðurinn, verður fyrir af yfirstandandi hallæri.

Þess hefði mátt vænta, að stjórnin hefði athugað þetta í öllum afskiftum sínum af fjármálum landsins; og hún hefði átt að forðast eins og heitan eldinn að leggja fje fram til nokkurs þess, sem ekki var bráðnauðsynlegt að framkvæma þegar í stað, enda var sú tilætlun þingsins 1917.

Sá tími getur fyr eða seinna gengið í garð, að landssjóður geti ekki int af hendi skyldugjöld sin, svo sem laun embættis- og starfsmanna landsins, nema með lántökum á lántökur ofan. Jeg vildi óska, að þetta kæmi ekki fyrir, en það getur komið fyrir, og ekkert líklegra en að það komi fyrir, ekki sist ef eins gálauslega og ráðlauslega er farið með fje landsins eins og gert hefir verið undir forustu þessarar stjórnar, og sama vandræðaástandið, sem er í heiminum, helst enn um nokkur ár.

Jeg þykist nú hafa sýnt nokkuð fram á það, að hin núverandi stjórn sje í heild sinni hvorki nógu sterk nje nógu starfhæf til þess að geta staðið vel í stöðu sinni, og á jeg þar, hvað starfhæfnisleysið snertir, einkum við hinn núverandi atvinnuáráðherra, einkum þegar litið er líka á samvinnuleysi stjórnarinnar innbyrðis og eftirlitsleysi fjármálaráðherra, sem engu síður, nema fremur sje, en atvinnuáráðherra- um, og reyndar forsætisráðherra- um, líka, ber að hafa stöðugar og nánar gætur á fjárhag landsins á þessum erfiðu tímum.

Það traust, sem þessi stjórn hafði hjá þinginu í upphafi, er óðum að þverra. Þessir ráðherrar, að minsta kosti fjármála- og atvinnuáráðherrarinnir,

Vantraustsyfirlýsing.

verða með ári hverju meiri og meiri flokksbrotaráðherrar; það kvarnast í sífellu utan af þeim brotum, er í öndverðu fylktu sjer um þá. Atvinnumálaráðherrann stendur nú með 7 menn að baki sjer, og fjármálaráðherrann með 9, eða öllu heldur ekki nema 7, því að varla er gerandi ráðfyrir, að þeir tveir þm. úr hans flokki, sem telja hann hafa selt hin helgustu rjettindi landsins í hendur annarar þjóðar, geti framvegis fylgt honum, sje þeim annars nokkur alvara. Þar má þó segja, að mál gæti flokkum skift, og flokksbrotin, sem eftir eru, eiga í raun og veru engan tilverurjett sem pólitiskir þingflokkar; það eru ekki nein mál, sem skifta lengur flokkum hjer í þingi. Það eru menn, það eru þessir þrir ráðherrar, sem hvert brotið um sig hefir ekki getað slitið sig frá, og af því fer óánægjan með stjórnina sífelt vaxandi hjá fylgismönnum hennar, ef nokkuð má marka það, sem þm. tala hver við annan. Þessi óánægja er orðin svo mögnuð í flokksbroti atvinnumálaráðherrans, að hans eigin flokksmenn hafa gert tilraun til að losast við hann í kyrþey, þótt þá nú kunni að bresta þrek til að láta það opinberlega í ljós. Stjórnin er þinglaus, þingið er stjórnlaust, eða með öðrum orðum: stjórnina vantar það fylgi í þinginu, sem henni er bráðnauðsynlegt til að vera nokkurn veginn sterk stjórn; og þingið vantar stuðning stjórnarinnar, til þess að geta int löggjafarstarfið viðunanlega af hendi, sökum þess, hve stjórnin er veik og óstarfhæf í heild sinni. Það er enginn flokkur til í þinginu, sem getur tekið á sig ábyrgð á stjórnarfarinu í landinu, af því að enginn meiri hluti hefir til þessa fengist til þess að styðja hina núverandi stjórn; henni hefir verið lofað að lafa, sem maður segir, af per-

Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

sónulegum hvötum, en ekki pólitískum ástæðum. Hjer dugir ekki að vitna í samsteypuráðuneyti annara landa; þar hafa flokkarnir komið sjer saman um að styðja alla stjórnina leynt og ljóst. En hjá oss er þessu nokkuð öðruvísi háttað; hjer eru 15 þingmenn að pota sjer með forsætisráðherrann, 7 með atvinnumálaráðherrann og 9 með fjármálaráðherrann; hjer vantar samvinnuna; og dettur nokkrum í hug, að þingið geti með sliku fyrirkomulagi unnið svo sémilegt sje og gegnt skyldu sinni sem „normalt“ þing? Í því skil jeg ekki. Jeg segi, að þingið sje sjúkt, og alt stjórnarferið er að sýkjast. Það getur verið, að einhverjir geti haft hag af þessum sjúkleika stjórnarfarsins, en vonandi nær það ekki til þeirra, sem á þingbekkjunum sitja; væri svo, ættu þeir að hverfa þaðan hið skjótasta. Stjórnarferið fer síversnandi, en jeg kenni það ekki svo mjög stjórninni sjálfri, sem hinu, hvernig hún er til orðin og hve stuðningslaus hún er.

Já, stjórnarferið fer síversnandi; utan um hæstv. atvinnumálaráðh. safnast óhlutvandir miðlungsmenn, sem nota sjer elli hans og ósjálfstæði sjer til eigin hagsmunabóta, en honum til stórkostlegs álitshnekkis. Hann gerir landinu mest gagn með því að segja af sjer þessu embætti, sem hann aldrei var maður til að gegna, og hann gerir sjálfum sjer mestan greiða með því, úr því sem komið er. Það er raunalegt, að gamli maðurinn skilur þetta ekki. Við flutningsmenn þessarar till. þjuggumst nú reyndar ekki við, að hann tæki þetta þjóðráð bæði fyrir sjálfan sig og landið, og þess vegna neyddumst við til að flytja þessa vantraustsyfirlýsingu.

Þingið getur bætt úr því vandræða-

Vantraustsyfirlýsing.

ástandi, sem nú er með stjórn landsins, ef það vill, og þessi till. ásamt viðauka-tillögumni á að leiða það í ljós, hvort þingið vill það; atkvæðagreiðslan um þessa till. á að sýna, hvort sú almenna óánægja, sem í orði kveðnu er ríkjandi í þinginu með stjórnina, eins og hún er skipuð, er nokkuð annað en orðin tóm. Vill þingið eiga það á hættu um óákveðinn tíma, að fje landsins sje sukkað í hundruðum þúsunda króna? Vill þingið horfa aðgerðalaust á það ranglæti, sem þessi stjórn hefir beitt gagnvart einstökum mönnum, eins og t. d. Seyðisfjarðarhneykslinu? Vill þingið eiga það á hættu, að landsverslunin komist aftur í sömu óreiðu, er þeirra manna missir við, sem nú veita henni forstöðu, og mjer er fullur grunur á, að geti orðið fyr en varir? Og jeg treysti sannarlega ekki hæstv. atvinnumálaráðh. og hæstv. fjármálaráðh. til að skipa aftur vel í þær stöður, ef einhver snikjudýr knýja fast á náðardyr þeirra. Vill þingið horfa aðgerðalaust á, að fjárlög landsins sjeu að nauðsynjalausu fótum troðin af stjórninni og fjárhag landsins með því teflt í enn meiri voða?

Það erum ekki við einir flutningsmenn þessarar vantraustsyfirlýsingar, sem leggjum þessar spurningar fyrir hið háttvirta Alþingi; þær hljóta að hljóma frá vörum hvers einasta kjósanda í landinu, sem nokkuð hugsar um ástandið sem nú er. Allir kjósendur, öll þjóðin ber hana upp og heimtar henni svarað.

Því hefir verið varpað fram af sumum hv. þm. í mín eyru, að við ættum ekki vól á hæfari mönnum í stjórn landsins en nú eru í henni, og þess vegna yrðum við að sætta okkur við hana, meðan hún sjálf vildi sitja, hve óánægðir sem við værum með hana; og jeg hefi jafnvel verið heimskaður fyrir að hafa

borið fram till. þessa. Slikum örvæntingaraugum hjelt jeg að enginn þingmaður gæti litið á þetta mál. Jeg veit vel, að því lengur, sem þessi stjórn, eins og hún er skipuð, lafir við völdin, því torveldara verður að fá menn til að moka þann flór, sem hún skilur eftir.

En guð hjálpi þessari þjóð, ef hún á að sitja árum saman með þessa stjórn, af því að ekki sje vól á færari mönnum, eða þeir ófáanlegir til að taka að sjer stjórn landsins; það er sú aumasta þrotalýsing á mannviti og stjórn málaþroska þjóðarinnar frá þingsins hálfu.

Vjer fögnum fengnum sigri í sjálfstæðismáli voru. En vissulega hlýtur sá fögnuður að vera æði kvíðablandinn, ef engir menn jafnfærir, auk heldur færari en stjórnin, eru til eða fáanlegir til að fara með stjórn hins fullvalda íslenska ríkis. Þá verður fullveldið oss sannarleg hefndargjöf — það verður sem beittur hnifur í höndum óvita.

Það sjest nú í dag, hvort hið hv. þing vill láta reka á reiðanum út í ginnungagap nýrra skakkafalla, nýrra stjórnaraglapa og áframhaldandi ráðleysis, hirðuleysis og forsjáleysis þessarar óstarfhæfu stjórnar, sem hvert augnablik getur stofnað landinu í vandræði og jafnvel voða. Þeir hv. þm., sem greiða atkv. móti þessum till., lýsa með því trausti sínu á stjórninni. Jeg get vel trúað, að sumir hverjir geri það ekki með ljúfu geði, og leiti því allra þeirra ráða, sem þingsköpin heimila, til að losast við atkvæðagreiðslu um þessar till. En það mega þeir góðu menn vita, að með þessu ráðabruggi villa þeir engum skynbærum manni sýn, og síst auka þeir með því virðingu þingsins, sem þess aðilja í þessu máli, sem á að vaka yfir velferð landsins. Við sjáum nú hvað setur. Dixi et liberavi conscientiam meam.

Vantraustsyfirlýsing.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg vil að eins gera örstutta athugasemd við ræðu hv. þm. Ísf. (S. St.), og verða þær frá almennu sjónarmiði.

Hann sagði, að stjórnin væri svo veil vegna þess, hvernig til hennar hefði verið stofnað, og að hún hefði ekki samfeldan meiri hluta að baki sjer. Eins og sakir stóðu, er stjórnin var mynduð, var ókleift að mynda nokkra þá stjórn, sem hefði samfeldan meiri hl. að baki sjer, og jeg held, að það sje misskilningur hjá hv. þm. (S. St.) að halda, að stjórnin þurfi að vera nokkru óstyrkari, þótt svo sje ekki. Það er óeitanlegt, að önnur lönd hafa lengri stjórnmalasögu en við, og þó ef til vill ekki þyki hlýða að benda á reynslu þeirra um þetta, þá vil jeg þó minna á, að fyrir skömmu sat mjög sterk stjórn við völd á Frakklandi, og var hún þó mynduð af mörgum flokkum; hún hafði sterkan meiri hl., og þó hafði hún mismunandi skoðanir á ýmsum málum. Það má og öllum vera vitanlegt, að rjett hjá oss hefir stjórn setið um lengri tíma að völdum, er ekki hefir haft meiri hluta að baki sjer, og þó hefir sú stjórn ekki þótt óstyrk, heldur þvert á móti. Þetta sýnir, að stjórn þarf ekki að hafa samfeldan meiri hl. að baki sjer til að vera sterk, svo frá almennu sjónarmiði var það alls ekki neitt óráð að mynda stjórn svo, sem hjer var gert.

Það ræður að líkindum, að þegar stjórnir eru myndaðar á þennan hátt, þá ráða flokkarnir mestu um það, hver tekur sæti í stjórninni fyrir þeirra hönd, og oft er það sjálfgefið, hver það er, nefnilega foringi eða formaður flokksins, þótt sá, er forsætið skipar, auðvitað ekki sje skyldugur til að samþykkja hvern, sem til er nefndur.

Jeg hygg, að það sje ekki rjett, sem

hv. flm. (S. St.) sagði um samvinnuleysi stjórnarinnar. Það er auðvitað, að þegar stjórn er mynduð á þennan hátt, þá hafa ekki allir sömu skoðunar um hvert mál, er fyrir kemur; þannig er oft meiningarmunur innan stjórnarinnar, en þar fyrir getur samvinnan verið góð. Jeg held, að hv. flm. (S. St.) hafi ekki, er hann talaði þetta, athugað, að störfunum er skift milli ráðherra um öll lönd, og að flest mál heyra að eins undir einn ráðherra, og hann einn úrskurðar þau. Það getur því vel áttisjerstað, að ráðherra afsaki sig með því, að eitthvert mál heyri ekki undir hann, og atvinnumálaráðherrann getur t. d. ekki sagt mjer, hvað jeg eigi að gera í skólamálu, eða jeg honum um þau mál, er undir úrskurð hans heyra. Þetta er föst og viðtekin regla um allan heim. Í þessum málum er það aðallega sá ráðherra, er málið heyrir undir, sem ábyrgðina ber. Um sameiginlega ábyrgð verður fremur að ræða í málum, er snúa út á við, og enn fremur um frv. þau, er stjórnin leggur fyrir þingið. Annars getur komið fram meiningarmunur milli ráðherra, þótt þeir sjeu allir í sama stjórnmalaflokki. Það er því ekki rjett af hv. hv. flm. (S. St.) að tala um samvinnuleysi stjórnarinnar, en það er rjett, að stjórnin hefir ekki samfeldan meiri hluta að baki sjer, en meiri hl. getur verið jafntryggur fyrir því.

Í þessu sambandi tók hv. flm. (S. St.) það fram, að stjórnin hefði ekki verið á sama máli um tvö atriði á næstisíðasta þingi, fossana og skólana. En um þetta er það að segja, að hvorugt málið var borið fram af stjórninni, og svo átti þetta ekki heldur við um núverandi stjórn alla, svo dæmi þetta sannar ekkert um ósamlyndi innan stjórnarinnar, og þótt svo væri, þá væri það ekki nema

Vantraustsyfirlýsing

eðlilegt, eins og til stjórnarinnar var stofnað, og beinist því ásökunin eins til þeirra, er stofnuðu hana. Og ágreiningurinn í skólafrestunarmálinu var svo litilfjörlegur, að það tekur því naumast að nefna hann.

Eftir því, sem hv. flm. (S. St.) fórust orð um þingflokkana, þar sem hann sagði, að í sumum þeirra væri að eins einn maður, þá er vist erfitt að mynda stjórn, er þeim líki öllum. Ef hægt er að mynda á þingi samfeldan meiri hl., þá er sá grundvöllur fallinn burt, sem stjórnin er mynduð á, en það hefir ekki tekist enn að mynda hann.

Um önnur einstök atriði, er hv. flm. (S. St.) talaði um, mun jeg ekki tala, að minsta kosti ekki að svo stöddu, enda var þeim beint til hæstv. atvinnumálaráðherra, en hann mun svara fyrir sig.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Það ræður að líkindum fyrir hv. þm. og áheyrendur, að jeg og samverkamenn minir getum ekki setið þegjandi hjá ræðu hv. þm. (N.-fsf. (S. St.)). Kemur mjer hjer til hugar atvik eitt úr Njálu, þar sem Bergþóra segir: „Gjafir eru ykkur gefnar feðgum, og verðið þið litlir af, ef þið launið engu“. En hvort launin verða hjer — pólitískt skoðað — lík þeim, sem þeir fengu, Sigmundur og Skjöldur, um það skal jeg engu spá að sinni.

Ræða mín mun að þessu sinni ekki verða eins löng og hjá hv. flm. (S. St.). Það tekur ekki sjerstaklega til mín að andmæla þeim kafla ræðu hans, þar sem hann er að fræða þingið um það, hvernig þingræðisstjórn ætti að myndast, og samvinnu slíkrar stjórnar við þingið.

Ýmislegt af því, sem sami hv. þm. (S. St.) bar á borð fyrir mig einan, er ekki þörf á að fjölyrða um, þar sem

sumt hefir áður verið umtalsefni í þinginu, og sumt þannig fram sett, að það er beinlínis út í hött.

Jeg vil þá fyrst fara almennum orðum um málið. Hjer eru bornar fram tvær till., og jeg veit ekki, hvernig hæstv. forseti vill láta ræða þær. (**Forseti:** Það er eitt mál á dagskránni.) Það mun og hentugast vera, en þó það sje eitt mál, þá er ráðist á einn og einn mann í senn, en ekki alt ráðuneytið í heild. Það er líka þjóðkunnugt ráð, þegar verið er að rífa byggingar, að plokka burtu einn og einn stein í einu, þar til öll byggingin er að velli lögð, og þar sem hjer er ráðist á tvo ráðherra af þremur, þá finst mjer, að í raun og veru sje ráðist á ráðuneytið alt. (**S. St.:** Ekki forsætisráðherra.) Jeg get ekki skilið, að hæstv. forsætisráðherra sitji kyr, þegar báðir samverkamenn hans eru feldir, og svo er ef till. er samþykkt, og jeg hefi heldur ekki orðið þess var, að hann vildi losna við mig eða hæstv. fjármálaráðh., svo jeg geri ráð fyrir, að hann sje ekki samþykkur þeim, er vilja samþ. till.

Vitanlega er það gott, eins og hv. flm. (S. St.) og hæstv. forsætisráðh. tóku óbeinlínis fram, að stjórn hafi samfeldan meiri hluta að baki sjer, en á þann hátt var eigi untað myndastjórnina hjer, en áður en jeg fer lengra út í það, hvernig það var gert, vil jeg líta á aðalhlutverk hennar og hvernig hún hefir int þau af hendi.

Þegar samsteypustjórnin settist að völdum, gaf hæstv. forseti stefnuskrá hennar hjer á þingi, og eru ummæli hans prentuð í þingtiðindunum, og vísa jeg þar til, en skal samt taka þetta fram:

Fyrsta atriðið á stefnuskrá stjórnarinnar var að reyna að minka flokkadeilurnar hjer á Alþingi, en áður þótti um of á þeim brydda, og þar sem stærstu

Vantraustsyfirlýsing.

Þingflokkarnir völdu sinn manninn hver til þessa, þá er líklegt, að þeir hafi stutt þá að málinu. Mjer er spurn: Hefir á þetta brostið í aðalmálunum? Hafa verið miklar flokkadeilur hjer á þinginu? Nei — síður en svo. Enda sagði hv. flm. (S. St.), að þingið mætti heita einn flokkur eða flokksleysi. (S. St.: Það er nokkuð annað.) Það getur verið, að jeg hafi ekki náð prestsanda hv. þm. (S. St.), en vist er um það, að stjórnin hefir fullnægt þessu, og þetta er ekki þýðingarlítið atriði, eins og ljósast sjest á fylgi allra flokka við samræmislegar sjálfstæðiskröfur vorar út á við.

Annað atriði, er kom fram við myndun stjórnarinnar, var það, að það þótti ofvaxið einum manni að standa fyrir öllum stjórnarframkvæmdum á þessum erfiðu tímum og fleyta þjóðinni yfir boða ófriðarins, og þessu samsteypuráðuneyti var treyst til að fleyta þjóðinni fram yfir boðana. Hefir brostið á þetta? Jeg held ekki; við vitum, af áreiðanlegum sögum utan úr heimi, að okkur hefir líðið betur en líklega öllum öðrum þjóðum, þótt hlutlausar hafi verið.

Þriðja málið, er stjórnin setti á stefnuskrá sína, hefir hún því leyst vel málinu áfram, og í dag höfum við komið því máli í höfn frá þingsins hálfu, til ánægju fyrir nær allan þingheim, og jeg vona þjóðina einnig, en undir öllum kringumstæðum til blessunar fyrir land og lýð.

Þessi þrjú atriði, sem stjórnin setti á stefnuskrá sína, hefir hún því leyst vel og viðunandi af hendi, þrátt fyrir það, þótt stjórnin sje samsteypuráðuneyti, þrátt fyrir það, þótt kvarnast hafi úr flokkum þeim, sem styrktu stjórnina í öndverðu, og þrátt fyrir það, þótt hv. þm. N.-ísf. (S. St.) fylgi henni ekki að málum.

Frá þessu sjónarmiði skoðað er því ekki rjett að skifta um meiri hluta stjórnarinnar eða alla stjórnina, en það er líka vitanlegt, að það er ekki alt undir þessu komið; það geta verið smærri atriði, sem stjórninni hafa ekki farið vel úr hendi; þau geta verið ávitunarverð og enda árásarverð; jeg man það, að hv. þm. (S. St.) taldi á síðasta þingi það ekki árás á stjórnina, þótt henni væri ámælt. Hvorttveggja getur verið rjettmætt, en hjer er um árás að ræða, sem nú kemur undir dóm hins háa Alþingis, hversu með skuli fara.

Jeg fæ ekki sjeð, að hjer sje um reglulega stjórnarfarslega nauðsyn að ræða. Ekki eru það þessi þrjú mál, er jeg tók fram, og ekki hefir stjórnin verið ósamþykk í stórmálum. Hv. flm. (S. St.) reyndi að benda á tvö mál, en hæstv. forsætisráðherra hrakti það atriði svo rækilega, að óþarft er að minnast oft- ar á það, og afstaða mín var skýr; hún sjest í þingtiðindunum, og skoðanamunur var litill. En það getur verið, að hv. þm. (S. St.) liti svo á, að þessi þrjú mál sjeu komin í svo gott horf, að eigi þurfi lengur að halda í sama horfinu. Þingið á ekki lengur í illdeilum út af stórmálum; stríðsráðstafanirnar eru komnar í fast horf, og fullveldismálin komin í höfn, — en þar þarf þó að vera vel á verði fyrst um sinn — en ef svo er, þá ekki ástæða til að bera fram vantraustsyfirlýsingu til ráðherranna, heldur, ef nokkuð er, þvert á móti, traustsyfirlýsingu, fyrir góða frammistöðu, að hafa leitt málin vel til lykta.

Það er ekki dulið neinum, að andstæðingar stjórnarinnar lita svo á, sem hagsmunalega sjeð þurfi að skifta um stjórn. Það er auðvitað, að til mín má heimfæra hið sama og til annara dauðlegra manna og ófullkominna, að „blindur er

Vantraustsýfirlýsing.

hver í sjálfs síns sök“, og það hefir jafnan verið svo, að eitthvað má að öllum finna, og enginn er alger, og því er það líka athugunarvert, að þótt nú væri skift um stjórn af hagsmunalegum ástæðum, þá er ekki vist, að betur farnist.

Eftir að hafa nú talað um, hvernig jeg lit á þessa þingsályktun frá almennu sjónarmiði, skal jeg þá snúa mjer að þeim sjerstöku atriðum, er fram komu í ræðu hv. flm. (S. St.), þó jeg, samkvæmt áður sögðu, taki þar ekki alt til greina.

Hv. flm. (S. St.) sagði, að stjórnin ætti að vera sterk og starfhæf, og ber jeg engar brigður á, að það sje rjett. En hann átti eftir að sýna, að likur væru til þess, að næsta stjórn yrði þessum góðu eiginlegleikum gædd, og það í fyllra mæli en sú, sem nú er. Skal jeg koma betur að því áður en jeg sest niður. Þing er ekki svo skipað enn, að hægt sje að mynda stjórn, er hafi samfeldan meira hluta að baki sjer. Verður því að velja úr þeim flokkum, sem þeir menn eru úr, sem nú fara frá. Því er ekki meiri trygging fyrir því, að stjórnin verði sterk af þeirri ástæðu. Hitt skal jeg ekki dæma um, hvort hún yrði starfhæfari.

Hv. flm. (S. St.) tók nú fram ýms atriði, ekki að eins um forstöðu atvinnu-málanna, heldur og um forstöðu fjármálanna. Vil jeg nefna þau eftir þeirri röð, er hann greindi þau í. Getur vel verið rjett, sem hann mælti, að meira sje til í pokahorninu. Það er gamalt mál, að „seint fyllist sálin prestanna“, og þá líklega einnig svo, að hún tæmist seint. Eitt af því, sem hann nefndi, var Tjörnesmálið, sem búið er áður að ræða hjer í 3 daga. (S. St.: En líka fleira). Já, og nú er, eins og hann sagði, meira blóð í kúnni.

Jeg veit ekki, hvað hann hefir meint með því, sem hann sagði um Flóaáveituna, því að stjórnin hefir ekki lagt henni neinn stein í veginn. En það var farið fram á það, að stjórnin tæki hana að sjer nú sem ákvæðisverk, en þá hefðu bæst 100 þús. kr. við þau hundruð þúsunda, sem hv. flm. (S. St.) gat um. Launamálinu ætla jeg að sleppa, af því að það heyrir nánast undir hæstv. forsætisráðherra. En jeg hygg, að jeg sje þar á sömu skoðun og hann (S. St.), að það mál sje komið í mesta öngþveiti. Hygg jeg, að stjórnin muni láta málið koma fyrir næsta þing og leggja þá fram eitthvað ákveðið, svo að eigi sje einlægt verið að veita mismunandi háa dýrtiðaruppbot.

Jeg held, að hv. flm. (S. St.) hafi nefnt Tjörnesmálið — sem hann nefnir Tjörneshitina — fyrst. Jeg hjelt, að það hefði verið útrætt, og að menn myndi ekki fýsa að endurtaka það, sem sagt hefir verið um það. Hann nefndi skýrslu fjárhagsnefndar. Jeg hygg, að bent hafi verið á, að ýmislegt var ónákvæmt og sumt alveg villandi í þeirri skýrslu, sem von er, þar sem upplýsingar vantar, og meina jeg alls ekki, að slikt hafi verið vilji nefndarmanna. Skal jeg geta þess, að 30—40 þús. kr. var varið til þess í upphafi að moka frá og búa til námugöng. Og ef reikna á það með starfskostnaði, en ekki stofnkostnaði, þá er það ekki í samræmi við það, sem venjulega er gert við stór fyrirtæki. Skal jeg bæta því við, að á Norðurlandi var eldiviðarekla, sjerstaklega á Húsvík og Akureyri. En þessi hjeruð nutu einmitt kolanna við góðu verði. Hv. flm. (S. St.) er ekki í vandræðum með þær einkunnir eða heiðursnafnbætur, sem hann vill hnýta við fyrirtækin á Tjörnesi og í Öskjuhlíð. Er það sjálfsagt rjett

Vantraustsýfirlýsing

frá sjónarmiði hans og annara fleiri. En þar sem hann beinir Öskjuhlíðarsökinni að fjármálaráðherranum fremur en mjer, skal jeg sleppa því atriði.

Þá mintist hv. flm. (S. St.) á rekstur landsverslunarinnar og afskifti stjórnarinnar af henni. Taldi hann afskifti mín mjög óheppileg, og hefði landið fyrir þau tapað allmiklu fje. En mjer fanst á honum, sem hann vænti þess, að „ef til vill“ kæmi fullkomin skýrsla um starfsemi hennar. Vil jeg vona, að svo verði. Eins og kunnugt er, var á síðasta þingi skipuð nefnd til að rannsaka verslunarframkvæmdir landsins. En sú nefnd getur haft ýmislegt í förum sínum, sem hún er enn ekki komin fram með. Svo fara endurskoðendur á sínum tíma gegnum öll þau skjöl, og gera sínar athugasemdir, vel og vandlega, og þá fjárhagsnefnd fyrir næsta fjárhagstímabil, er hún fær málið í hendur. Sje jeg því ekki, að það sje til nokkurs hlutar að deila meira um þetta nú í sameinuðu þingi, því að það yrði fullyrðingar meira og minna, sem ekki er hægt að staðfesta skjállega.

Það var þó eftir að jeg hafði byrjað afskifti af landsversluninni, að gerð var breyting á bókfærslunni, sem er betri og eftir nútíðarvenjum og verslunaraðferðum, og sömuleiðis gagnger rannsókn og reikningsskil, miðuð við vissan dag. Og það var snemma, sem sú hugsun vaknaði hjá mjer að ljetta þessum störfum af atvinnumálaskrifstofunni, því að þau urðu auðsjáanlega ofvaxin þeim mönnum, sem þar er á að skipa, eftir því sem verslunin færðist í aukana. Var því verslunin smám saman skilin frá, og loks um síðastliðið nýár falin þeim mönnum, er nú veita henni forstöðu. Jeg held, að hv. flm. (S. St.) hafi getið þess, að grunur lægi á, að

stjórnin myndi ekki fá haldið sömu mönnum. Hann tók víst ekki ákveðnara til orða. En enn þá hefir enginn þeirra sagt upp stöðu sinni nje látið á sjer skilja, að hann hefði það í hyggju. Hitt er það, að slíkt getur vel komið fyrir, bæði af persónulegum ástæðum manna sjálfra, og af fleiri sökum, svo sem þeim, að þessir menn komi sjer ekki saman við stjórnina, að því leyti, sem hún hefir afskifti af störfum þeirra. En það er ekki enn, og jeg leyfi mjer að fullyrða, að slíkt ósamkomulag eigi sjer engan stað. Hefði ekki þessi hv. þm. (S. St.) átt í hlut, mátti furða sig á því, að hann skyldi leyfa sjer að varpa fram slíkum „grun“. En hv. þm. (S. St.) varpar honum fram af því, að hann gat átt vel við hjer, því að mönnum mátti þykja það mjög áfellisvert, ef þessir menn gætu ekki unnið með stjórninni. Það er gert, að finna stjórninni ýmislegt til saka. En jeg held nú, að hv. þm. N.-ísf. (S. St.) og aðrir þeir, er má ske lita svo á, að þessi stjórn, sem nú er, væri ekki bær að útvega aðra færa menn í stað þessara, verði að fara varlega í að álykta svo. Fyrst að þessi sama stjórn gat fengið þessa ágætu menn, sem allir höfðu frá miklu að hverfa, þá ætti hún að geta fengið, ef ekki eins góða, þá samt þá bestu, sem hægt væri að fá. Jeg held því ekki, að mikið sje leggjandi upp úr þessu.

Er þá komið að sykurmálinu, sem nokkrir þm. á síðasta þingi kölluðu „dautt mál“. Nei, eins og góðverkin eru skráð í lífsins bók, svo eru og syndirnar einhversstaðar bókaðar. Þetta mál er enn vakandi hjá sumum blöðum, og þessi árvakri flm. (S. St.) hefir nú og blásið lífi í það. Síðast var um það rætt fyrir auðum bekkjum. Sjáum nú til. Í útreikningi þess manns, er þá stóð fyrir

Vantraustsyfirlýsing.

landsversluninni, var reiknings skekkja, sem varð þess valdandi, að sykurverðið var hærra en þurfti, og eigi varð hægt að taka tillit til gengismunar, eins og hv. 2. þm. Arn. (E. A.) benti á í sumar. Þetta tvent vil jeg benda á nú, af því það hefir ekki áður verið tekið ljóst fram.

Þá er Landsbankinn. Þá segi jeg: „Þar greipstu á kýlinu“. Þar mun vera ein sú undiralda, sem fleytt hefir þessari till. inn í sameinað þing. Þar er ein dauðasynd stjórnarinnar og mín. Það er þá fyrst nefnt, að manni er vísað frá, er settur hafði verið um stundarsakir, þar til öðruvisi yrði ákveðið. Þetta út af fyrir sig er formlega sjeð ekki neitt afglap eða endemi. En jeg hefi hjer vottorð eins háttsetts manns í bankanum og fleiri annara um það, að þessi maður gat ekki varið svo starfskröftum sínum í bankans þarfir, sem reglugerð hans mælir fyrir. Hins vegar verð jeg nú að segja frá því, að áður en þetta var gert hafði fyrverandi bankastjóri, hv. 1. þm. G.-K. (B. K.), sem þá var orðinn ráðherra, látið í ljós, að ástæða væri til að skifta á þessum manni og öðrum nýjum. Hann getur neitað þessu, ef hann vill. En að jeg setti Magnús Sigurðsson í stað hans mun jeg aldrei bera kinnroða fyrir. En mjer vitanlega hafa ekki komið fram yfir honum aðfinslur meðan hann var settur nje síðan honum var veitt staðan um nýár. Jeg ætla ekki að fara út í það, hve lánveitingar bankans hafi verið heppilegar síðan fyrir atvinnuvegina, en að eins minna á ummæli manna í þinginu um ýmsar lánveitingar áður. En viðvíkjandi setta bankastjóranum (B. Sv.) skal jeg benda á það, að sam. Alþingi var áður búið að sýna honum fullkomið traust til þess einmitt, að hafa afskifti af bankamálum, þar sem það hafði ýmist kosið hann

endurskoðanda reikninga bankans eða gæslustjóra. Jeg held því, að það verði nokkuð annar dómur, sem kveðinn verður upp um afskifti mín af bankanum af alþjóð manna og þeim, sem bankanum eru kunnugastir, en hjá hv. flm. (S. St.).

Næsta mál í röðinni, þar sem hv. flm. (S. St.) kom að einu af þessum sterku orðum og áhrifaríku að hans dómi, er veiting póstaðgreiðslustarfans á Seyðisfirði. Þetta mál hefir áður verið blaðamál. Það er kunnugt orðið, að þessi maður, sem hjer ræðir um, hafði flest meðmæli, en satt að visu, að hann hafði ekki meðmæli póstmestara eða var vanur póstmálum. En jeg held, að það atriði sje aðeins form, sem oft sje rjett að fara eftir, en ekki geti haft ævarandi og sjálfsagt gildi, sjerstaklega er um þær stöður er að ræða, er ekki útheimta beinlinis nám í sjerstökum skólum. Í þessu efni er reynslan ein skóli. Jeg ætla því ekki að beiðast syndalausnar fyrir „sýnodalrjetti“ þingsins út af þessu máli. Jeg hefi mikið traust á póstmestara og tel vist, að hann sje ekki síður á verði gagnvart þessum manni en öðrum. Og hvort sem það verður í dag eða síðar, sem mínir dagar eru taldir í ráðherrastöðunni, þá mætti þegar breyta til, ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Ekki get jeg orðið meinsmaður þess.

Þá eru vegamálin. Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) ægir sú fjárhæð, sem til þeirra hefir gengið, og taldi hann ósæmilegt og óheimilt, að svo miklu fje hefir verið varið til vegagerða. Vildi hann þar slá sig til riddara á því, að þar hefði bændavinurinn orðið til þess að draga vinnu frá sveitunum. En fyrst er nú að rannsaka, hvort þessar vegagerðir hafi verið bráðnauðsynlegar. Hiitt er í annari röð,

Vantraustsyfirlýsing.

Hvort nauðsynlegt hafi verið að verja til þeirra svo miklu fje. En til þessa skortir hv. flm. (S. St.) eðlilega nákvæma sundurliðun á því, hvernig fjenu hefir verið varið. Jeg skal geta þess um ölfusárbrúna, að jeg átti tal við vegamálastjóra um það mál, og kom okkur saman um, að framkvæmdir mættu ekki dragast úr hömlu. Kemur mjer það ókunnuglega fyrir, að viðgerðin er enn óframkvæmd, og tel það illa farið. En jeg hefi ekki getað nýlega náð tali af vegamálastjóra, því að hann er nú búinn að vera lengi í ferðalagi, og það ferðalag hefir dregist lengur en við var búist. Býst jeg samt við, að enn verði hægt að framkvæma aðgerð brúarinnar á þ. á. En eins og hv. þm. er kunnugt, er það regla, sem hv. þm. telja rjetta í öllum aðalatriðum, að forstöðumenn hvernar starfsgreinar ráði mestu um framkvæmdir, hver í sinni grein, svo sem vegamálastjóri, vitamálastjóri og aðrir. Og þess skal getið, að frá stjórninni hefir ekki komið nema ein einasta sjerstök till. um vegamál, sem sje Hafnarfjarðarvegurinn. Það mál var allmikið rætt á sameiginlegum fundi alls ráðuneytisins, og eftir vandlegai hugunkomst það að þeirri niðurstöðu, að rjett væri, að sú dýrtíðarhjálp, sem veitt eyrði þessum bæ og Hafnarfjarðarbæ, yrði látin ganga til þess að vinna það að vegi þessum, sem gert var.

Þá hjelt hv. flm. (S. St.) því fram, að þó það hafi vakað fyrir stjórninni, að það væri heppilegra að vinna að þessu verki heldur en öðrum, þá hefði ekki átt að vinna að þessu í sumar. Þessu vil jeg svara því, að vegamálastjórinn talaði svo við mig, að rjettara væri að láta vinna nokkuð við veginn í sumar, til þess að vinnan í vetur sem leið kæmi

Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

sem fyrst að notum, og búa einnig undir ýmislegt fyrir framhaldsvinnu, og annað hefir ekki verið gert. Til þessa vegar hafa verið veittar 95 þús. kr., og sjerstaklega hefir verið unnið á þeim kafla, sem er sameiginlegur fyrir austurbrautirnar báðar. Til áhaldakaupa hefir verið varið 100,000 kr., og jeg held, að það hafi verið gert í fullu samræmi við þingið að kaupa þau verkfæri, sem vegamálastjóri taldi rjettast og best hæf til þess að nota við þá vegagerð, sem viðhafa ætti í framtíðinni. Þessi vegur á líka að verða eins fullkominn og hægt er, og er gerður með það fyrir augum, að hann geti orðið undirbúningur undir járnbraut síðar meir. Annars hjelt jeg, að ekki yrði ráðist á stjórnina fyrir það, að verja fje, jafnvel fram yfir fjárlög, til vega- og samgöngubóta, enda er mjer kunnugt um, að það hefir iðulega verið gert áður.

Hv. flm. (S. St.) nefndi Hnausakvísil og Hjeraðsvötn, og vildi helst telja þær samgöngubætur óþarfar, en það geta þeir þm. borið, sem til þekkja, að þetta var hvorttveggja nauðsynjamál. Það væri þá helst að hætta við allar vegabætur og brúargerðir, meðan peningavandræði landssjóðs standa yfir, en það mál væri rjettara að tala um á aðalþinginu að sumri, en ekki nú.

Jeg held, að jeg hafi nú minst á öll þau atriði, sem hv. flm. (S. St.) drap á og hafði út á atvinnumálastjórnina að setja. Jeg býst raunar ekki við, að röksemdir minar nægi honum. (S. St.: Nei, nei.) En hans rök nægja ekki heldur mjer, enda býð jeg dóms þings og þjóðar, og verður það sjeð nú, hvernig dómur þingsins verður.

Þá gat hv. flm. (S. St.) um það, að traust hv. þm. hefði minkað á stjórn-

Vantraustsyfirlýsing

inni upp á síðkastið, en mjer er spurn, er það ekki undantekningarlaus regla í þingfrjálsu landi, að andstæðinga-flokkur stjórnarinnar vex? Byggist það ekki á þeirri meginreglu, að hægara er að sækja en að verjast, hægara að vera ábyrgðarlaus heldur en að bera ábyrgðina. Og utan um þessa vantraustsyfirlýsingu flykkja sjer þá líka þeir menn, sem hafa kvarnast utan úr hinum flokkunum og steipt sjer svo saman, án þess að hægt sje að sjá, að þeir hafi myndað sjerstakan flokk með sjerstakri stefnuskrá, sem geti skipað starfshæfa og sterka stjórn. Eða getur nokkur hv. þm. sagt mjer, hvort hjer eru heldur á ferðinni þeir þrir menn, sem frá upphafi hafa verið á móti stjórninni, ásamt einhverjum lausagösum, eða þá að hjer sje um nýjan flokk að ræða? Það er engin nýjung í þingsögunni, að stjórnarflokkurinn verði fálíðaður og að hinn flokkurinn eflist, þar til að stjórnarflokkurinn verði að vikja. Undir það verður þessi stjórn að beygja sig engu síður en aðrar stjórnir, og þó einkum, ef uppi væri heillavænleg stefna fyrir þjóðina og ákveðin, sem stjórnaði gerðum andstæðingaflokksins og starfandi stjórnin væri andstæð. En það eru má ske ellimörk á mjer, að þessi merki fæ jeg ekki sjeð á þeim, sem flykkja sjer utan um vantraustsyfirlýsinguna. En vonandi verður þess ekki langt að biða, að þýðingarmikið þjóðmál skifti flokkum hjer á landi, og að þá verði sá flokkur ofan á, sem skipað getur sterka stjórn; hvort þeir muni allir verða starfshæfir, er þá skipa stjórn, get jeg ekki sagt um. Það er kunnugt, að á næsta þingi eiga að fara fram breytingar á stjórnarskránni, og nýjar þingkosningar næsta haust, og þar sem ekki bólar neitt á því, að menn skiftist í flokka út af breytingum á

stjórnarskránni, þá finst mjer vera sanni næst, að við þær kosningar skipist menn í flokka um innanlandsmálin. Á þessari stefnu bólar víða um landið, bæði í blöðum og tímaritum. Það er ekki mitt að dæma, hver stefna í innanlandsmálum muni verða ofan á við þær kosningar, en jeg vona, að það verði góð og heillavænleg stjórn, sem þá fær forustuna. Eins og nú er komið, get jeg ekki fundið þá meinbugi á stjórninni, sem læknist við það, að stjórnarskifti verði, en alger stjórnarskifti finst mjer að hljóti að vera afleiðingin, ef farið er að vilja hv. flm. (S. St.) og þeirra, sem utan um hann hafa flykt sjer. Á þeim tíma, sem jeg yrði sannfærður um nýja stefnu með nægu fylgi, mundi jeg með gleði yfirgefa starf mitt, en gagnvart kjósendum mínum, sem í rauninni eru allir landsmenn, þá þykist jeg ekki hafa rjett til, að óreyndu, að beiðast lausnar frá starfi mínu, hversu illa sem þessum hv. herrum list á það. Jeg veit líka, að það er almennur vilji landsmanna, að stjórnin sitji, sökum þessa stórmáls, sem vjer lukum við að samþykkja í dag. Og auk þess held jeg líka, að þjóðin álíti stjórnina hafa unnið starf sitt svo vel í flestum meginatriðum, og leyst svo vel úr sambandsmálinu, að vel megí við una. En auðvitað beygi jeg mig undir vilja og vald hv. þm. í þessu efni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg held, að jeg hafi tekið rjett eftir, að síðasta orð hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) hafi verið „dixi“ — „jeg hefi talað“. Mjer varð um leið lítið til hv. þm. (S. St.), og jeg verð að játa, að það var svo langt frá því, að jeg fyndi til gremju eða beiskju út af ummælum hans, en annað flaug í hug minn, og það var hið fornkveðna, „að tvisvar verður gamall maður barn“.

Vantraustsyfirlýsing.

Það er öllum ljóst, að þegar vantraustsyfirlýsing er borin fram af einum af þm. þjóðarinnar, þá verða sakarefnin að vera dregin upp með skýrum og glöggum dráttum. Á því á bæði þing og þjóð, og sömuleiðis þeir menn, sem fyrir sakarefnunum verða, heimtingu. En það verð jeg að játa, eftir að hafa hlýtt á hina stórorðu ræðu hv. fl. (S. St.), að hjer var óskiljanlegt, hverjar þær sakargiftir væru, sem rjettlættu vantraustsyfirlýsinguna.

Það hljóta allir að sjá, að á þessum örðugu tímum, þegar stjórnin oft þarf að ráðast upp á eindæmi í stórfyrirtæki, þá má ekki byggja vantraustsyfirlýsingu á eintómum stóryrðum, dylgjum og einkisverðum hljómi. Hjer í þessum sal verður að heimta meira, ef virðingu þingsins á að vera borgið.

Engum detti í hug, að það fari skjálfti um mig, þó að þessi vantraustsyfirlýsing sje komin fram. Sannarlega gekk jeg eins rólegur að þessum þingfundi eins og hverjum öðrum, því eftir mínum skilningi hefi jeg ekkert að óttast. Jeg veit af engum sökum á mig og hefi jafnan gert það, sem jeg taldi rjettast.

Það er jafnvel langt frá því, að jeg mundi blikna eða blána, þó vantraustsyfirlýsingin yrði samþykkt hjer í hv. deild. Jeg veit, að fyrir utan þetta þing er til annar æðri dómstóll — dómstóll þjóðarinnar — og undir þann dómstól þori jeg óhræddur að skjóta máli mínu. Jeg hefi lika áður sótt mál min undir þann dómstól og borið sigur úr býtum. En þó að jeg ætti að skifta nú um stöðu, þá er langt frá, að jeg tæki mjer það nærri. Jeg hefi aldrei sett mjer það að marki að vera ráðherra, og það ætti enginn að gera; en hitt er annað, að jeg hefi haft trú á ýmsum málum, sem jeg hefi haldið, að jeg gæti ýtt undir

í þessu embætti. En ráðherra getur ekki ýtt undir málin nema hann hafi fylgi að baki sjer, og þá er það sjálfsagt að leggja niður embætti, ef fylgið brestur.

Nú verð jeg að fylgja dálitið þeim þræði, sem hv. flm. (S. St.) hafði í ræðu sinni. Hann mintist á stjórnina 1916 og 1917, er hann með smekkvísi sinni kallaði þá þrihöfðuðu.

Það er öllum vitanlegt, sem fylgst hafa með í þingsögunni, að á þinginu 1916—17 var nokkur deila um það, hverjir skyldu skipa stjórnina. Deilan stóð á milli míns flokks og Framsóknarflokksins annars vegar og Heimastjórnarflokksins hins vegar, og var um það, hver ætti að skipa forsætið. — Niðurstaðan á deilunni varð sú, að ráðuneyti Jóns Magnússonar var myndað. En samtímis komu allir flokkar, sem að stjórninni stóðu, sjer saman um eina og sömu stefnuskrána út á við, þá stefnuskrá, að ná yfirráðum yfir öllum málum þjóðarinnar.

Og það er mín skoðun — en ekki hv. þm. N.-ísf. (S. St.) — að þetta hafi verið eitthvert mesta giftusporið, sem Alþingi hefir stigið, því að það var orðið augljóst, að Danir mundu aldrei láta undan kröfum vorum á meðan vjer vorum sjálfir á ýmsum skoðunum um það, hverju skyldi halda fram, og háðum strið innbyrðis út af þeim málum. Jeg held því, að samsteypuráðuneyti um sömu stefnuskrá út á við, hafi verið mjög heppilegt, og eftir þeirri niðurstöðu, sem nú er orðin, furðar mig á því, að út á það skuli vera sett.

En í raun og veru var aðalástæðan til þess, að þriggja manna stjórn var yfir höfuð sett svona fljótt á laggirnar, hin miklu vandræði, sem yfir vofðu af heimsstyrjöldinni, sem augljóst var að engri stjórn mundi verða kleift að ráða

Vantraustsyfirlýsing.

fram úr, nema hún hefði öflugan meiri hluta þingsins að baki sjer, og þær hinar illyrmislegu árásir, sem gerðar hafa verið oft á stjórnina, sýna, að þessa var þörf.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) fann stjórninni, sem mynduð var 1916—'17, það sjerstaklega til foráttu, að hún hefði ekki verið skipuð starfshæfum mönnum. Jeg skipaði ekki upphaflega neinn sess í stjórninni, heldur fór 1. þm. G.-K. (B. K.) með fjármálin, sem jeg er nú ráðherra yfir. Hann verður því að svara þessari aðdróttun fyrir sig, því það var fyrst seint á árinu 1917, að jeg tók við ráðherraembætti.

Þá hjelt hv. þm. S. St.) því fram, að eiginlega hefði hinum ráðherrunum þegar í byrjun verið þrengt upp á forsætisráðherrann. Þessari sömu kenningu hefi jeg heyrt haldið fram í Lögrjettu. En þetta er bláber vitleysa, vegna þess að það liggur í hlutarins eðli, að enginn mun fást til þess að taka að sjer að mynda stjórn, nema með þeim mönnum, sem hann vill starfa með og treystir sjer að starfa með. Ef hann treystir ekki samverkamönnum, þá tekur enginn með ábyrgðartilfinningu að sjer starfið.

Þá bar hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) stjórninni það á brýn, að hún væri sjálfri sjer sundurþykk, og nefndi hann bæði fossamálin og skólafrestunarmálið. Þegar jeg kom í stjórnina, voru umræður um fossamálið að mestu leyti um garð gengnar, en auk þess veit jeg ekki betur en að niðurstaðan í því máli hafi verið sú, að rannsaka málið sem best og vandlegast, en það var sú stefna, sem jeg og minn flokkur hjelt fram, en vorum hins vegar þegar ráðnir í því að hindra framgang frumvarps þess, sem borið var fram í háttv. efri deild og allir sjá

nú, að ekki mátti fram ganga. Jeg skal játa, að í skólamálinu var jeg á annari skoðun heldur en meðstjórnendur minir, því jeg vildi fresta skólahaldi. En það liggur í augum uppi, að í stjórn, sem skipuð er af flokkum, sem áður hafa borist á banaspjótum, mætti það heita mjög merkilegt, ef ráðherrarnir væru altaf á sama máli. Og þótt slikt ósamþykki komi fram, eins og t. d. í skólamálinu, þá var það ekki nægilega stórt mál til að setja það á oddinn, eins og jeg þegar tók fram á þinginu. Mjer finst því ástæðurnar, sem hv. flm. (S. St.) færir fyrir sundurlyndi stjórnarinnar, vera mjög svo smáar og veigalitar.

Þá mintist hv. þm. (S. St.) á Flóa-áveitumálið. Jeg veit ekki til þess, að neinn ágreiningur hafi verið í stjórninni um það mál, því að jeg veit ekki annað en að samþykkt hafi verið lög um hana, lög, sem afgreidd hafa verið af þinginu.

Þá kom hann að launamálinu. Mjer er kunnugt, að sú skoðun hefir verið rikjandi hjá mörgum, að ekki væri rjett að taka það mál fyrir og leiða það til lykta fyr en um hægðist og dýrtiðinni ljetti, þó að jeg hins vegar gangi þess ekki dulinn, að nauðsyn reki til að ráða fram úr þessum málum sem fyrst. En mjer er meira en litil ráðgáta, hvernig sjerstaklega ætti að beina þessari sök að mjer.

Þá vitti hv. flm. (S. St.) það fastlega, að í blaði, er stæði nálægt fjármálaráðherra, væri gagnrýnd veitingin á lög-reglustjóraembættinu í Reykjavík, og gaf í skyn, að jeg hefði viljað pota í embættið einum flokksbróður minum.

En jeg býst við, að honum veitist all-erfitt að færa nokkurt dæmi því til sönnunar, að jeg hafi misbrúkað vald mitt til þess að hlynna að flokksbræðrum minum.

Vantraustsyfirlý-ing.

Þau fáu embætti, sem jeg hefi veitt, sýna það, að jeg hefi ekki seilst eftir flokksbræðrum mínum í þau.

En það skal jeg játa, að þetta embætti hefði jeg veitt hv. þm. Ísaf. (M. T.), og það með góðri samvisku, þar sem hann um lengri tíma hefir gegnt samskonar embætti með mestu röggsemi, en hinn umsækjandinn, er embættið fjekk, aldrei fyr fengist við lögreglustörf.

Mín skoðun um veitingu embættisins var því önnur en forsætiráðherrans, en erfitt mun að gera þann skoðanamun að efni í vantraustsyfirlýsingu.

Í sambandi við þetta vil jeg taka það fram, að jeg veit ekki betur en jeg og Sjálfstæðisflokkurinn hafi unnið saman við hina flokkana um öll mikilsverðari mál, og hv. þm. (S. St.) getur ekki fundið dæmi þess, að Sjálfstæðisflokkurinn hafi sýnt annað en vilja til þess að halda áfram samvinnunni, en gleyma deiluefnunum, sjerstaklega nú, er markið var sameiginlegt, það mark, sem nú er náð.

En það er eins og hv. flm. (S. St.) beri kala til allra flokka. Samvinnan hjá honum við aðra hefir víst verið nokkuð hvikul. Jeg veit ekki betur en hann hafi verið í valtýska flokknum hjer áður. Litlu síðar var hann orðinn eldraður sjálfstæðismaður. Þá var hann í bræðingnum sæla. Síðan gerðist hann heimastjórnarmaður, og sýndu ræður hans á síðasta þingi flokkstrygð hans til hæstv. forsætisráðh.

Nú er hann með langsummönnum, en hvort hann á eftir að lenda í Framsóknarflokknum verður ekki um sagt.

En eins og þetta sýnir, þá hefir hann smogið gegnum alla flokka, og allir fengið nóg af guðsmanninum.

Þá sagði háttv. þm. (S. St.), og þá var mikið hlegið, að þingið væri stjórnlaust og stjórnin þinglaus.

Ef háttv. þingm. í stórmensku sinni líkir eftir Loðvik XIV. og segir um þingið líkt og hann sagði um rikið: „Þingið, það er jeg“, já, þá er stjórnin því betri þinglaus, en annars mun háttv. þingmaður komast að því áður en lýkur, hve miklu hann ræður hjer á Alþingi.

Þá kem jeg að aðalvantraustsatröðunum eða yfirsýnsástæðunum.

Hv. þingm. (S. St.) virtist telja þar fremst í röð Tjörnesnámuna. En háttv. þm. (S. St.) veit, að jeg er alveg ókunnugur þessu máli, hefi engin afskifti af því haft. Að eins var mjer kunnugt, áður en jeg kom í stjórnina, að þingið lagði mikla áherslu á, að unnið væri sem mest að innlendum kolanámum, og vildi láta halda áfram með Tjörnesnámuna.

Þá er annað atríðið, vinna fyrir fá-tækt fólk í Öskjuhliðinni síðastl. vetur.

Í því máli kom nefndarálit á síðasta þingi, 100 daga þinginu, en svo seint, að ekki varð um það rætt, og mun það hafa verið gert visvitandi. Er þar reynt að vekja óánægju út af vinnunni. Sýnir nefndarálitið, að tapið varð líkt og stjórnin í byrjun þingsins síðasta skýrði frá, ca. 40 þús. kr.

Vinna þessi var, eins og öllum er kunnugt, heimiluð í lögum, og allir máttu vita og bjuggust vitanlega við, að tap yrði á slíkri vinnu. En við það bættist, að óvenju kuldar gengu yfir land alt og gerðu vinnuna svo örðuga í alla staði, en að sama skapi óx þörfin fyrir vinnuna. Hallinn varð því ekki meiri en getið er um hjer að framan, en hins vegar mun öllum gætnari mönnum bera saman um, að vinnan átti drjúgan þátt í að bjarga bænum út úr örðugleikunum.

Og það er jeg sannfærður um, að ef ekki hefði verið unnið, þá hefði farið illa fyrir mörgum bæjarbúum.

Vantraustsýfirlýsing.

Þá hefir það verið gagnrýnt, að sett var á fót skrifstofa, sem nauðsynleg var til að stýra verkinu. Hið sama var gert af bænum.

Þeir, sem þörfnuðust vinnunnar, voru svo margir, að vinsa varð úr þá, sem höfðu brýnustu þörfina, og svo var öðrum hjálpað til að komast í aðra vinnu. Það er því af ókunnugleika, að fundið er að þessu atriði.

Um samningavinnu gat ekki verið að ræða, því ef samningar hefðu verið boðnir út með verði því, sem verkfræðingurinn áætlaði, myndu menn hafa borið lítið úr bítum, og ekki getað lifað af vinnunni, en hún var veitt, ekki í því skyni að græða á henni, heldur beinlínis sem hjálp í neyð.

Þá var fundið að því, að kaupið hafi verið hækkað. En það er ekki rjett. Kaupið var hið sama og í hafnarvinnunni, eða hjá sumum flokkum í hafnarvinnunni, og sama kaup sem bærinn greiddi. Það er því heimska að kalla þetta hneyksli.

En lítt er jeg viss um, að þetta var gott verk og bænum til gagns, og veit jeg, að stjórninni muni veita ljett að taka þessa ábyrgð á sig; en eins og hv. þingmönnum er kunnugt, var dýrtíðarvinnan sameiginlegt stjórnarmál.

Þá var sykurhneykslið. Hv. flm. (S. St.) fór ekki mörgum orðum um það, en visaði í fleiprið um, að hjer hefði verið gerð tilraun til að leggja stóran skatt á þjóðina.

Hv. þm. (S. St.) veit nú vel, af umræðum þeim, sem fram fóru um málið á síðasta þingi, að þetta er alt staðleysa, og að þjóðin varð hvorki ríkari eða fátækari af því máli.

Hann veit líka vel, þingm. (S. St.), að þetta er af öllum skoðað sem smámál, og broslagt er, að hann skuli færa mjer

þetta til útgjalda, því engin sanngirni væri þó til þess, að fjármálaráðh. ætti að reikna út sykurveið í landsversluninni. Nei, sykurstormurinn er hlægilegasti stormurinn, sem blásið hefur verið yfir landið, og um það veit jeg að þingmaðurinn er mjer sammála.

Þá sakaði hv. flm. (S. St.) fjármálastjórnina um, að hún hefði ekki haft nógu strangt eftirlit með ráðsmensku atvinnumálaráðherra í vegamálum, og að farið hefði verið fram úr áætlun með suma útgjaldaliði vegamálanna.

Jeg skal nú játa það, að jeg vissi ekki fyrirfram um það, hvað rætt yrði hjer um, og þar sem jeg hefi verið lengi fjarverandi, þá get jeg ekki gefið nákvæma skýrslu um þessi atriði, fyr en jeg at-huga þau uppi í stjórnarráði, en jeg veit hins vegar, að atvinnumálaráðherrann, sem framkvæmdir hefir í þessum málum, muni svara hjer fyrir gerðir sínar. En annars mun háttv. þingm. ljóst, að hvað eftir annað hefir það komið fyrir, án þess að um hafi verið sakast, að meira hefir verið unnið annað árið, og farið yfir áætlanir, en minna á hinu, þegar sjerstakar ástæður hafi verið fyrir hendi. Og sá, sem framkvæmdina hefir, verður að dæma um, hvort ástæðurnar eru fyrir hendi eða eigi.

Þá talaði hv. þm. (S. St.) um, að traust mitt mundi hafa minkað í landinu. Jeg veit ekki, af hverju hann dregur þá ályktun. Ekki virtist mjer, satt að segja, votta fyrir því á fundi þeim, sem jeg var á á Akureyri, og hefir það þó ekki verið talinn hjartasti blettur stjórnarinnar, en þar var mjer tekið eins vel og jeg gat óskað mjer, og voru þó stórmál rædd þar í marga tíma.

Í sambandi við landsverslunina beindi hv. flm. (S. St.) sökum að mjer í sykurmálinu.

Vantraustsyfirlýsing.

En hins ljet hann ógetið, að ný stjórn var sett fyrir verslunina, og þar átti jeg hlut að máli, eigi síður en hinir ráðherrarnir.

Það var að vísu eigi nema skylda mín, en á það mátti eins minnast, ef hirt hefði verið um að fylgja sannleikanum.

Á síðasta þingi var fjárhagsnefnd Alþingis falið að rannsaka allan fjárhag landsins.

En niðurstaðan varð í öllum aðalat-riðunum hin sama og jeg lagði fyrir þingið þegar í byrjun, og man jeg þó, að hátt glumdi í háttv. þm. (S. St.) þá, er nefndin var sett, en mögur var niðurstaðan fyrir hann. Þá er um skattamálin það að segja, að stjórnin lagði fyrir síðasta þing þrjú skattafrv., og hv. flm. vantraustsyfirlýsingarinnar (S. St.) fylgdi þeim öllum og kom aldrei með svo mik- ið sem eina brtt. við þau.

Jeg man líka, að jeg sagði þá við hann, að jeg væri honum þakklátur fyrir það, hve vel hann styddi mig.

Það hlýtur að koma mönnum undar-lega fyrir sjónir, að þessi hv. þm. (S. St.) skuli leyfa sjer að bera fram vantraustsyfirlýsingu á hendur mjer, þegar það svo kemur í ljós, að rökin eru engin, en þessi sami hv. þm. hefir stutt mig í þeim aðalmálum, sem heyrðu undir mig.

Eða hvað er það þá í mínum verka- hring, sem sjerstaklega verðskuldar vantraust? Er það það eitt, að hæstv. atvinnumálaráðherra hefir látið vinna of mikið að vegabótum?

Jeg hefi þegar sýnt fram á, að Öskju- hlíðarvinnan var sjálfsögð, og auk þess bar öll stjórnin ábyrgð á henni.

Jeg verð því að skora á þm. (S. St.) að koma nú með skýr rök til að byggja vantraustsyfirlýsinguna á. Og því meiri ástæða er til þeirrar áskorunar minnar,

þar sem það kunnugt, að stjórnin hefir komið sambandsmálinu í gegnum þingið.

Hv. flm. (S. St.) hlýtur að skilja það, að meira þarf en hljóminn einan til þess að fella þá stjórn, sem slíku máli hefir fram komið.

Það munu því verða fleiri en jeg, sem líta svo á, að háttv. flm. (S. St.) gangi í barndóm, ef hann flytur ekki fleiri og sterkari rök fyrir sínu máli.

Það er svo, held jeg, ekki fleira, sem jeg þarf að svara.

En öll framkoma hv. vantraustsflytj- anda bendir á það, að hann sje að verða að pólitísku skari, sem aldrei muni bera birtu frammar hjer í þingsölunum.

Guðmundur Björnson: Herra forseti! Jeg bið mjer ekki hljóðs til að blanda mjer í það deilumál, sem hjer er nú á döfinni, um stjórnarathafnir atvinnu- málaráðherra og fjármálaráðherra. — Mjer er annað í huga.

Allur hugur minn snýst um það eina mikla vandamál, sem þetta þing hefir haft til meðferðar, um sambandsmálið. Mörg eru málin og margs er að gæta hjer á þjóðarþingi, ekki síst nú um stundir. Og því síst að furða, þó að menu greini á um marga hluti, og það að miklum mun.

En eitt er þó víst, — eitt er það mál- ið, sem alla tíð verður að sitja í fyrir- rúmi fyrir öllum öðrum nauðsynjamál- um þjóðarinnar, og það er þetta mál, sem nú er efst á baugi. Það er sambandsmál- ið, sjálfstæði þjóðarinnar út á við, líf hennar, heiður og velferð í nútíð og framtíð.

Hv. flutningsmaður tillögunnar, sem hjer liggur fyrir (S. St.), gat þess í ræðu sinni, að á síðasta þingi hefði hann ekki

Vantraustsyfirlýsing.

viljað fara fram á stjórnarskifti vegna þessa mikla velferðarmáls, vegna sambandsmálsins.

Það er nú álit mitt og allflestra minna flokksbræðra hjer á þingi, að hv. flm. þessarar vantraustsyfirlýsingar hafi öldungis rjett fyrir sjer í því, að á síðasta þingi myndi vantraustsyfirlýsing, borin upp á hendur einhverjum ráðherranna, hafa komið sjer mjög illa fyrir þetta lífsspursmál þjóðarinnar, sjálfstæðismál hennar.

En hver er mismunurinn á þá og nú?

Vjer heimastjórnarmenn, flestir okkar, fáum ekki sjeð neinn mun, engan verulegan mun. Okkar nýi sáttmáli hlaut þá jákvæði 38 þm. af 40, og þá sagði enginn nei. Og engum gat dulist, að málið mundi nú fá fullnaðarsamþykki þeirra sömu 38 þjóðarfulltrúa — eins og raun er á orðin.

Vjer stöndum því enn, að heita má, í sömu sporum.

En er það eftir að leita atkv. þjóðarinnar um þetta mál, og enn sem fyr er eftir að útvega fullnaðarsamþykki sambandsþjóðar vorrar. Og enn sem fyr — engu síður en á síðasta þingi — er mjög hætt við því, að stjórnarskiftadeilur gætu spilt þeirri eindrægni utan þings og innan, sem nauðsynleg var og er fyrir framgang þessa mesta máls þjóðarinnar, og það þeim mun fremur, sem tveir merkir þm., þeir, sem ljetu málið hlutlaust í sumar, hafa nú neitað því fylgi sínu.

Af þessum ástæðum leyfi jeg mjer, herra forseti, að leggja það til af minni hálfu og flestra minna flokksbræðra, að þessu máli verði ráðið til lykta með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

Þar sem vantraustsyfirlýsing sú, sem fram er komin, til atvinnu-

málaráðherra og fjármálaráðherra, getur spilt eindrægni þeirri, sem nauðsynleg var og er fyrir framgang aðalmáls þings og þjóðar, sambandsmálið, sem enn er ekki útkljáð að fullu, þá þykir þinginu ekki hlýða að bera hana undir atkvæði, og tekur fyrir næsta þingmál.

Halldór Steinsson: Af því að jeg er annar af flutningsmönnum að öðrum lið vantraustsyfirlýsingarinnar, þykir mjer hlýða að taka til máls, enda þótt jeg geti búist við, að sumt af því, sem jeg segi, verði endurtekning á því, sem hv. meðflm. minn (S.St.) sagði. Hann hefir fært svo góðar og glöggar ástæður fyrir till., að jeg býst ekki við að geta gert það betur. En aldrei er góð visa of oft kveðin, og þótt syndir stjórnarinnar væru hafðar upp fyrir henni, ekki sjö sinnum, heldur sjötiú sinnum sjö sinnum, þá væri það ekki ofgert. Það mun nú engan furða á því, þótt jeg sje óánægður með þessa stjórn, eða rjettara sagt með nokkurn hluta hennar. Jeg þykist hafa sýnt það svo oft áður, bæði innan þings og utan.

Árið 1916, þegar ráðherrunum var fjölgað, stóð jeg næstum því einn uppi í þinginu til andmæla gegn þriggja manna stjórn. Þóttist þá færa góð og glögg rök fyrir því, að þriggja manna ráðuneyti mundi ekki gefast betur heldur en eins manns stjórn. Nú hefir þessi spá mín ræst, því sjaldan hefir stjórnar farið í landinu verið verra en þessi tvö síðustu ár, sjaldan síðan ráðherra varð búsettur hjer á landi. Því var haldið fram af meðhaldsmönnum ráðherra-fjölgunarinnar 1916, að til hennar lægju tvær aðalástæður, sem sje 1) að störf stjórnarinnar væru orðin svo umfangs-

Vantraustsyfirlýsing.

mikil, að þau væru ofvaxin einum manni, og 2) að fjölgun ráðherra mundi auka og efla frið innan pólitísku flokka-anna á þingi. Við þessa tveggja ára reynslu er það nú komið fram, að hvor-ug þessara ástæðna hefir haft við neitt að styðjast.

Eins og kunnugt er, hefir stjórnin á þessum árum tekið fjölda manna í sína þjónustu, ýmist í fastar nefndir eða einstaka menn til vissra starfa. Við þetta er í sjálfu sjer ekkert verulegt athuga-vert, þar sem þessir erfiðu tímar hafa að ýmsu leyti heimtað það, en hinu vil jeg halda fram, að það er mjög líklegt, ef ekki áreiðanlegt, að ekki hefði verið þörf á fleirum mönnum, þótt ráðherr-ann hefði að eins verið einn, í stað þriggja.

Þá skal jeg minnast á friðinn. Ef það er friður í þeim skilningi, að ýms afglöp stjórnarinnar hafa verið látin óátalin og afskiftalaus af einskærri vægð við stjórnina, ef það er friður að þegja yfir ráðlauslegum fjáraustri stjórnarinnar til ýmsra óvissra fyrirtækja, þegja yfir bersýnilega ranglátum embættaveiting-um o. s. frv., ef það er friður, að flestir þm. eru sáróanægðir með stjórnina, án þess að láta óánægju sína öðruvísi í ljós en hver við annan innbyrðis eða í viðtali við menn út í frá — ef það er þessi friður, sem menn hafa búist við, þá játa jeg, að honum hefir verið náð. En jeg vil jafnframt taka það fram, að jeg fyrir mitt leyti kýs heldur heilbrigð- an ófrið en slíkan frið, sem í sjálfu sjer er enginn friður, heldur nokkurskonar lognmollumók eða andvaraleysi, sem hverju þjóðþingi er hættulegt og ósam- hoðið.

Þingið 1916 drýgði þá höfuðsynd að mynda þessa samsteypustjórn, úr þrem- Alpt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

ur gagnólikum flokkum. Þá hefði verið ólíkt viturlegra og heppilegra að láta alla stjórnina standa og falla með þeim litla meiri hluta, sem þá var hægt að mynda í þinginu, heldur en að hún stýddist við þrjú flokksbrot, sem í raun og veru eru hvorki nægileg til að styðja hana eða fella. Þess vegna er nú komið sem komið er, að allir ráðherrarnir eiga fleiri eða færri andstæðinga í öllum flokkum þingsins, auk allra flokksleys- ingjanna, sem hafa neyðst til að segja skilið við flokka sína, vegna hins óheil- brigða stjórnarfyrirkomulags.

Það er og eins nokkurskonar sam- ábyrgð milli ráðherranna innbyrðis. Ef einn þeirra gerir sig sekan í einhverju vitaverðu atferli, telja hinir sjer skylt að verja hann og reyna að draga úr flokksmönnum sínum að afstýra því.

Slíkt ástand verður óþolandi til lengd- ar, enda gengu flestir þm. út frá því á þingi 1916, að þessi samsteypustjórn væri hreint og beint neyðarúrræði, sem ekki væri hugsanlegt að stæði nema til bráðabirgða. Nú er svo komið, sjerstak- lega síðan heita má að sambandsmálið sje til lykta leitt, að það er eiginlega ekk- ert sjerstakt mál, sem getur skift flokk- um á þinginu, og flokkaskiftingin hlýtur því fyrst um sinn að eins að snúast um menn, en ekki málefni.

Jeg vil nú strax taka það fram, að þótt jeg sje meðflm. að eins að öðrum lið vantraustsyfirlýsingarinnar, þá er svo langt frá því, að jeg sje ánægður með allar gerðir hæstv. forsætisráðh. og fjármálaráðh. Hitt er annað mál, að jeg tel þá ekki hafa brotið það af sjer, að gerlegt sje, eins og stendur, að koma fram með vantraustsyfirlýsingu gegn þeim.

Hæstv. atvinnumálaráðherra sagði í

Vantraustsyfirlýsing.

ræðu sinni, að honum þætti kynlegt, að hjer væri að eins ráðist á nokkurn hluta stjórnarinnar, að hjer væri verið að gera tilraun til að kippa einstöku stoð undan þessari veglegu stjórnarbyggingu. En jeg hygg, að jeg þurfi ekki að minna hann á það, að þegar byggingar eru rifnar, endurbættar og endurreistar, þá er venja að kippa fyrst burt fúnustu stoðunum, og svo er það hjer, svo að samræmi er í þessari vantraustsyfirlýsingu, þar sem fyrst og fremst er lögð áhersla á, að honum sje vikið úr stjórninni. Það kann einhverjum að virðast, að jeg ráðist hjer á garðinn þar sem hann sje lægstur, þar sem er að ræða um atvinnu-
málaráðherrann, mann, sem er kominn á fallanda fót, en auk þess er yngsti stjórnmalamaðurinn í stjórninni. Jeg skal játa, að jeg hefði helst kosið, að til þessara umræðna hefði ekki þurft að koma, að ráðherrann hefði óneyddur fundið til vanmáttar síns og sagt af sjer embætti. En hins vegar hefir það altaf verið venja mín í opinberum málum að meta málefnið meira en manninn, og þeirri reglu fylgi jeg hjer. Jeg ætla mjer ekki að fara að telja upp allar stjórnarsyndir atvinnumálaráðherra, því bæði hefir það verið gert nokkuð rækilega á síðasta þingi, og svo hefir meðflm. minn (S. St.) talað um flestar þeirra. Jeg vildi að eins með nokkrum orðum lýsa stjórnarhæfileikum og stjórnarferli hans alment, og þá um leið ef til vill taka nokkur dæmi til skýringar máli mínu.

Þau störf, sem atvinnumálaráðherrann hefir með höndum, eru langþýðingarmest af störfum stjórnarinnar, sjerstaklega nú á þessum erfiðu tímum. Undir þann ráðherra heyra öll verslunarmál landsins, öll atvinnumál o. s. frv. Í þann sess verður því að skipa mann

með sæmilega þekkingu á þessum málum. En það er ekki nóg, að hann hafi þekkingu á þeim; hann þarf einnig að hafa til að bera starfsþrek, dugnað og einurð til að láta þá þekkingu koma að notum í framkvæmdinni. Ef nú er litið til atvinnumálaráðherrans, hvort hann hafi þessa hæfileika til að bera, þá er því til að svara, að jeg hygg, að hann hafi sæmilega þekkingu á vissum sviðum innan síns verkahrings, og það er sannfæring mín, að þekkingarskortur hefði ekki þurft að verða honum að fótakefli, ef hann hefði haft hina hæfileikana, sem jeg nefndi, til að bera. En það er nú síður en svo sje. Það er varla hægt að gera þá kröfu til manns, sem er kominn nær sjötugu, að hann hafi það starfsþrek, sem atvinnumálaráðherrastaðan útheimtir, en hins mætti vanta, að hann, þrátt fyrir aldur sinn, hefði haft kjark, einbeitni og einurð til að stýra þeim málum, sem undir hann heyra, með því viti, sem honum er gefið. án þess að láta áhrif annara hlaupa með sig í gönur. En það er einmitt hikið, istöðuleysið og kjarkleysið, sem mest hafa stutt að því, að gera stjórn hans gersamlega óhæfa. Allir þessir brestir hafa greinilega komið fram í afskiftum hans af landsversluninni, Landsbankanum, samgöngu- og vegamálum, að ógleymdum þeim fáu embættaveitingum, sem hann hefir fengist við. Jeg hefi áður bent á hjer á þingi, í hve öfugt horf landsverslunin var komin á fyrra stjórnarári atvinnumálaráðherrans, og nenni jeg ekki að hafa það upp aftur hjer, en skal að eins geta þess, að sennilega hafa þá miljónir farið í súginn fyrir ráðlauslega stjórn verslunarinnar, og jeg hefi fylstu ástæðu til að halda, og jafnvel vissu fyrir því, að atvinnumálaráðherra átti ekki frumkvæði að því, að nýir og

Vantraustsyfirlýsing.

betri forstöðumenn voru skipaðir við verslunina, sem komu henni í betra horf. Hann mun að vísu hafa látið það afskiftalaust, og var það í sjálfu sjer þakk-arvert, því það mun vera eitt af þeim fáu skiftum, sem hann hefur farið eftir ráðum sjer vitrari og betri manna.

Ef hæstvirtum atvinnumálaráðherra skyldi detta í hug að segja, að þetta sje að eins staðhæfing út í loftið, þá vil jeg geta þess, að það er sannanlegt, og þegar sannað, að reikningar landsverslunarinnar voru í hinni mestu óreiðu; hver endurskoðandinn á fætur öðrum var fenginn til að yfirfara þá, án þess að fá nokkurn verulegan botn í þeim, þótt hæfir menn væru. Það er einnig sannanlegt, að það var á ýmsan hátt á þeim tíma tafið fyrir kaupmönnum og þeim gert erfitt að birgja landið að vörum, að óhæfir starfsmenn voru skipaðir við landsverslunina, sem ekki voru starfi sinu vaxnir, og að verslunarviðskifti Íslands við Ameríku voru þá í mesta ólagi.

Allir þekkja ástandið í Landsbankanum. Öllum sárnar það og gremst það, og jeg hygg, að allir góðir Íslendingar mættu bera kinnroða fyrir það, að stofnun, sem landið á að hlynna og hlú að, skuli njóta miklu minna trausts landsmanna, skuli vera eins og skuggi hjá annari samskonar stofnun, sem útlendir auðkýfingar eiga hjer í bæ. En hverjum er um að kenna? Og hver ætti að geta lagfært þetta ástand? Er það ekki atvinnumálaráðherra, sem hefir þar mest um að segja.

Eins og kunnugt er, er fjárhagur landsins nú mjög bágborinn, og aldrei hefir riðið meira á en nú, að fje landsins sje vel varið. Það vita allir, að það er mikið komið undir atvinnumálaráðherranum, því hann ávisar í raun og veru stærstu fjárhæðunum, þótt fjár-

málaráðherra geri ráðstöfun til útborgunar á þeim. Það hefir verið sýnt fram á, að stjórnin hefir varið stórum fjárhæðum til ýmsra fyrirtækja, sem ýmist hefði alls ekki átt að framkvæma, eða þá biða betri tíma, þar til fjárhagurinn batnaði.

Það eru ekki ýkjamargar embætta-veitingar, sem heyra undir atvinnumálaráðherrann, en þó er það svo, að flestar þeirra hafa vakið almenna óánægju og gremju, enda hafa sumar þeirra verið hreint og beint hneyksli, eins og t. d. veiting póstaðgreiðslustarfsins á Seyðisfirði. Þar var farið þvert ofan í og skelt skolleyrunum við eindregnum tillögum póstmestara, sem er allra manna kunnugastur og fróðastur um póstmál hjer á landi og er viðurkendur, bæði utan og innan sinnar stjettar, sem hlutdrægnislaus heiðursmaður. Hæstsv. atvinnumálaráðherra vildi halda því fram í ræðu sinni, að tillögurjettur póstmestara væri að eins form, sem engin ástæða væri til að láta sig skifta, og því mætti vel ganga fram hjá því, en jeg vil benda þeim góða manni á, að það er „form“, sem viðgengst um allan mentaðan heim og öll veitingavöld telja sjer skylt að taka mikið tillit til. Atvinnumálaráðherra komst líka í óþægilega mót-sögn við sjálfan sig rjett á eftir, þegar hann var að verja fjáraustur sinn úr landssjóði til ýmsra vegagerða. Þá sagði hann sjer til afsökunar, að hann hefði oftast farið eftir tillögum vegamálastjóra. Þá hefir honum þótt það meira en formið tómt að taka tillit til þeirra manna, sem höfðu glögga þekking á þeim málum, sem hann sjálfur botnar ekkert í. Þótt engar tillögur hefðu legið fyrir frá póstmestara, þá hefði nokkurn veginn heilbrigð dómgreind átt að geta skorið úr því, að sjálfsgat var

Vantraustsyfirlýsing

að veita embættið fremur vönum póstmanni en manni, sem aldrei hafði fengið við póstmál áður.

Allur stjórn málaferill Sigurðar Jónssonar hefir verið eins og ganga blinda manns um grýttan veg. En blindir menn þurfa venjulega stuðnings, og eins er það um þennan ráðherra. Hann er studdur hjer á þingi af svo kölluðum „Framsóknarflokki“. Ef atvinnu málaráðherra hefði einskorðað sig við að halda sjer við ráð flokksbræðra sinna á þingi, þá tel jeg ekki ólíklegt, að margt hefði farið öðruvisi, og ef til vill betur en farið hefir. En því er nú ekki að heilsa. Það er vitanlegt og alkunnugt, að atvinnu málaráðh. hefir alla sína ráðherratið verið undir áhrifum alræmdrar, að jeg ekki segi illræmdrar, kliku hjer í bæ, eða líklega sjerstaklega tveggja manna, sem hafa notað sjer ellihrumleik og ístöðuleysi hans til að koma sínum vilja fram. Ef Sigurður Jónsson hefði í sínum stjórnarstörfum látið samvisku sína og það vit, sem honum er gefið, ráða, þá hefðu þau farið honum betur úr hendi en raun er á orðin, þar sem hann hefir oftast farið eftir ráðum sjer margfalt verri manna.

En um slíkt þýðir ekki að ræða; stjórn hans hefir reynst með öllu óhæf, og því er þessi vantraustsyfirlýsing fram komin. Hvort sem hún fær fleiri eða færri atkv., þá er það vist, að það var brýn neudsyn á, að hún kæmi fram, til þess að það sæist svart á hvítu, hverjir á þinginu eru ánægðir með eða sætta sig við stjórnarfarið, eins og það er nú í þessu landi, og hverjir ekki.

Það hefir verið borin fram dagskrá þess efnis, að ekki hlýði að samþykkja þessa vantraustsyfirlýsingu vegna þess, að það geti orðið til þess að spilla ein-drægni um sambandsmálið, og hv. 6.

landsk. þm. (G. B.) hefir með mörgum hjartnæmum orðum mælt með þessari dagskrá. Það hljóta nú allir að sjá, að dagskráin hefir ekki við neitt að styðjast. Sambandsmálið er hjer um bil komið í örugga höfn, svo að stjórnarskifti gætu engin áhrif haft á úrslit þess. Það getur verið þægilegt fyrir þá menn, sem vilja halda dauðahaldi í þessa stjórn, að nota sambandsmálið, okkar helgasta mál, eins og nokkurskonar skálkaskjól til að hylja ósómann í stjórnarfari landsins, en jeg trúi ekki öðru en það verði fleiri en við flm., sem sjái, til hvers refarnir eru skornir, og greiði atkv. móti dagskránni.

Jón Jónsson: Hv. síðasti ræðumaður (H. St.) mintist á hina rökstuddu dagskrá, og vil jeg byrja á því að athuga lítið eitt ræðu hans. Mig furðar alveg á því, að heill flokkur í þinginu skuli geta komist að þeirri niðurstöðu, sem kemur fram í rökstuddu dagskránni, því mjer skildist svo, að hún væri yfirlýsing frá flokki þeim, sem hv. þm. (G. B.), er dagskrána bar fram, er formaður fyrir. Hann heldur því fram, að óheppilegt sje að skifta um stjórn vegna sambandsmálsins. Það fæ jeg ekki sjeð; nú horfir alt öðruvisi við með það en í vor; nú er það komið í fast horf; sameiginleg nefnd Íslendinga og Dana hefir komið sjer saman um það, og því nær full vissa fyrir, að Danir muni samþykkja gerðir sinna manna, og hjer á þingi hafa 38 af 40 þm. samþykkt það. Þar á meðal allir ráðherrarnir. Þegar málið er komið í svona fast horf, þá er varla hugsanlegt, að stjórnarskifti geti ruglað því eða tafið fyrir framgangi þess. Jeg er sannfærður um, að þjóðin muni taka málinu eins vel og þingið hefir gert, þegar til hennar kasta kem-

Vantraustsyfirlýsing.

ur að greiða atkv. um það. Frá hverri hlið, sem lítið er á málið, sýnist framgangur þess orðinn svo tryggur, sem framgangur nokkurs máls. Mig furðar því á Heimastjórnarflokknum, sem veit eins vel og jeg um alla þessa afstöðu, að hann skuli láta bera fram aðra eins dagskrá og þessa, sem varla verður öðruvisi skilin en svo, að hann vilji halda afstöðu sinni til ráðherranna leyndri, því að það má hann vita, að hann getur aldrei talið þjóðinni trú um, að það sje vegna sambandsmálsins, að hann vill halda stórninni kyrr; en þá er leynihjúpnum í raun og veru svift af, og hann stendur ber að því, að hann vill taka á sig ábyrgð á því, að ráðherrararnir sitji. En við eitt losast hann með þessari aðferð; hann losast við að lýsa trausti eða vantrausti á ráðherrunum, og við það getur mikið verið unnið, frá hans sjónarmiði, en hann má best vita sjálfur, hvort sú frammistaða sje uppbyggileg fyrir kjósendurna eða ekki. Jeg lít nú svo á, að þeir, sem ekki eru ánægðir með stjórnina, hafi sýnt næga sjálfsafneitun, að láta stjórnina í friði meðan sambandsmálinu gat verið hætta búin af stjórnarskiftum, og að nú sje þeim óhætt að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir, og því get jeg ekki verið sammála þeim, sem ekki vilja samþykkja vantraustsyfirlýsingu á stjórnina nú, eða nokkurn hluta hennar.

Þegar stjórn sú, sem nú situr að völdum, var sett á laggirnar, þá var ekki hægt að mynda neina meiri hluta stjórn, og fylgi hvers ráðherrans um sig því ekkert meiri hluta fylgi. Þó var fylgi atvinnumálaráðherrans eflaust minst; að minsta kosti var það svo fyrst innan hans flokks, því að þegar til kosninga var gengið um ráðherraefni innan flokksins, fjekk hæstv. atvinnumálaráð-

herra ekki nema eitt atkv., að mig minnir. Þm. N.-Þ. (B. Sv.) fjekk 6 atkv. og prófessor Guðm. Hannesson 4 atkv. En hæstv. forsætisráðherra baðst undan því að hafa þm. N.-Þ. (B. Sv.) fyrir samverkamann, og þá varð það loksins ofan á, að hinn núverandi atvinnumálaráðherra var settur í ráðherrasess. Hæstv. atvinnumálaráðherra hafði því upphaflega ekki fylgi nema eins manns, og það þó takmarkað, og það var ekki fyrir sakir trausts flokks hans á honum, að hann komst í ráðherrasess, heldur var hann settur þar út úr vandræðum og af því, að hann var sjálfur allfús á að taka að sjer starfið, en aðrir úr flokknum voru þess ófúsir.

Af þessu, sem hjer er sagt, má sjá, að hæstv. forsætisráðherra á sinn þátt í því, hver nú er atvinnumálaráðherra, enda ber ekki á öðru en að hann sje óánægður með þennan samverkamann sinn, og hinn samverkamanninn líka. Þessi skoðun styrkist meðal annars við það, að flokkur hæstv. forsætisráðherra, Heimastjórnarflokkurinn, ætlar, eftir því sem formaður flokksins lýsti yfir fyrir skemstu, að taka þessa tvo ráðherra til fósturs um sinn.

Það er sist að furða, þótt hæstv. atvinnumálaráðherra hafi ekki reynst starfa sínum vaxinn, þar sem honum er varpað inn í þessa ábyrgðarmiklu og erfiðu stöðu háöldruðum, alls óvönum stjórnmalastörfum og lítt kunnugum mönnum og málum, þar sem hann átti að vinna. Þegar alls þessa er gætt, má jafnvel segja, að hann hafi leyst starf sitt af hendi fult svo vel og við mátti búast; því að satt að segja gerðu flokksmenn hans sjer aldrei glæsilegar vonir um frammistöðu hans, hvað þá aðrir. Þar skjátlaðist hv. þm. N.-Ísf. (S. St.).

Það hefir verið talað ýmislegt um

Vantraustsyfirlýsing.

stjórnarstörf hæstv. atvinnumálaráðh., og jeg verð að segja, að jeg er óánægður með ýms þeirra. Jeg skal sjerstaklega taka það fram, því það hefir vakið svo mikla eftirtekt víða um land, að það er ómótmælanlegt, að utan um ráðherra þennan hefir safnast flokkur ábyrgðarlausra manna, sem slær skjaldborg um hann og hefir ánetjað hann. Það er al-kunna og margföld reynsla fyrir því, hvílikt tjón og siðspilling fylgir því, þegar ábyrgðarlausir menn ná föstum tökum á stjórn landa og nota hana einhliða í sína þágu eða síns flokks. Það er alveg sjerstök mildi, ef stjórn og land sleppur óskemt frá slíkum áhrifum. Jeg hefi þá skoðun, að hæstv. atvinnumálaráðh. sje ekki frjáls maður gerða sinna, heldur stjórnist mjög af öðrum; og jeg hefi litla trú á, að hann muni hafa þrek til að slíta sig úr netinu, sem hann hefir lent í — jeg þarf ekki að nefna nöfn; margir skilja án þess, við hvað jeg á. Þetta er eitt óánægjuefni mitt. En óánægjuefnin eru fleiri, þótt þau kunni að eiga að miklu leyti rót að rekja til hins.

Það hefir verið minst á, að hæstv. atvinnumálaráðh. hafi sýnt ófyrirgef-anlega hlutdrægni í embættaveitingum og sýslana. Slikt er viðkvæmt mál og hættulegt fyrir hverja stjórn og hvert land, þar sem brögð gerast að slíku. Með því er embættismannastjettin móðguð, og einhver hinn vissasti vegur til að spilla henni, er hún sjer, að dugnaður, samviskusemi og aðrir góðir kostir er að vettugi virt, og engin stund lögð á það af stjórninni að skipa hæfustu og verðugustu mennina í embættin, sem hún á að veita; það er þó varla trúlegt, að hæstv. atvinnumálaráðh. hafi átt við það í ræðu sinni, að þetta væri orðin úrelt kredda, þar sem hann var að tala um

í þessu sambandi, að nýir tímar heimtuðu nýjar stefnur; hitt er líklegra, að hann hafi verið að kasta fram einni af þessum almennu setningum, sem honum er svo gjarnt að koma með, en hafa þann galla, að þær koma ekki umræðuefninu við, þótt góðar og gildar sjeu þar, sem þær eiga heima.

Það hefir verið talað um veitingu póstaðgreiðslunnar á Seyðisfirði, og hæstv. atvinnumálaráðh. lítið lof hlotið fyrir hana. En það er annað embætti, sem grunur leikur á að sje sama sem búið að veita, þótt eigi sje það opinbert orðið; það er umsjónarembættið með vog og mæli, og ef það er satt, sem á orði er haft, þá væri sú veiting óverjandi, því hún bygðist ekki á hæfileikum umsækjenda, heldur á pólitískri vináttu. Hæstv. atvinnumálaráðh. verður að gæta þess, að heiðursmannsnafni hans hjá þjóð og sögu landsins getur orðið hætta búir af slíkum veitingum. Í sambandi við þetta skal jeg minnast á eitt atriði, er snertir hæstv. forsætisráðh. Því er fleygt, að ráðgert sje að veita vissum manni læknisembættið á Ísafirði, og að þessi maður sje ungur kandidat, að visu efnilegur, en að ganga eigi fram hjá margra ára lækni, sem ekki verður að neinu leyti út á sett. Sje þetta satt, þá er enn verið að rjetta eldri embættismönnunum einn löðrunginn. Hvað segir hæstv. forsætisráðherra um þetta? Jeg vona, að honum sje ljúft að svara mjer. Mjer finst, eins og nú er komið embættaveitingum, að þjóðin eigi heimting á að fá að vita fyrirætlanir stjórnarinnar um þær, þegar fulltrúar hennar krefjast þess. Jeg átti tal um embættisveitinguna á Ísafirði við lækinn á Vopnafirði, sem er einn af umsækjendum læknishjaraðsins; kvað hann sjer vera mikil forvitni á að vita, eftir hvaða reglum veitingavaldið færi,

Vantraustsyfirlýsing.

ef það veitti embættið ungum kandidat, en hafnaði eldri og reyndari mönnum. Það er von, að slík aðferð slái óhug á embættismennina; þeir sjá, að það er lítil framavon, þótt þeir reyni að vanda sig, og það væri varla meira en mannlegt, þótt þeir drægju fremur af sjer. Þetta held jeg að hæstv. forsætisráðh., sem sjálfur er embættismaður, mundi skilja enn betur en embættisbróðir hans, atvinnumálaráðh. Getur hæstv. forsætisráðh. ekki gert sjer í hugarlund, að ef embættaveitingar taka að gerast mjög af handahófi, þá muni ýmsir hinna dugmeiri af embættismönnum hverfa frá embættum sínum og taka annað fyrir; þeir eru, hvort sem er, ekki svo ánægðir með kjör sín að öðru leyti undir stjórn hans. En hann treystir því líklega, að altaf muni fást maður í manns stað, og stjórnina varði það ekki miklu, hvort hún hafi nokkru duglegri eða óduglegri embættismönnum á að skípa, nje heldur landið.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) mintist á margt í sambandi við embættaveitingarnar og flutti mál sitt skörulega. Þó fanst mjer hann fara helst til langt í einstaka atriðum, svo sem um sum afskifti hæstv. atvinnumálaráðh. af Landsbankanum; þannig get jeg ekki átalið hann fyrir veitinguna á landsbankastjóraembættinu; jeg fæ ekki betur sjeð en að hún hafi tekist vel og að bankastjórinn sje vel til starfans fallinn; hinn manninn, sem settur var, þekki jeg ekki sem bankastjóra, og dæmi því ekki um hann.

Jeg er að nokkru leyti sammála því, sem hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talaði um vegamálin; þó mun hann hafa gengið þar heldur langt í sparnaðaráttina. Það má í allra seinustu lög skirrast við að framkvæma bráðnaúdsynlegar vegabæt-

ur. Mín skoðun er sú, að samgöngu-bætur sjeu einar af allra fremstu þjóðþrifaframkvæmdum, og þótt nú sjeu erfiðir timar, megum við ekki kippa að okkur hendinni með að bæta vegi og brýr, þar sem brýn þörf kallar að. Þó verður fje að vera fyrir hendi til slíkra framkvæmda.

Hv. þm. (S. St.) talaði um, að stjórnin væri þinglaus og þingið stjórnlaust, ef þessu hjeldi áfram. Það er mikið til í þessu, og það fer að verða þreytandi fyrir þjóð og þing, og litt verjandi, að búa lengi undir slíku. Það er allra mesti misskilningur hjá hv. fylgjendum hinnar rökstuddu dagskrár, ef þeir hugsa, að þeir geti kastað ryki í augu þjóðarinnar með henni. Allir heilskygnir menn sjá það, sem dylja á með henni.

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) drap á það, að stjórninni mundi verða lofað að lafa af persónulegum ástæðum. Má vera, að eitthvað sje til í þessu, að minsta kosti um atvinnumálaráðh. En jeg tók þó eftir því í vetur, að blað hans, „Timinn“, var á því að fresta fánamálinu, og svo leit út um stund, sem þessi skoðun mundi verða ofan á hjá flokki hans, eða að minsta kosti varð vart við hana hjá einstökum flokksmönnum. Mun þetta ekki hafa komið af því, að þeir, sem þessu hjeldu fram, hafi ekki viljað stofna ráðherratign atvinnumálaráðh. í hættu, því að undarlegt var, að þeir, sem greiddu atkv. með fánamálinu, skyldu alt í einu komast á þá skoðun, að best væri að leggja það á hilluna, því lægi ekki á.

Hæstv. forsætisráðh. talaði um, að stjórnina greindi ekki á í þeim málum, sem hún ætti að vinna að í sameiningu. Það getur verið; jeg er því ókunnugur. Á hann hefir ekki verið gerð árás, og sjálfur ætti hann manna sist að ráðast

Vantraustsyfirlýsing.

á þá menn, er vilja gera breytingar til góðs á stjórnarfyrrirkomulaginu. Jeg skil ekki í, að hann sje svo skyni skroppinn, að hann vilji halda ljelegum manni, en hafna öðrum betri, ef völ er á, og hann veit, að góður maður er til í sætið; en ef dæma má eftir dagskrá flokks hans, litur út fyrir, að hann vilji halda dauðahaldi í hinn núverandi atvinnu-málaráðh., eigi síður en fjármálaráðherrann.

Það er alment játað, að hæstv. forsætisráðherra hafi sýnt mikla lægni í samningunum við Dani, og er sjálfsagt að virða það við hann. Það er líka viðurkent, að hann sje maður vel gefinn og að hann mundi miklu góðu til vegar koma, ef hann hefði duglega samverkamenn, en má ske skortir hann þann mikla stjórnandakost, að kunna að velja sjer samverkamenn; hefði hann þann hæfileika, þá er óskiljanleg framkoma hans gagnvart samverkamönnum og fastheldni hans við þá; hann ætti þó að verða manna fegnastur að fá duglegri og samhendari samverkamenn. Það skyldi þó aldrei vera, að hæstv. forsætisráðh. myndist það hyggilegt fyrir sig að fara að hallast að hinum nýju flokkum, sem nú eru að koma upp, sjerstaklega flokki hæstv. atvinnu-málaráðherra, og að hann geri ráð fyrir, að þeir muni bráðum fá yfirtökin í landinu? En varla skil jeg þó í, að hann vilji leggja nútíðarheill landsins í sölurnar fyrir slíka framtíðardrauma; þá væri hann ekki sá drengur, sem hann er talinn vera.

Hæstv. atvinnu-málaráðh. finst það ábyrgðarhluti fyrir sig að segja af sjer og gera með því glundroða í sambandsmálinu; kveðst hann ekki vilja gera slíkt kjósenda sinna vegna, meðan þeir fari ekki fram á það. En jeg held, að jeg megi

fullvissa hæstv. atv. málaráðh. um það, að þjóðin mundi fyrirgefa honum það, þótt hann segði af sjer þegar í stað; um hitt er jeg ekki jafnviss, hvort hún muni eins ljúflega fyrirgefa honum það, ef hann situr kyr, eftir alt sem fram er komið.

Svo skal jeg vikja að eins fáum orðum að hæstv. fjármálaráðherra. Jeg lit líkt á og hv. þm. Snæf. (H. St.), að nokkru öðru máli sje að gegna með hann en atvinnu-málaráðherrann, og að starf hans sje ekki jafnviðtækt og þýðingarmikið sem atvinnu-málaráðherra. Þó skal jeg geta þess, að jeg hefi ekki mikla trú á honum sem fjármálaráðherra. Og eitt hefir nýlega komið fyrir hjá honum, sem mjer þykir miður fara. Á síðasta þingi voru, sem kunnugt er, samþykkt lög um stimpilgjald. Það hefir dregist lengur en góðu hófi gegnir að fá lög þessi staðfest, og landssjóður við það mist af töluverðum tekjum. Þetta er vitavert og bendir á, að hæstv. ráðherra stendur ekki alls kostar vel á verði.

Hæstv. fjármálaráðherra tók það fram, að það hefði orðið ofan á 1917 að skipa stjórn til að ná samkomulagi um deilumálin út á við, og því hefðu ráðherrarnir verið teknir úr þrem flokkum. Þetta er ekki alls kostar rjett. Stjórnin var skipuð úr þrem þingflokkum af því, að ástandið var þannig, að enginn þingflokkurinn var nógu sterkur til að mynda meiri hluta stjórn. Ekki hefir ástandið batnað síðan. Ýmsir þingmenn, sem voru í flokki 1917, hafa gerst óánægðir með gerðir flokks sins og ráðherra, og sumir sagt skilið við flokkinn; er nú alt að komast á ringulreið, og fer þetta ástand að verða skringilegt í augum þjóðarinnar og alt annað en glæsilegt.

Ef engir þingflokkar væru nú til, þá

Vantraustsyfirlýsing.

mundi eflaust verða breyting á stjórninni. En hún mun lafa á því, að ýmsir í hverjum flokkinum fyrir sig vilja eigi segja skilið við sinn ráðherra og sinn flokk, þótt flokkarnir hafi nú engin þau stefnumál, sem flokksmenn allir geti skrifað undir, og fyrir sambræðing allra flokkanna, eða rjettara sagt flokksbrotnanna, sitja allir ráðherrarnir kyrrir. En með þessu verður eigi gagnvart þjóðinni breitt yfir sundrungina í þinginu, og síst mun ástandið í þinginu, ef ekki hreinsast neitt loftið, verða til meðmæla fyrir alla þingmenn, þegar til kosninga verður gengið.

Skal jeg svo ekki fara lengra út í þetta mál því jeg get ekki verið að tína upp allar ávirðingar hæstv. atvinnumálaráðherra.

Eggert Pálsson: Jeg vil byrja á því, að biðja hv. forseta að sjá um, að þingmenn gangi til sætis, því jeg á sæti í hv. Ed. og kann því illa, að ys og þys sje á fundum.

Það er oftast svo, að þegar um alvarleg og þýðingarmikil mál er að ræða, þá hafa einstakir þm. ráðið það við sig fyrirfram, hvernig þeir greiða atkvæði, og svo er það nú. Afdrif þessa máls eru ákveðin fyrirfram, svo það hefir enga þýðingu, hvort málið er litið eða mikið rætt.

Eins og allir vita, þá eru þeir núverandi fjármálaráðherra og núverandi atvinnumálaráðherra ekki komnir í þessi sæti fyrir atfylgi mitt nje annara heimastjórnarmanna, en hvað atvinnumálaráðherrann snertir, þá gengum við heimastjórnarmenn að því, að Framsóknarflokknum væri leyft að skipa eitt ráðherrasætið, en það bar ekki að skoða sem traust frá mjer eða flokknum, heldur að eins að flokkurinn vildi liða það í Alpt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

lengri eða skemri tíma og sjá, hvernig fulltrúa Framsóknarflokksins tækist að rækja þetta trúnaðarstarf. Með svipuðum hætti tók núverandi fjármálaráðh. (S. E.) við er hv. 1. þm. G.-K. (B. K.) fór frá.

Þó þessir menn hefðu ekki í upphafi beint traust heimastjórnarm., þá gat svo farið, að þeir öfluðu sjer þess með starfi sínu, en raunin hefir orðið alt önnur frá mínu sjónarmiði.

Jeg vil þá fyrst minnst á hv. atvinnumálaráðh. Flutnm., hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), benti á ýmsa galla í embættisfærslu hans, — sem hann kallaði afglöp — svo sem Tjörneshneykslið, Öskjuhlíðarfarganið og Hafnarfjarðarveginn. Til þess alls hefir verið eytt afarmiklu fje, en lítil eða engin not komið í móti. Það er altaf eftirsjónarvert, þegar fje er eytt til einkis gagns og í beinni fásinnu, en þó ekki síst nú, er við þurfum alls okkar með í baráttunni fyrir tilverunni, og altaf verður erfiðara og erfiðara undir fót.

Verksvið þessa ráðh. er einkum að efla atvinnuvegi landsmanna með ráðum og dáð, en þar hefir hann ekki, svo að jeg viti, bætt úr nokkru. Atvinnuvegirnir, sjávarútvegur og landbúnaður, hafa eigi orðið varir við bætandi áhrif frá hans hendi. Hvað sjávarútv. snertir, hefir hann ekkert gert, enda hefir enga þekkingu til þess að geta látið þar gott af sjer leiða; hann hefir áður fengist við landbúnað, og skyldi maður því heldur ætla, að hann hefði þekkingu og vilja til að rjetta honum hjálparhönd, en jeg hefi ekki orðið þess var, að hann hafi gert honum neitt til stuðnings; það skyldi þá helst eiga að felast í fráfaranafrv., sem hann bar fram og lagði svo fast með, en móti því varð jeg að vera, því að jeg leit og lít svo á, að í því hafi ekki falist stuðningur fyrir landbúnaðinn, heldur hafi

Vantraustsyfirlýsing.

Það miklu fremur miðað til þess að leggja fótakefli fyrir hann; því hvernig hefði farið ef allir hefðu fært frá? Þá hefði ekki verið til frálags annað en fjallalömb og kvíaaer, í stað dilka og dilkaá nú. Og ætti öllum að skiljast sá munur, því að ær eru, að allra skynbærra manna dómi, miklu betri til frálags þegar þær ganga sjálfráðar á fjalli heldur en þegar þeim er haldið í heima-högum, og allir vita hinn mikla mismun á dilkum og fjallalömbum. Afrek þessa ráðherra að því er landbúnaðinn snertir munu nú upp talin og eru ekki á þá sveif, er fremur skyldi, eða kann nokkur önnur dæmi þess?

Jeg skal ekki rekja ítarlega stjórn-málastarfsemi hæstv. fjármálaráðherra. Verksvið hans er aðallega tvennskonar, í fyrsta lagi að afla landssjóði tekna, og í öðru lagi að sjá um, að fje landssjóðs sje ekki varið til óþarfa. Hann hefir gert talsvert til að afla landssjóði tekna, því skal jeg ekki neita, enda hefir það verið óhjákvæmilegt, þar sem öll útgjöld margfaldast nú á tímum, en hann hefir aftur á móti ekki haldið eins vel á fje landssjóðs og æskilegt og nauðsynlegt hefði verið; þarf í því efni ekki að benda á annað en Öskjuhlíðarfarganið, sem hann hefir átt drjúgan og jafnvel drýgstan þátt í.

Þó jeg sje samþykkur þeirri skoðun, sem kemur fram í þingsál., þá hefði jeg samt talið rjettast að hleypa henni ekki af stað að þessu sinni, því jeg efa ekki, að þingsál. verður feld. Eins og nú stendur, er hið pólitíska loft engan veginn fullhreinnað; til þess þarf nýjar kosningar, eða ný stórmál að koma fram, svo menn skipi sjer í hreina flokka með ákveðnum línunum, stjórnarflokk og andstöðuflokk, en á þetta brestur talsvert enn; það sýnir best hin rökstudda dagskrá, sem hefir

verið borin fram og jeg þykist vita að nái samþykki þingsins. Þó þessi rökstudda dagskrá sje borin fram af formanni Heir'nastjórnarflokksins, þá mun jeg ekki ljá henni atkvæði mitt, vegna þess að hún segir ekkert. En ef hún segir nokkuð, þá er það það, að menn hafi ekki fullan hug og þor til að greiða þingsál. atkv.

Hæstv. fjármálaráðherra sagði áðan, að svo framarlega sem hann hefði ekki traust þingsins, þá segði hann af sjer. En það eitt er vist, að ef dagskráin verður samþ., þá sýnir það ótvíræðlega, að hann hefir ekki traust þingsins. Ætlað hæstv. fjármálaráðherra þá að breyta samkvæmt orðum sínum? Jeg veit, að ýmsir aðrir hv. þm. myndu gera það, en ætli hann láti ekki að vanda lenda við orðin tóm?

Það er haft sem ástæða til þess að gylla dagskrána, að enn sje óvist um afdrif sambandsmálsins, og það verði að binda fullan enda á það áður en stjórnarskiptin sjeu gerð að nokkru eða öllu leyti. En jeg fæ með engu móti sjeð, að sambandsmálið komi á nokkurn hátt við þessu máli. Jeg kannast við það, að slík vantraustsyfirlýsing hefði getað haft slæm og víðtæk áhrif á það mál á síðasta þingi, en þar sem þingið hefir nú samþykkt frv. með 38 : 2 atkv., þá fæ jeg ekki sjeð, hver áhrif það ætti að hafa, þótt nú væri skift um nokkurn hluta stjórnarinnar. Ekki getur það haft hin minstu áhrif á gang málsins í Danmörku, hverjum nöfnum ráðherrar vorir heita, og hjer á landi getur það ekki haft hin minstu áhrif heldur, því svo mikið traust ber jeg til þessara tveggja manna, sem hjer eiga hlut að máli, að þeir fari ekki að ganga á móti atkv. sínu í sambandsmálinu, þótt þeir færu úr ráðherrasæti. Mjer finst það vera

Vantraustsyfirlýsing.

meira en lítið vantraust á þeim herrum að ætla þeim slíkt, meira vantraust en nokkurn tíma kemur fram í þingsál.

Því hefir verið skotið fram, að dag-skráin taki sig nógu vel út á pappírnum. Það má vera, að svo sje, en þegar hún er krufin til mergjar, þá sjá allir, að hún er ekki annað en vafningar og vífilengjur. Hika jeg ekki við að taka þetta fram, því jeg er vanur að koma hreint til dyra, þótt maður, er fyllir sama flokk og jeg, beri hana fram fyrir hönd meiri hl. flokksbræðra okkar. Jeg get því ekki skriðið undir sauðargæru þá, sem felst í dagskránni, en býst við því að greiða atkv. með þingsál., enda þótt jeg viti vel, að hún muni falla.

Gísli Sveinsson:* Jeg get farið fljótt yfir sögu, því að tveir hv. þm. hafa farið svipuðum orðum um málið og jeg sjálfur vildi vera láta. Jeg vil þó lýsa afstöðu minni til málsins, þótt mörgum muni hún kunn vera. Jeg og margir fleiri hv. þm. eru sama sinnis og hv. flm. (S. St.), þótt við höfum af ýmsum mismunandi ástæðum ekki verið flm. að þingsál.till.

Í fyrsta lagi lit jeg svo á, sem stjórnin sje alls ekki bær að sitja áfram. Þar er jeg þess mest hvetjandi, að öll stjórnin fari frá, og jeg tel ekki tilgangi þingsins náð, þótt einhver einn ráðh. leggi niður völd. Þar með segi jeg alls ekki, að þeir gætu ekki tekið aftur sæti í stjórninni, og mjer þætti fyrir mitt leyti takandi í mál, að hæstv. forsætisráðherra yrði áfram í stjórnarsessi — í nýrri stjórn —, og hin nýja stjórn yrði skipuð

* Þessa ræðu gat þingmaðurinn (G. Sv.) hvorki lesið nje leiðrjett, sakir óviðráðanlegra atvika. Er hún því prentuð hjer eins og hún kom frá hendi innanþingskrifanna, og vil þingmaðurinn léta þess getið.

í samráði við hann. Hann hefir einn allra ráðherranna átt þátt í framgangi þessa máls, er við berum allir fyrir brjósti og nú hefir náð samþykki þingsins.

Jeg sýndi það ljóst á aukapönginu í vor, að þetta samsull milli litilla flokksbrota er óeðlilegt og að stjórn, sem á því hvílir, á engan tilverurjett og getur aldrei blessast. Og það hefir sýnt sig, að það er ómögulegt að mynda heilbrigða stjórn úr flokksbrotum, sem eru óskyld og geta ekki samrýmst, flokksbrotum, er vitanlega hafa mismunandi og ólíkra hagsmuna að gæta.

Hæstv. forsætisráðherra sagði, að það væri misskilningur, að stjórnin þyrfti að hafa samfeldan meiri hluta að baki sjer. Það er ekki rjett, en jeg tel víst, að hæstv. forsætisráðherra segi þetta til þess að bera blak af stjórninni, því að hann sagði, að hjer vantaði meiri hluta, sem bæri ábyrgð á gerðum stjórnarinnar. Það er fullvist, ef það er krufið til mergjar, og á vitorði alþjóðar, að stjórnin hefir engan meiri hluta að baki sjer, ef það kæmi í ljós, sem hverjum einum býr í brjósti. Það hafa margir þm. sagt, er þeir tala ærlega við mann, og það hv. þm. úr meiri hl., að stjórnin væri óhæf og mætti ekki halda áfram, en það raskar því ekki, að þessir heiðursmenn greiði atkvæði með því, að stjórnin sje kyr, eða láti óhæfuna ríkja áfram. Þeir heykjast á því, að vera ærlegir í verki, þótt þeir geti verið ærlegir í orði.

Hæstv. forsætisráðherra var að tala um, að stjórnin í Frakklandi væri sterk, þótt hún væri mynduð af ýmsum flokkum. En það er misskilningur. Sú stjórn varð að hverfa úr sögunni, en gamlir ráðherrar — eða gamall ráðherra — tók að sjer stjórnina, af því að hann hafði traust meiri hlutans. Eins var um til-

Vantraustsyfirlýsing.

vitnun hans til nágrannalands vors, Danmerkur. Stjórnin hefði, sagði hann, í raun og veru meiri hl. í báðum þingum. Nú hefir stjórnin ákveðinn meiri hl. í þjóðþinginu, og það skiftir miklu máli. En hæstv. forsætisráðh. gleymdi því, að samsteypustjórnir geta ekki þrífist, jafnvel ekki á þessum tímum, nema þær sjeu skipaðar einvörðungu duglegum mönnum, en hjer hafa sumir ráðherra reynst með öllu óhæfir, svo sem ljóðum er ljóst.

Hæstv. forsætiráðherra var að bera brigður á ummæli frummælanda (S. St.) um, að stjórnin væri innbyrðis ósamþykk. Þó sýndi frummælandi þetta ljóst með dæmum, er hann tók. Frá mínu sjónarmiði eru þessi dæmi hv. frummælanda (S. St.) með öllu rjett, enda er það á vitorði allra þingmanna, að strax í öndverðu voru ráðherrarnir ekki sammála um nokkurt höfuðmál. Það vita allir, að þeir voru ósamþykkir. í fossamálinu. Eins var það um skóla-lokunina. Þetta er leiðinlegt, og gerir stjórnina óhæfa. Það er óheppilegt fyrir alla vinnu þingsins, og þegar þm. þurfa að fá leiðbeningar hjá stjórninni, þá er hún nú vanalegast á báðum áttum — þar er ýmist tvíveðrungur eða þríveðrungur.

Yfirleitt hefir það reynst svo, jafnvel þeim flokkum, er stutt hafa stjórnina, að það að leita ráða til hennar sje að „fara í geitarhús að leita ullar“. Stjórnin hefir verið áhrifalaus og ráðalaus. Hún hefir ætíð sagt, að hún „sæi sjer ekki fært“ að taka upp neitt fast ráð. Það yrði alt að vera á valdi þingsins. Nú er það að forminu til á valdi þingsins að taka fullnaðarárkarvarðanir, en hið mesta mein, ef stjórnin hefir enga stefnu í aðalmálunum, svo að hún geti átt frumkvæði, en það hefir hún eigi — síður en svo. Hún á að gera tillögur, og hún á að vera ábyggileg.

Menn ætluðust til þess, að þessi þriggja manna stjórn, sem búin var til á aukþinginu 1916—'17 — fsællar minningar — væri svo sterk og starfhæf, að hún gæti gefið þau ráð, er ábyggilega mætti fara eftir. En svo hefir hún reynst ráðalausari en nokkur einstakur þingmaður. Vegna hvers? Vegna þess, að hver þm. hefir þó sína sannfæringu, en stjórnin enga.

Þá skal jeg vikja að einstökum atriðum í ræðum þeirra hæstv. ráðherra, er móti hafa mælt flm. (S. St.).

Ræða hæstv. atvinnumálaráðherra kom mjer mjög kynlega fyrir. Jeg hjelt, að hann ætlaði nú, ef til vill ekki í síðasta, en í fyrsta skifti, að verja málstað sinn rökfastri vörn. Því að ef hann hefir haft nokkurn tíma til starfa síðan síðasta þing var háð, hefði honum verið skyldast að verja honum til að taka saman — eða láta taka saman — vörn fyrir stjórnarstörf sín á umliðnum tíma. En svo var ræða hans öll á við og dreif, skraf um hitt og þetta, eins og honum er titt, en ekki rök fyrir því, hvers vegna hann hefði tekið við stjórn, hvernig hann hefði stjórnað, og hvi hann hefði stjórnað svo. En hann tók það fram í ræðu sinni, hvers vegna hann verði ekki gerðir sínar, því að hann sagði, að öll stjórn hefði farið sjer vel úr hendi. Það er nú gleðilegt. En hitt efast jeg um, hvort slik fullyrðing, svona órökstudd, hefir mikil áhrif á okkur, sem vitum, að stjórnin getur ekki stjórnað. Hann vildi halda því fram, í almennum orðum, að stjórninni hefði tekist vel að ráða fram úr þeim málum, sem fyrir lágu, ófriðarmálunum og sambandsmálinu. En einmitt í ófriðarmálunum hefir stjórnin ekki getað leyst starf sitt vel af hendi, öðru nær. Ófriðarmálin eru sameinuð í landsversluninni, og það er kunnara en svo, að endurtaka þurfi, hvernig

Vantraustsyfirlýsing.

stjórn landsverslunarinnar fór landsstjórninni úr hendi, þar til er hún tók það ráð, tilneydd þó, að fela hana þeim mönnum, sem færir voru til þess starfa.

Og það skal jeg taka fram, að það er mikið raup hjá hæstv. atvinnumálaráðherra og kátbroslegt, að hjá honum hafi vaknað sú hugsun, að ljetta landsversluninni af stjórnarráðsskrifstofunni og fela hana öðrum. Það má mikið vera, ef hann heldur það sjálfur, að hann eigi upptökin að þeirri hugsun, því að allar umr. um málið, bæði á þingi og utan þings, hnigu að því, að landsverslunin gæti ekki haldið áfram í höndum landsstjórnarinnar. Og menn hafa það fyrir satt, að stjórnin hafi að lokum tekið það fangráð tilneydd, að fela öðrum stjórn fyrirtækisins en sjálfri sjer. En það er ekki landsstjórninni að þakka, ef nokkuð væri að þakka, — því að það er ekki þakkarvert — því að hún gerði það ekki fyr en í fulla hnefana að fela hæfum mönnum þetta starf.

Þá er hæstv. atvinnumálaráðh. hafði slegið því föstu, hve vel hann hefði leyst störf sín af hendi, lýsti hann yfir því, að engin nauðsyn væri á að skifta um stjórn. Eftir því, sem menn vita best um hæstv. núverandi atvinnumálaráðherra, að honum annars ólöstuðum, þá geta menn ekki vænst þess, að hann vildi skifta um stjórn. Því að þótt merkilegt sje, vill hann sitja. Og það er ekki nema eðlilegt frá hans sjónarmiði, ef hann álitur það nauðsyn og velferð landsins undir því komna, að hann sitji í stjórn. En hann hefði átt að sjá, að hann er ekki fær um það. Þess hefði mátt vænta, því að menn hafa litið svo á, að hann væri ekki óskynsamur maður, þó að mönnum blandaðist ekki hugur um, að hann átti aldrei í landsstjórnina að fara. Og jeg tel það einn höfuðókost hans, sem manns í opinberri

stöðu, að hann tók það í mál að fara í stjórnina.

En nú taldi hann og, að þótt eitthvað hefði á bjátað í stjórninni, þá væri nú það mál uppi, er gerði það að verkum, að eigi mætti skifta um stjórn. Skal jeg koma að því síðar. Hæstv. atvinnumálaráðherra sagðist ekki hafa ástæðu til að leggja niður völd, því að hann hefði ekki fengið neina áskorun frá kjósendum sínum í þá átt. Hann er landskjörinn, eins og kunnugt er, og ef gera mætti sjer nokkra hugmynd um vilja þeirra, er kusu hann, þá munu þeir aldrei hafa ætlast til þess, að hann yrði ráðherra. Og jeg hugsa, að þeir myndu hreint ekki taka honum það illa upp, þótt hann segði af sjer. (Atvinnumálaráðh.: Hver veit?). Jeg þykist vita það!

Þá kom hann, eins og „kollega“ hans, inn á hneykslismálin. Fyrst er þá Tjörneshneykslið. Það var þaulrætt á síðasta þingi. Og það eitt hefði verið nægilegt til að steypa stjórninni þá, ef þm. hefðu farið eftir sinni innri rödd og sambandsmálið ekki verið á döfinni. Enda bar stjórnin engar þær varnir fram, er skynbærir menn telja fullnægjandi. Það var upplýst þá, bæði af mjer og öðrum hv. þm., að atvinnumálaráðherra stjórnin hafði þar farið alveg óforsvaranlega að ráði sínu. Þar af hlaust, að landssjóður tapaði yfir 100 þús. kr. alveg að óþörfu. Þetta var síðari hluta vetrar. Og af því hefir líka leitt, að þessum rekstri hefir verið haldið áfram í sumar, og vafalaust orðið á honum mikill halli, ef reiknað er frá 9. mars og þangað til í haust. En áframhaldið kom til af því, að stjórnin hafði þau tók á ýmsum þm., að leyfi fekst til að halda áfram.

Þá var hitt hneykslismálið, sem sje Öskjuhlíðarfargamið. Um fyrra málið er það svo, að stjórnin mun öll verða að

Vantraustsýfirlýsing.

bera nokkra ábyrgð á því. En þótt nú sje svo yfirleitt um stórmál, að öll stjórnin verði að skifta sjer af þeim, og bera því sameiginlega ábyrgð, var þó ekki nema eðlilegt, að hinir ráðherrarnir hafi hugsað sem svo, að hæstv. atvinnu-málaráðh. væri einfær um að hafa yfir-umsjón með litlum námurekstri. En nú reyndist hæstv. atvinnu-málaráðh. ekki fær til þess, og verður því ábyrgðin að koma á bak allri stjórninni. Og þar sem hæstv. forsætisráðh. fór í sumar sem leið að verja þetta, sem er óverjandi, hefir hann bakað sjer ábyrgð.

En við Öskjuhlíðarfarganið verður hæstv. forsætisráðherra ekki bendlaður, þar sem hann var fjarverandi. Það hefir verið sagt, að upptök þess máls sjeuekki hjá hæstv. atvinnu-málaráðh., heldur hjá hæstv. fjármálaráðh. (Fjármálaráðh.: Gömlum vini.) Og væntanlega áfram-haldandi. Annars hygg jeg ekki, að vin-áttan komi þessu máli við. En það er kunnugt, að lög voru samþykkt á fjár-lagaþinginu, þar sem svo var ákveðið, að stjórnin mætti verja fje til atvinnu-bóta. En menn vöruðust það ekki, að það var óheppilegt að fela þessari stjórn ótakmarkað vald til að ráða ein í þessu máli. Og sú varð raunin á, að það varð að óhappi.

Það er nú upplýst orðið, að í nóvem-bermánuði, þeim tíma, er frost eru orðin ráðandi, lagði hæstv. fjármálaráðh. það til mála, sem svo var gert, að ráðast skyldi í að veita á annað hundrað manna atvinnu við að pikka upp grjót úr gadd-inum. Jeg get nú hugsað mjer, að þm. hafi ætlast til þess, er þeir heimiluðu fje til dýrtíðarvinnu, að fyrst og fremst væri ekki í hana ráðist nema það væri óumflýanlegt, og í öðru lagi, að tekið væri fyrir verk, sem hægt væri að vinna að og von væri um að gefið gæti ein-lhveru arð. Því að þó að vjer sjeum

„flott“, en það erum vjer er vjer höld-um slikri stjórn, þá verðum vjer þó að taka nokkurt tillit til þess, hvort nokk-ur arðsvon sje, og að heppilega sje í ráð-ist og með fullri hagsýni. En í þetta var ráðist algerlega fyrirhyggjulaust. Eng-in verkfæri voru til. Og það var lengi framan af, sem verkstjórinn var að aug-lýsa eftir áhöldum handa þessu liði sínu. Hæstv. fjármálaráðh. stofnaði skrif-stofu til að ráða menn til vinnunnar, að allra vitund vegna þess, að nokkrir þá-verandi vinir hans ráðlögðu honum að láta byrja á þessari vinnu. (Fjármála-ráðherra: Það var ráðið áður en forsætisráðherrann fór.) Jeg veit, að hæstv. forsætisráðh. mótmælir þessu, ef hann vill satt mæla. (Fjármálaráðh.: Það var löngu ákveðið að láta vinna eitthvað.) Það veit jeg. En að farið var að stofna skrifstofu til þess að siga mönnum inn í Öskjuhlíð að þjakka gadd-inn kom til af annari ástæðu, og sú á-stæða var sykurhneykslið. Það hefir verið rætt í blöðum, og er ómótmælt, að stjórnin stofnaði til sykurverðhækkun-ar í fullkomnu ráðleysi. Hún vissi eigi, hvað þurfti til að vinna upp hækkun á flutningskostnaði. Enda varð stjórn-in að taka þessa ákvörðun aftur eftir nokkra daga. En það hefir líka verið fullyrt í blöðum, að þessir tveir ráð-herrar, sem heima voru — því að hæstv. forsætisráðh. getur þar enga sök átt, þar sem hann var erlendis — hafi komið fram með þær fullyðingar á sykurfund-inum, sem reyndust ber, ótvírað ósann-indi, og það var meira að segja fullyrt, að þeir hefðu sagt visvitandi ósatt. Þetta stendur ómótmælt. Því verður ekki mótmælt nema fluttar sjeu fram órækar sannanir gegn því, eða þá með máls-sókir. Þetta situr enn fast, þar sem gegn því hafa hvorki komið fram rök nje annað. Hvort þessi ósannindi hafa verið

Vantraustsyfirlýsing.

visvitandi segi jeg ekkert um, en það eru ósannindi fyrir því. Og jeg hefi nú altaf talið svo, sem ráðleysið væri ekki síður vítavert, þar sem þessir menn ráðast í þetta án þess að vita, hvað þeir eru að gera. En út af æsingu þeirri, er varð í bænum, þá var það ráð tekið, — og var öllum vitanlega eftir till. nokkurra lýðforingja, er þykjast vera — að siga fólki inn í Öskjuhlíð, til þess að hita sjer, ekki til þess að vinna fyrir kaupsi sinu, heldur til þess að standa og pikka í gaddinn. Og af þessu Öskjuhlíðarfargani leiðir svo tap fyrir landssjóð, svo að tugum þúsunda króna skiftir. Eru það ekki að eins þau 42 þús. kr., sem fjárhagsnefnd tilfærði í skýrslu sína, heldur er og nokkurn veginn vitanlegt, að arðurinn af grjótinu verður ekki eins mikill og virðing sú nemur, sem kastað var á það.

Hæstv. fjármálaráðh. hefir borið það fram, að þetta hafi orðið til þess að bjarga miklum fjölda bæjarbúa frá hreinu hungri. Jeg er dálítið kunnugur hjer í borginni, og leyfi jeg mjer að fullyrða, að þessi ummæli eru röng. (Fjármálaráðh.: Jeg sagði ekki hungri.) Hæstv. fjármálaráðh. sagði það á síðasta þingi. Hitt er vist, að það hefir stutt að efnalegu gengi nokkurra manna. En að nærri hafi stappað mannfelli af hungri hjer í bænum er rangt, fyrst og fremst af því, að bær sem þessi lætur engan falla úr hungri fyr en hann er sjálfur kominn á heljarþróm. Og um sama leyti stofnar borgarstjóri sína skrifstofu, sem á að ráða menn í dýrtiðarvinnu, samkvæmt þekkingu fátækra stjórna, fyrir bæinn sjálfan. En við hliðina á þessu setur landsstjórnin upp sína skrifstofu, til þess að koma að þeim mönnum, sem „lýðforingjarnir“, vinir fjármálaráðh., sögðu að þyrftu vinnu. En það sjer hver maður vitandi

vits, að slíkar ráðstafanir eru ekki í þarfir alls landsins. Og þm. ber ekki að virða slíkt á betri veg.

Jeg þarf ekki að orðlengja mikið um það, hvers vegna vantraustsyfirlýsing á þessa tvo ráðherra er fram komin. Það er öllum lýðum ljóst, hvað þeir menn hafa til síns máls, er henni greiða atkv., þótt þeir hafi ekki borið hana fram. Það hefir komið fram í opinberum umr., utan þings og innan. Og í sumar var síður en svo, að nokkur flokkur þingsins mælti stjórninni bót. Og fylgisleysi stjórnarinnar sýndi sig áþreifanlega í því, hvernig málum þeim, sem hún bar fram, var tekið. Og svo er enn, að það er vist, að meiri hlutinn er á móti stjórninni, eins og hún er skipuð.

Um hæstv. forsætisráðherra er svo háttað, eins og drepíð hefir verið á, að hann mundu vilja styðja svo og svo margir menn, ýmsra atvika vegna, en engan veginn í sambandi við þá, sem nú eru í stjórn. Jeg held, að öllum þm. sje kunnugt, að stjórnin er þannig skipuð, að hún á ekki rjett á að sitja. Jeg hefði helst kosið, að hún hefði beiðst lausnar í heild sinni, en þó framar öllum öðrum hæstv. atvinnumálaráðherra, þar sem honum hlýtur að vera kunnugt um, að hann hefir ekki traust. En til þessa er stjórnin ófáanleg, og hefir það því reynst meir og meir áberandi með hverjum deginum, að hún vill sitja hverju sem tautar. Og hún virðist jafnvel ekki ætla að lina á dauðahaldinu í sessinn, þó að nú eigi að fara að samþykkja hjer rökstudda dagskrá, sem í eðli sínu er hrein og bein vantraustsyfirlýsing.

Nú kem jeg að rökstuddu dagskránni, sem hv. 6. landsk. þm. (G. B.) hefir borið fram, sem formaður Heimastjórnarflokksins. Jeg þarf að visu ekki að fara mörgum orðum um hana, því að hv.

Vantraustsyfirlýsing.

1. þm. Rang. (E. P.) hefir sýnt fram á, að hún getur á engan hátt bætt fyrir stjórninni. En tvent er ljóst af henni. Fyrst og fremst það, að til eru þeir menn hjer á þingi, sem halda, að það geti spilt fyrir framgangi sambandsmálsins, ef hróflað verði við stjórninni. Með þessu gefa þeir hinir sömu það ótvírætt í skyn, að það stafi hætta af þeim mönnum, sem yrðu að hröklast úr stjórnarsessinum. En í þessu efni er ekki til nema sú eina hætta, að þessir menn mundu beita sjer gegn framgangi þessa mikilvæga máls. Þeir mundu finna svo sárt til hrakfara sinna, að þeir færú í bræði sinni og út af „ergelsi“ að berjast á móti málinu og koma þar af stað glundroða, og það þvert ofan í áður yfirlýst fylgi þeirra við málið — skjallega yfirlýsingu þeirra (sjá undirskriftirnar undir sambandslagafrv.). Mikið er traustið á mönnunum!

Í öðru lagi bær þessi dagskrá það með sjer, að þeir, sem hana bera fram, lita svo á, að stjórnin eigi vantraustið skilið, og að hún mundi fá það ef greidd væru atkv. um vantraustsyfirlýsinguna. Það eina, sem forðar stjórninni frá vantraustsyfirlýsingunni, er hræðsla þeirra, sem að dagskránni standa, við það, að stjórnarskifti skaði sambandsmálið. Jeg fyrir mitt leyti tel þennan ótta á engum rökum byggðan, enda eru m. a. þeir menn hlyntir dagskránni, sem hatast við sambandsmálið og hafa kallað fylgismenn þess stórsala á rjettindi landsins. Þetta mundu þeir ekki gera, ef þeir hefðu von um, að stjórnarskiftin mundu skaða það mál.

Jeg fyrir mitt leyti gæti felt mig við þessa dagskrá, eins og hún er í eðli sínu, en þó finst mjer með henni vera verið að fara í kringum málið, og tel jeg það illa farið, að menn dylji svo hug sinn,

að þeir reyni að halda í þá stjórn, sem þeir bera ekkert traust til.

Ef dagskráin yrði samþ., ætti stjórnin að sjá svo sóma sinn, að beiðast þegar lausnar, jeg segi sjá svo sóma sinn, því að engri stjórn er sæmandi að sitja eftir þá vantraustsyfirlýsingu — þótt undir rós sje — er í dagskránni felst. En svo mikið traust hefi jeg nú raunar ekki á henni. Hins vegar mundi að minsta kosti hver önnur stjórn, hvar sem væri á byggðu bóli, heimta traustsyfirlýsingu, ef hún væri ekki gersneydd allri sómatilfinningu.

Eftir að menn hafa heyrt ræðu hv. flm. (S. St.), og ef menn vilja vera ærlegir í verkum sínum, þá er rjett, að dagskráin komi ekki til greina, heldur greiði menn atkv. um vantraustsyfirlýsinguna. Og jeg mun greiða atkv. á móti dagskránni til þess, ef svo tækist til, að geta síðar sýnt afstöðu mína hreina og ótvíræða.

Bjarni Jónsson: Jeg skal leyfa mjer að segja örfá orð sökum þess, að jeg er formaður í einum þeirra flokka, sem styðja þessa stjórn.

Jeg skal reyna að halda mjer við efnid, enda eru það að eins almennar atugasemdir, sem jeg ætla að gera.

Þýðir ekki fyrir mig að taka þátt í þeim kappræðum, sem hjer hafa fram farið, nema að því leyti, sem það stendur í nánú sambandi við það, sem jeg hefi að segja. Þess þarf ekki heldur, því að vörnin hefir ekki skjöplast hæstv. ráðherrum, því að svo list mjer, sem frekar sje sókn en vörn af þeirra hálfu.

Að vísu forðast þeir öll stóryrði og hermdaryrði, sem og er rjett, í stað þess að tala sem á skrífundi. En slíkt er ekki viðeigandi á þjóðþingi Íslendinga.

Skal jeg nú vikja að ræðuefni mínu.

Vantraustsyfirlýsing.

Fyrst vil jeg þá minna á, hverjar orsakir lágu að samsteypustjórninni. Menn muna, að þegar fjölgað var ráðherrum og komið á nýju stjórnarfyrikomulagi, var enginn flokkur þingsins í svo miklum meiri hluta, eða svo sterkur, að nokkur einn maður treystist til að taka stjórnartaumana í sínar hendur. Hvað átti nú til bragðs að taka? Eina ráðið hefði verið að rjúfa þing og efna til nýrra kosninga. En þetta bar að um miðjan vetur, og þótti mönnum því illkleift að ráðast í slíkt, eftir nýafstafnar kosningar. Það var því ekki annars kostar en að koma á samsteypustjórn. Menn muna, að það stóð í töluverðu stappi um það, hvernig stjórnina skyldi skipa, eftir að flokkarnir höfðu komið sjer saman um að vinna hver með öðrum. Tveir flokkarnir heimtuðu forsætið, Sjálfstæðisflokkurinn og Heimastjórnarflokkurinn. Þó varð það fyrir milligöngu góðra manna, að saman gekk, og aðalástæðan var sú, að núverandi forsætisráðh. gekk að stefnuskrá vor sjálfstæðismanna. Lýsir hann því í stefnuræðu þeirri, er hann hjelt þá er stjórnin tók við. Niðurlag þeirrar ræðu hljóðar svo, með leyfi forseta: „Um eitt erum vjer einhuga, að vinna að því af fremsta megni, að þjóðin nái fullum yfirráðum yfir öllum málum sínum, og afráða ekki neitt í sjálfstæðismálum þjóðarinnar án vilja og vitundar þeirra þingflokka, er veita ráðuneytinu fylgi sitt“.

Var nú stjórnin skipuð, og skipaði hana af hálfu vor sjálfstæðismanna hv. 1. þm. G.-K. (B. K.).

Það er auðsjeð af ræðu hæstv. forsætisráðherra, að það, sem gerði samtökin, var samlyndið um þetta aðalstórmál þjóðarinnar, sem afgreitt var Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

í morgun sem lög frá Alþingi. Síðan hefir verið stefnt að þessu takmarki, og hefir það altaf verið efst í huga allra góðra manna að gera það eitt, sem eftl gæti þetta samlyndi, og að vinna á móti öllu því, sem óhluðvandir menn gera til þess að brjála eða rugla þetta samlyndi, og þetta hefir tekist til þessa. Sambandslögin hafa hlotið samþykki Alþingis Íslendinga, en eftir er hvorttveggja, samþykki Íslendinga og samþykki sambandsþjóðarvorrar. En nú er það venjan á öllum þjóðþingum hins siðaða heims, að stjórn, sem hrindir af stokkunum einhverju stórmáli, er látin standa við stjórnvölinn þar til yfir lýkur í því máli. En það er óheyrt, að einum eða fleirum ráðherrum, sem unnið hafa að framgangi þess stórmáls, sje vikið frá. Því fremur er líka ástæða til að amast ekki við þeirri stjórn, sem forystuna hefir nú, að það er alkunna, að samvinna hefir verið góð, og ekki borið á öðru en að stjórnin hafi haft samfeldan meiri hluta að baki sjer, og í þessu höfuðmáli vor Íslendinga, sambandsmálinu, hefir samfeldur meiri hluti staðið að baki stjórnarinnar. Jeg get skilið, að kappgjarnir menn segja áður en gengið er til atkv., í hita, að meiri hluti þm. sje andsnúinn stjórninni, en þó finst mjer það alldjarft að segja slíkt, því að, að lokinni umræðu, eru það atkvæðin, sem segja til um fylgið.

Háttv. flm. (S. St.) kvartaði undan því, að vantaði samfeldan meiri hluta þingsins, að baki stjórnarinnar.

Jeg var og er líka þeirrar skoðunar, að slíkt væri betra. En hvernig fæst sá meiri hluti?

Það er engin trygging, þótt menn riðlist hjer á milli flokka í þinginu; það er

Vantraustsyfirlýsing.

að eins við kosningar sem sá meiri hluti skapast.

Hans yrði því að biða til næstu kosninga, enda verður það ekki löng bið, þar sem kosningarnar eiga að fara fram strax eftir næsta þing.

Þá mun það sýnt með atkvæðagreiðslunni hér í kvöld, hvort þessir þrír flokkar halda áfram að vera með stjórninni eða ekki. Fari einn flokkurinn frá, er samkomulaginu lokið, og verður þá að leita samkomulags aftur. En ekki get jeg sjeð, að það samkomulag verði að neinu leyti sterkara, því ef einn eða tveir flokkar sleppa stjórninni, hvað verður þá?

Reynist enginn flokkurinn nógusterkur til að mynda nýja stjórn, þá verður að leita aðstoðar hinna flokkanna, sem sumir eru skipaðir einum manni. En hvort það verður tryggara, að fleiri sju flokkar stjórnarinnar með færri mönnum hver, það dreg jeg mjög í efa.

Þá hafa sumir viljað halda því fram, að í hinni rökstuddu dagskrá, sem fram er komin, fælist vantraust. En það eru þeir menn einir, sem að baki standa vantraustsyfirlýsingunni, og mun þeirra skilningur ekki verða ráðandi. Í raun og veru er dagskrá ekki annað en aðferð til að fella mál.

Það mun því koma fram, ef dagskrá þessi verður samþykkt, að þessir flokkar ætla að vera áfram um stjórnina með sama fylgi og fyrst, er þeir lögðu til sinn manninn hver.

Í dagskránni getur því ekkert vantraust falist.

Nú tel jeg vist, að hún verði samþykkt, en um form hennar er það að segja, að hún er komin frá formanni Heimastjórnarflokksins, og Sjálfstæðisflokknum er með öllu sama, hvaða að-

ferð er höfð til þess að fella vantraustsyfirlýsinguna.

En því var lýst yfir í gær á fundi í Sjálfstæðisflokknum, að ráðherra sá, er hann styður, hafi enn þá óskorað fylgi flokksins.

Árásirnar á hæstv. fjármálaráðherra hafa því reynst gerðar meir af vilja en mætti, þar sem líka flestar gerðir hans hafa verið samþykktar af vantraustsyfjlgjanda, að undanskildu farganinu svo nefnda, sem nú er ekki orðið annað en einkisvert árasargargan, í höndum hv. flm. (S. St.).

Þetta var það, sem jeg vildi sagt hafa, og um leið skal jeg lýsa yfir því aftur, að hæstv. fjármálaráðh. hefir óskift fylgi Sjálfstæðisflokksins, og er sá flokkur fús til samvinnu áfram, ef vantraustsyfirlýsingin verður feld.

Flm. (Sigurður Stefánsson):* Í raun og veru hefði jeg ekki þurft að standa upp, og skal því verða stutturður.

Næstum því alt hefir verið tekið fram, sem þurft hefði að svara hæstv. ráðherrum.

Að eins ein rödd hefir heyrst til varnar, og þarf ekki að svara henni mörgu.

Jeg skal taka það fram, að ræðu hæstv. forsætisráðherra var svarað af háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), og það á þá lund, er jeg mundi hafa gert.

Um hæstv. atvinnumálaráðherra er það að segja, að þótt jeg hefði viljað svara honum, þá hefi jeg varla brjóst til þess.

Jeg er ekki svo harðbrjósta, að jeg geti fengið af mjer að auka á vandræði þess gamla heiðursmanns.

* Þingmaðurinn (S. St.) vill láta þess getið um þessa ræðu sjerstaklega, að honum hafi ekki unnist timi til að lesa hana og leiðrjetta áður en hann færi heim af þingi.

Vantraustsyfirlýsing.

Um ræðu hæstv. fjármálaráðherra áttu við hans eigin orð, að hún var ekkert nema hljómurinn. Og sju minar ræður hljómur einn saman, þá eru hans ræður hljómur og hvellandi bjalla.

Hann kvað sig bresta skilning á því, um hvað hann væri sakaður. Honum ætti þó að vera það ljóst orðið, af ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), þótt mín orð hafi farið fyrir ofan garð og neðan hjá honum.

Og það verð jeg að segja, að skilji hann það ekki enn, þá brestur hann stórkostlega skilning til að vera fjármálaráðherra.

Hann kvaðst áður hafa lagt mál sín undir dómstól þjóðarinnar og unnið sigur.

En það situr naumast á honum að vera svo gleðmæltur um þann sigur, því hann var rjett nefndur Pyrrusarsigur.

Það hefir sjálf sagt enginn nema hann sjálfur dæmt frammistöðu hans frækliga í rikisráðinu forðum, er hann bar fram fánamálið, og alt visnaði í höndum hans.

En það er gott fyrir hann sjálfan, að hann hræðist ekki dóma þjóðarinnar.

Þá talaði hann um stefnuskrá þri-menningastjórnarinnar, sem mynduð hafi verið áður en hann kom í stjórnina. En mjer er ekki kunnugt um aðra stefnuskrá en hæstv. forsætisráðh., sem þingið hefir verið fylgjandi. Hjer er því engin ný stefnuskrá, sem tekin hafi verið upp í sambandsmálinu.

Hann fór fljótt yfir sögu um árasir sínar á hæstv. forsætisráðh., og var það að vonum, því þar stendur hann berskjaldaður fyrir þjóðinni.

Í innanlandsmálum hefi jeg ekki orðið var við neina stefnu hjá hæstv. stjórn. Og jeg vil benda á það, að þeirri stefnu,

sem hverri stjórn er skylt að fylgja, að ráða vel fram úr vandamálum þeim, er snerta hagsmuni þjóðarinnar, hefir þessari stjórn ekki tekist að fylgja. Það var t. d. ekki fyr en um síðustu áramót, að hún komst inn á þann rekspöl með landsverslunina. Áður var hún á hinum verstu villugötum og refilstigum.

Ef lítið var þó ekki sje nema til þessa eina atriðis, gat stjórnin alls ekki heitið stöðu sinni vaxin. Afleiðingarnar af hringli hennar í því máli hafa kostað þjóðina of fjár, ef ekki miljónir króna.

Þá talaði hæstv. fjármálaráðh. um kala þann, er jeg bæri til allra flokka. En jeg neita því alveg, að jeg beri kala til nokkurs þingflokks, hvorki þess, sem jeg er í, nje annara. En þeim flokki get jeg ekki verið í, sem hefir ekki annað mál á stefnuskrá sinni en halda við persónur, lafa við menn án tillits til þess, hvort þeim líkar vel eða illa við afrek þeirra. En það er aðaleinkenni flokkanna hjer. (G. B.: Þetta er ósatt um Heimastjórnarflokkinn.) Það sæmir sist hæstv. forseta Ed. að gripa hjer fram í, því það er mjer kunnugt, að óánægja er til þar, sem annarsstaðar.

Það er því ekki af neinum kala, þótt jeg geti ekki hangið á þeirri persónulegu flokksbrotahorrim, sem er öflugasta samband flokkanna hjer á þingi.

Þá sagði hæstv. fjármálaráðh., að jeg hefði verið með í bræðingnum og grútnum sæla. En jeg þekki ekki þann grút og býst ekki við að hann sje til, nema ef vera skyldi í heila hæstv. fjármálaráðh. En hitt er satt, að jeg, ásamt fleiri góðum mönnum, var með í því á þinginu 1912 að gera miðlum þá, sem Danir þó neituðu að ganga að.

Jeg ætla mjer að sleppa Öskjuhlíðarfarganinu og 5000 kr. skrifstofunni, sem hæstv. fjármálaráðh. setti á fót handa

Vantraustsyfirlýsing.

vinum sínum í fyrra, en jeg vildi að eins bæta því við, að jeg hefi talað við marga Reykvikinga um þær dýrtíðarráðstafanir, og telja allir þær verið hafa óþarfar, sjerstaklega þar sem í hlut átti rikasta bæjarfjelag landsins, sem hefði sjálft getað gert alt það, sem hæstv. fjármálaráðh. var að vasast í.

En jeg efast um, að hann hefði sýnt fátækasta hreppsfjelagi á landinu þessa hjálpssemi, enda mun það hafa verið frammistaða hans í sykurmalinu, sem vakti þessa vorkunnsemi hans og hjálpfýsi til alþýðunnar.

Hæstv. fjármálaráðh. þótti það skritið að vera að tala um sykurmálið, þar sem stjórnin lækkaði verðið strax aftur. En hver var ástæðan? Sú, að hæstv. stjórn þorði og gat ekki annað. Hún var hrædd við almenningsálitíð. En hefði jeg, sem ráðherra, lent í sliku hneyksli, mundi jeg ekki hafa getað litið upp á nokkurn mann; jeg mundi hafa farið út í dimmstu skúmaskot, sem til eru á öllu landinu, svo enginn sæi mig.

Hæstv. fjármálaráðherra fór ljett yfir atriðið í ræðu minni um vegabótafjeð. Ljet það líka að vonum, því að þar er hann samsekur hæstv. atvinnumálaráðherra. En þyki hv. þm. Dala. (B. J.) það engar sakir, að stjórnin bruðlar út meiru fje á einu ári en leyft er í fjárlögum til tveggja ára, þyki honum það smávægilegt, þá eru vist ekki þær syndir til, sem stjórnin getur ekki drýgt, án þess að hún viki úr sæti. — En nú er einmitt svo ástatt með vegabótafjeð, að því hefir öllu verið eytt á einu ári, og það einmitt á því árinu, þegar þar að draga saman seglin og biða, til þess að sjá, hvort ekki yrði ljett af mestu vandræðum styrjaldarinnar hið síðara árið.

Á þessu þingi er það því að tala fyrir

„surdīs auribus“ eða daufum eyrum að tala um fjárhagsatriði. Jeg stend hjer uppi sem nokkurskonar „anachronismus“, rödd úr dauðra manna gröfum, er jeg tala um, að illa sje farið með fje landsins. — En þótt ekki sje annað en frammistaðan í vegabótamálinu, þá er það nóg til þess, að jeg get ekki trúað þessari stjórn til að fara með fjármál landsins, því að í því máli eru þeir samsekir, hæstv. atvinnumálaráðherra og fjármálaráðherra. Hæstv. fjármálaráðherra taldi það undarlegt, að jeg skyldi lýsa vantrausti á honum, sem þó hafði verið besti fylgismaður hans í skattamálunum. Og jeg skal játa það, að hefði jeg getað fylgt honum alstaðar eins að málum og þar, þá mundi jeg ekki hafa komið með vantraustsyfirlýsingu á hann. En ekki get jeg talið það þess vert, að hann hæli sjer af, þótt hann gæti, mánuði eftir þingsetningu, ungað út þessu stimpilgjaldsfrv., sem þurfti ekkert að hafa fyrir, nema skrifa það upp úr gömlum þingtiðindum.

En nú eru skiftar skoðanir um það, hvort landssjóður fær einn eyri af þessu grímuklædda útflutningsgjaldi; svo vel var nú gengið frá frv. þessu. En jeg get lýst yfir því, að mjer þykir engin skömm að fylgja fjárukafrv., ef þau eru ekki ómöguleg. En svo litur nú út, sem stappi nærri því, að þau reynist einkisverð sum, sem samþ. voru á síðasta þingi, t. d. gróðaskattsfrv., sem auðvitað verður landssjóði að engu haldi, þegar svo illa lætur í ári, sem nú.

Undarlegt þykir mjer það, þegar hæstv. fjármála- og atvinnumálaráðh. eru að þakka sjer, hve langt er komið sambandsmálinu. Þvi trúir enginn, þótt þeir segi það þúsund sinnum, þar sem það er öllum vitanlegt, að þeir hafa þar hvergi nærri komið, nema skrifað nöfn

Vantraustsyfirlýsing.

sín undir. Enda er það talið aðalverk hæstv. atvinnumálaráðherra að skrifa nafnið sitt, og mun hann því vera orðinn leikinn í þeim starfa. — Þá taldi hæstv. fjármálaráðherra það sjer til gildis, að fjárhagsnefndin hefði samþykkt skýrslu þá, er hann gaf á síðasta þingi, um fjárhag landsins. Mikill skelfilegur dugnaður má það líka vera, að hafa lesið upp skýrslu þessa, sem aðrir höfðu búið í höndur hans. En ekki get jeg þakkað honum, þótt hún væri rjett, því það dlettur mjer ekki í hug að ætla, að hann hafi að neinu leyti gert hana sjálfur.

Fjármálaráðherrann var að heimta sterkari rök fyrir vantraustsyfirlýsingu á sig. Sterk rök flutti jeg í fram-söguræðu minni, og hafa allir eflt þau síðan, að undanteknum hv. þm. Dala. (B. J.). Hefir það glögt komið fram í umr., að ærin ástæða er til að lýsa vantrausti á hæstv. fjármálaráðherra sem slikum. Sami ráðherra hóf mál sitt á því, að rifja upp í sambandi við mig málsháttinn þann, að tvisvar verður gamall maður barn. Jeg skal játa, að mjer er farið að fara aftur. En annan mann þekki jeg, sem það verður aldrei heimfært upp á, að tvisvar verði gamall maður barn, því það er eins og hann ætli að verða barn alla æfi. Svo mikið politískt skar er jeg enn ekki orðinn, að ekki geti varpað af því birtu yfir stjórn- og fjármáláhæfileika hæstv. núverandi fjármálaráðherra.

Skal jeg þá vikja að ræðu hv. forseta Ed. (G. B.). Vildi hann færa rök að því, að ekki bæri að bera vantraustsyfirlýsingu á ráðherrana upp á þessu þingi. Kvað hann það mundu geta stofnaðsambandsmálinu í hættu! Hann vildi og sanna það, að enginn munur væri á því, hvernig sambandsmálið nú horfir við, og

hvernig það horfði við á síðasta þingi. Munurinn er þó ekki lítill, þar sem á síðasta þingi var alt í óvissu um sambandsmálið lengst af, en nú er búið að samþykkja sambandslagafrv., nær einróma, í báðum deildum. Nú er ekki annað eftir en þjóðaratkv., sem einsýnt er hvernig fer. Þar sem nú þjóðin ein á eftir að leggja samþykki sitt á frv., hlýtur hæstv. forseti Ed. (G. B.) að hugsa sjer þetta svo, að vantraustsyfirlýsingin hljóti að spilla fyrir sambandsmálinu, að því er til hennar kemur, þjóðin geti ekki fylgt frv. vegna ráðherraskiftanna. Mjer er þetta hulinn leyndardómur, en svona hlýtur hugsanaferill forsetans að vera. Hjer legst hann dýpra en svo, að nokkur geti fylgt honum. Segjum svo, að þjóðinni líki illa ráðherraskiftin. Ætti það þá að hafa þau áhrif á hana, að hún snerist á móti sambandslagafrv.? Eða segjum hitt, að þjóðinni líki ráðherraskiftin vel; ætti það að hafa þessi áhrif? Þetta er alt fyrir ofan, neðan og utan skilning allra meðalmanna. Það hefði verið betra fyrir hæstv. forseta efri deildar að segja hreinskilningslega frá afstöðu sinni til þessa máls. En fyrst hann fjekst ekki til þess, skal jeg segja frá því, eins og það er.

Hæstv. forseta Ed. (G. B.) og fleiri hv. þm. brestur hug til að greiða atkv. um vantraustsyfirlýsinguna. Þeir þora hvorki að greiða atkv. með henni nje móti. Þess vegna bera þeir fram þessa dagskrá. Hefði hæstv. forseti efri deildar sagt þetta, þá hefði hann sagt sannleikann. Jeg skal ekki fara út í það, hvort í dagskránni felist traust eða vantraust á stjórninni, en fram er hún komin til að hliðra sjer hjá að lýsa trausti eða vantrausti á henni. Ef menn eru ánægðir með stjórnina, því koma þeir þá ekki beint til dyranna og greiða atkv. á móti van-

Vantraustsyfirlýsing.

traustsyfirlýsingunni? Í þessu er skynhelgi og hræsni. Það er ósamboðið hverjum góðum dreng. Eitt hefir hæstv. forseti efri deildar þó tekist með dagskránni. Það er að snúa vantraustsyfirlýsingunni á stjórnina upp í vantraustsyfirlýsingu á þjóðina. Dagskráin er sönn vantraustsyfirlýsing á stjórn málaþroska þjóðarinnar. Hún gerir svo lítið úr þjóðinni, að jeg trúi ekki, að hún sje fram borin af meiri hl. Heimastjórnarflokksins. Afstöðu flm. dagskrárinnar sjálfs (G. B.) er mjer persónulega kunnugt um. Fyrir skömmu sagði hann við mig, að það væri snjallræði af þinginu að koma atvinnumálaráðh. og fjármálaráðh. frá, því að hann væri dauðhræddur um, að þeir gerðu eitthvert axarskaftið þegar forsætisráðh. færi utan. (Hlátur.) Hlæið þið ekki strax; það er meira blóð í kúnni. Nokkrum dögum síðar, eftir að jeg hafði komið fram með vantraustsyfirlýsinguna, heyrði jeg hann segja — og var þó víst ekki ætlast til, að jeg heyrði það —: „Það ætti að skera helvítis karlinn fyrir að koma fram með svona tillögu.“ Á þessu má sjá, að það eru mörg veður í hæstv. forseta efri deildar. Stundum er hann eldfjörugur, en það dregur þó úr annað veifið. Jeg nefni þetta bara sem dálítið „kuriosum“.

Tilgangur þeirra, sem hallast að dagskránni, er sá, að láta alt dragnast til næstu kosninga. En fækki ekki skakka-föllunum, er hætt við, að hundrað þúsundunum fjölgi, sem landið hefir tapað á hæstv. fjármálaráðh. og atvinnumálaráðh.

Hv. þm. Dala. (B. J.) tók það fram, að dagskráin er borin fram til að fella vantraustsyfirlýsinguna, og er það rjettara en þær yfirsýnsástæður, sem aðrir

hafa verið að færa fyrir henni og engum dettur í hug að sjeu bornar fram í álvöru.

Fjármálaráðherra (S. E.): Það er eitt, sem óneitanlega þreytir mig og gerir mjer örðugt um að taka þátt í þessum umr., og það eru hinar stöðugu endurtekningar andstæðinga minna, endurtekningar á því, sem er marghrakið. Þeir vaða áfram endalaust í sandinum á eyðimörku röksemdaleysisins.

Fyrst nokkur orð til hv. 1. þm. N.-M. (J. J.). Viðvikjandi ummælum hans um stimpilgjaldið skal jeg láta þess getið, að lögin voru send til staðfestingar í júlí, en staðfest 12. ágúst. Ástæðan fyrir því, að þau voru ekki send fyr, var sú, að gera þurfti ýmsar ráðstafanir til undirbúnings því, að lögin gengju í gildi. En staðfestingin drógst einnig nokkuð vegna þess, að konungurinn var ekki staddur í Kaupmannahöfn þegar lögin voru send út. Hjer er því um engan þann drátt að ræða, er stjórninni verði gefinn að sök, og auk þess munu fáir farmar hafa farið út á þessu tímabili, svo dráttur þessi mun ekki hafa valdið nema örlitlum tekjumissi.

Hv. 1. þm. Rang. (E. P.) vjek orðum sínum til mín, og skildist það á honum, að hann mundi greiða atkv. með viðaukatill. hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Skildist mjer hann vilja gera lítið úr viðleitni stjórnarinnar til að afla landinu tekna. Jeg vil benda honum á skattafrumvörpin, er jeg bar fram á síðasta þingi. Sömu leiðis vil jeg benda honum á það, að stjórnin hefir útvegað landinu lán í útlöndum. Var það að visu forsætisráðherra, sem lánin útvegaði, en það var í fullu samráði við fjármálastjórnina og að undirlagi hennar, að lánin voru tek-

Vantraustsyfirlýsing.

in. Við þetta mun hv. 1. þm. Rang. (E. P.) kannast, en segir kann ske, að stjórnin hefði átt að gera enn fleiri ráðstafanir til tekjuauka fyrir landssjóð. En jeg hygg, að það hefði verið mjög örðugt að koma fleirum skattafrv. gegnum þingið. Jeg hafði hugsað mjer tekjuskattinn hærri en þingið fjelst á. Nd. dró úr ákvæðum tekjuskattsfrumvarpsins Er því naumast sanngjarnt af þm. að gera meiri kröfur til stjórnarinnar um fjáröflun. Mjer er næst að halda, að tekjuaukinn hefði ekki orðið meiri, hver svo sem hefði setið í minni stöðu. Munu flestir þm. játa þetta, er þeir lita á það ofstækislaust. Gjaldþolið — og þá einkum gjaldþol almennings — er altaf að minka. Er því ekki nema eðlilegt, að stjórnin kynoki sjer við að leggja takmarkalaus skattabyrði á allan almennig. Aftur hefir þingið, eins og jeg tók fram, amast við háum sköttum á þeim, sem mestar hafa tekjurnar. Var það auðheyrt, hve tekjuskattsfrumvarpið kom nálægt hjartanu í hv. þm. N.-fsf. (S. St.), enda er ekki nema mannlegt, að auðkýfingarnir vilji halda tekjum sínum óskertum, þó miklar sjeu. Það, sem hv. 1. þm. Rang. (E. P.) að öðru leyti vildi skrifa á mitt syndaregistor, var aðallega Öskjuhliðarvinnan, en þar sem fleiri hv. þm. lika mintust á það atriði, mun jeg síðar koma að því. En áður en jeg kveð hv. 1. þm. Rang. (E. P.) skal jeg láta í ljós ánægju mína yfir því, að hann hafði ekki meira í pokahorninu en hann hafði.

Jeg hefi sýnt fram á, að stjórnin hefir gert sjer alt far um að auka tekjur landssjóðs, og hið svo kallaða Öskjuhliðarfangan er svo vaxið, að jeg mun aldrei iðrast afskifta minna af því, þótt jeg verði gamall maður.

Þá skal jeg leyfa mjer að vikja að ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Þvi er nú ver og miður, að jeg hefi ekki „punktad“ hjá mjer alt, sem jeg vildi, úr ræðu hans, því hin liðandi suða dáleiðir mig stundum í dottið. Hv. þm. (G. Sv.) mintist mikið á landsverslunina og gerði mikið úr því afskaplega tapi, sem af henni hafi leitt. (G. Sv.: Nei, það er ekki rjett.) Það gleður mig að heyra, að hv. þm. (G. Sv.) játar villu sins vegar, og þarf jeg þá ekki að svara því. — Rekstur Tjörnesnámunnar get jeg ekki talað um. Jeg var ekki í ráðherrastöðu þegar það mál var á döfinni. En það man jeg, að þingið ætlaðist til, að alt væri gert, sem unt var til að afla eldsneytis. Hitt er aftur „factum“, að tapast hefir á námurekstrinum. En mig brestur kunnugleika til að tala nánar um þetta mál, enda hefi jeg ekki haft nein afskifti af því. — Skal jeg þá snúa mjer beint að „Öskjuhliðarfanganinu“ svo kallaða. Hv. þm. V. Sk. (G. Sv.) vildi halda því frm, að Öskjuhliðarvinnan hafi átt rót sína að rekja til þess, að stjórnin hafi viljað stinga dúsu upp í alþýðuna hjer í Reykjavík eftir sykuræsingarnar. Þetta er alveg tilhæfulaust, og á jeg ógn hægt með að reka það aftur. Áður en nokkur hækkun á sykurverði kom til var það bókfært á fundi ráðuneytisins, að forsætisráðherra æskti þess, að byrjað væri sem allra fyrst á einhverju fyrirtæki, sem almennigur gæti haft vinnu af. Jeg skal fúslega játa, að fyrir forsætisráðherra vakti Hafnarfjarðarvegurinn. En það kemur ekki þessu máli við. Það, sem máli skiftir, er, að ákveðið var að stofna til dýrtiðarvinnu löngu áður en nokkur sykurhækkun kom til. Hefi jeg með þessu rekið aftur ummæli hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), sem hrein og bein ósannindi. Annað mál er hitt, að jeg

Vantraustsýrirlýsing.

mun hafa ráðið mestu um það, í hverskonar vinnu var ráðist. Það, sem vakti fyrir mjer með Öskjuhlíðarvinnunni, er annað og meira en það eitt, að stofna til atvinnu fyrir fólkið. Jeg get ekki neitað því, að það er eitt mál, sem borið er fram af kvenþjóð þessa lands, sem frá upphafi hefir haft fullan samhug minn. Jeg á við Landsspítalamálið. Nú var það ætlun mín, að úr því að landssjóður þyrfti að veita vinnu, væri svo best farið, að hún kæmi niður þar, sem gagn væri að. Landsspítalamálinu er fylgt með áhuga um allt land, enda er það velferðarmál allrar þjóðarinnar. Þótti mjer vel við eigandi, að þessi vinna, sem veitt var til að styðja fátæklinga í lífsbaráttunni, yrði til að bera þetta mál áfram. Hyrningarsteinar Landsspítalans máttu gjarnan hafa verið bjargvættir fátæks almúga, þegar harðast svarf að honum. Og það svarf að fólkinu síðasta vetur.

Jeg hefi hvað eftir annað sjeð menn fara grátandi út af skrifstofu minni, af því að jeg gat ekki útvegað þeim hjálp þá, er þá vantaði, og hið sama segja þeir, sem stóðu fyrir atvinnuskrifstofunni. Oft mun hafa reynt á þolrifin í þeim. En því ljestu ekki bæjarsjóð þerra tårin? Veit jeg að þeir kaldlyndu menn spyrja. Enginn þarf að deyja úr hungri, sem þangað á athvarf. En það ættu menn að þekkja, að til eru svo ríkar tilfinningar hjá sumum mönnum, að þeir vilja heldur líða hungur en að þurfa að biðja um sveitarstyrk; svo er stolt þessara manna sterkt og sjálfstæðistilfinning. Hingað til hafa sveitamenn ekki getað gert sjer ljósa grein fyrir því, hversu skórinn hefir krept að mörgu kaupstaðarfólki, því að fram að þessu hefir styrjöldin ekki leikið þá eins hart og bæjarbúana. En jeg er alveg viss um, að ef þeir hefðu

getað gert sjer í hugarlund, hve þörfin var brýn, þá mundu þeir hafa sagt við mig: „Hjálpaðu í öllum bænum fólkinu“. Svo vel þekki jeg brjóstgæði íslensks sveitafólks, að jeg er viss um þetta. En var þá hjálpin veitt þannig, að eigi hefði verið hægt að framkvæma hana á annan hagkvæmari hátt? Mjer skildist á hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.), að atvinnuskrifstofan hefði verið sett á stofn vegna vina minna. Hjer er borið á borð dálítið nýnæmi í minn garð, nýnæmi, sem jeg hefi ekki hingað til átt að venjast hjer á þingi, þótt hnútur hafi flogið um borð. Við þeim er að búast, og þær tek jeg mjer ljett. Mjer hefir aldrei verið brugðið um, að jeg væri vilhallur vinum mínum um of, hvorki sem sýslumaður, bæjarfógeti nje ráðherra; þvert á móti hefir mjer verið borið á brýn, að jeg gerði of lítið fyrir þá. En hverjir eru þessir vinir, sem jeg á að hafa hlaðið undir? Jeg vona, að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) skýri frá því.

Mjer var það ljóst, að í jafnstórum bæ, sem Reykjavík er, þar sem þeir skiftu jafnvel þúsundum, sem vinnu þörfnuðust, og þar sem ekki var hægt að veita öllum þessum hóp vinnu, þá var nauðsynlegt að vinsa vandlega úr þá, sem mesta höfðu þörfina. Þetta var mikið verk og vandasamt, og vart hægt að gera það á annan veg, svo vel færi, en með því að setja upp atvinnuskrifstofu. Auk þessa hafði þessi skrifstofa annað markmið; hún átti líka að leitast við að útvega atvinnulausu fólki hjer úr bæ atvinnu annarsstaðar. Mjer kom það á óvart, að jeg skyldi vera vittur fyrir það að hafa sett þessa skrifstofu á fót, ekki sist eftir það, að síðasta þing hafði sterkan hug á að setja á stofn samskonar skrifstofu fyrir allt landið, þótt eigi gæti af því orðið að þessu sinni. En það

Vantraustsyfirlýsing.

má ekki kippa sjer upp við, þótt þeir, sem altaf eru að leita að árasarefni á stjórnina, gleypi við öllum hvíksögum, sem þeir heyra henni til vansa, og máli alt með sem svörtustum litum, sem stjórnin gerir. En af þessu leiðir, að stóryrði andstæðuflokksins eru úti um land skoðuð sem tóm markleysa, er menn láta sem vind um eyrun þjóta. Og þótt þessi andstæðuflokkur vilji engu góðu um stjórnina trúa, þá hefir hann samt trú á henni í hjarta sínu, og þeir vita, að hún hefir gert margt gott, þrátt fyrir alla erfiðleikana, sem hún hefir átt við að stríða.

Þegar litið er á ástandið hjer í bæ síðasta vetur, og þess gætt, hversu mikla hjálp landssjóðsvinnan veitti, þá má það ekki mikið kallast, þótt á spítalavinnunni kunni að hafa tapast fyrir landssjóð rúm 40.000 kr. Þær hafa meira en unnist upp óbeinlínis fyrir landið og bæinn; og síst er um þetta að fírast, þegar þess er gætt, að eftir fyrirmælum síðasta þings má veita bænum á næsta vetri yfir 70.000 kr. styrk, ef þörf gerist. Með því hefir þingið enn að nýju, og eftir að það vissi um Öskjuhlíðarvinnuna, sýnt fúsleik sinn til að veita hjálp á þessum erfiðu tímum, þegar þörf krefur. — Jeg átti tal um þetta við mikilsvirtan danskan stjórnámálamann, og gat þess, að sumir teldu það leitt, ef landssjóður tapaði á dýrtíðarvinnu sinni. En hann sagði mjer, að Danir væru nú að undirbúa að byrja á hinu sama; þeir álitu það betra fyrir síðferðistilfinningar fólksins, að það væri látið vinna eitthvað fyrir styrkinn, er því væri veittur. Ef Öskjuhlíðarvinnan á að vera máttarviðirnir í vantraustsyfirlýsingu andstæðinganna, þá er mjer sama, Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

þótt yfir dynji þrjár eða fleiri slikaryfirlýsingar.

Þá talaði hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) hjartnæmlega um sykurmálið eða syk-urhneykslið, eins og hann mun hafa nefnt það. Því hefir verið haldið fram af sumum mótstöðumönnum stjórnarinnar, að þetta væri eitt hið stærsta mál landsins, að sykurverð var hækkað um vikutíma og lækkað aftur, eftir fyrirheiti, er danski sykurinn fjekst.

Jeg hefi nú lýst afstöðu minni hjer á þinginu til þessa dauða máls og sýnt fram á, um hvaða hjegóma var hjer að ræða. Allir sjá líka, að það getur ekki heyrt undir mig að reikna út vöruverð í landsversluninni. Jeg læt mjer því nægja að vísa til þess, sem jeg hefi áður sagt um þetta mál, en það vil jeg hjer enn endurtaka, að það hefði verið stórvítavert, ef stjórnin hefði sagt ósatt um málið, en það hefir hún auðvitað ekki gert, þó óskammfeilnin hafi gengið svo langt, að bera stjórninni þetta á brýn. Jeg held, að atvinnumálaráðherrann hafi ekki tekið til máls á borgarafundinum um sykurmálið, og það, sem jeg sagði á þeim fundi, var prentað í blaði einu hjer í bæ, og get jeg staðið við alt, sem þar stendur, enda hefi jeg í þessu háa þingi í heyranda hljóði hrakið öll ósannindabrigsl óhlutvandra blaða um þetta efni.

Hv. þm. (G. Sv.) fór annars að draga nokkuð úr áburði sínum á stjórnina með því að segja, að hún hefði látið aðra bera fram ósannindin. En það er jafntilhæfulaust eins og ósannindaaburðurinn á stjórnina sjálfa. Það hefir annars brugðið svo undarlega við, að síðan jeg og hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) háðum baráttuna um þingmensku í

Vantraustsyfirlýsing.

kjördæmi hans hjer um árið, og hann laut í lægra haldi, þá hefir honum verið mjög gjarnt að ráðast á mig. Það getur verið næsta mannlegt, en vart munu þessar árásir hans bæta málstað hans í kjördæmi hans. Margt getur komið fyrir á langri leið, og vera má, að við eigum enn eftir að mætast í kjördæmi hv. þm. (G. Sv.), en hvað sem öðru liður, þá þykist jeg þess fullviss, að gamlir sýslubúar minir og kjósendur hv. þm. (G. Sv.) muni ekki væna mig ósanninda eða nokkurs ódrengskapar.

Þá kem jeg að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Því er nú svo varið, sem fyrri daginn, að þótt orð hans sjeu hljómmikil, þá verka þau ekki á mig eins og ætla mætti að hv. þm. (S. St.) vildi að þau verkuðu, og jeg skal segja hv. þm. (S. St.), hvernig á því stendur. Þegar hv. þm. (S. St.) hefir látið dembuna dynja yfir mig, og kemur svo til mín brosandí út undir eyru með tóbaksdósirnar á lofti og býður mjer ofurkompánlega í nefið, þá finst mjer alvöruleysið skina svo gegnum orð hans og gerðir, að jeg get ekki varist þeirri hugsun, að öll frammistaða hv. þm. (S. St.) sje leikur tómur, leikinn fyrir kjósendum hans og áheyrendum.

Jeg sagði, að jeg hefði skotið máli mínu til þjóðarinnar, og eins og hv. þm. (S. St.) veit, þá er jeg landskjörinn þingmaður og það annar í röðinni. Þetta sýnir, að þjóðir ber traust til mín, þrátt fyrir árásir hv. þm. (S. St.) og annara á mig.

Hv. þm. (S. St.) talaði um framkomu mína í ríkisráðinu í fánamálinu og að jeg hefði ekki komið því þar fram. Jeg ætla ekki að fara að deila við hv. þm. (S. St.) um þetta. Dómur sögunnar á eftir að ganga um þetta mál, og getur hann orðið á annan veg en hv. þm. (S. St.) býst við. Það liggja margir þræðir

að niðurstöðu þeirri, sem vjer höfum nú náð í sjálfstæðismáli voru, og má vera, að einn þeirra, og það ekki sá veigaminsti, sje spunninn úr mótstöðu minni í ríkisráðinu. Jeg veit, að þeir, sem altaf eru að reyna að klina á mig vantraustsyfirlýsingum, muni aldrei fallast á þetta; þeir um það; jeg læt mjer dóm þeirra í ljettu rúmi liggja.

Hv. þm. (S. St.) var að halda vörnum uppi fyrir hæstv. forsætisráðherra fyrir framkomu mína gegn honum. Jeg efast um, að hæstv. forsætisráðherra kunni honum þökk fyrir; jeg geri ráð fyrir, að hann hafi litið svo á, sem og er rjett, að flokki vorum, sem altaf hefir skipað sjálfstæðismálinu fremst allra mála, væri skylt að fylgja sjer í baráttunni fyrir því. Mjer finst, að hv. þm. (S. St.) ætti sjálfs sín vegna að minnast sem allra fæst á sjálfstæðismálið, eins og hann hefir komið fram í því, og þarf þar ekki að lita svo langt aftur í tímann, eins og þegar hann snerist í fánamálinu. En út í það mál fer jeg ekki lengra nú, því að jeg hefi enga tilhneigingu til að rifja óneyddur upp syndir annara. Þó get jeg ekki látið vera að vikja að því, að frammistaða hv. þm. (S. St.) í sjálfstæðismálinu á síðasta þingi var hvorki virðuleg nje vænleg til að þoka því áfram. Jeg vissi ekki betur en höfuðáhugamál hans væri þá að hlaupa sem fyrst frá öllu og komast heim. Jeg man það glögt, að þegar hv. þm. (S. St.) rjeðst fyrst á mig í sumar, þá fanst honum ekki þörf á friði og samheldni vegna sambandsmálsins; hann rjeð þá líka allfast á hæstv. forsætisráðherra; það er því ekki til neins fyrir hv. þm. (S. St.) að halda því nú fram, að hann hafi í sumar viljað hlífa stjórnninni, til þess að koma engum glundroða á sjálfstæðismálið. Hann

Vantraustsyfirlýsing.

rerir þá, sem nú, allra manna kappsamlegast að æsingum í þinginu. Þegar jeg hafði skýrt frá fjárhag landsins, rjeðst hann á þá skýrslu og alla fjármálastjórn landsstjórnarinnar og vildi óvægur, að nefnd væri skipuð til að rannsaka fjármál landsins. Hann fjeck þar vilja sinn, en sú rannsókn fór svo, að mjög þvarr vindurinn í belgnum við hana, því að sakir fundust ekki. Hann vildi og láta rannsaka rekstur landsverslunarinnar; og nefnd var fengið þar starf í hendur; og hefði átt að vera nægur tími á 100 daga þinginu til að leysa það verk vandlega af hendi; en ekki man jeg til, að þar kæmi í ljós nokkur skapaður hlutur aðfinsluverður í garð stjórnarinnar; sátu þó í nefndinni menn, sem telja sig allstórvirka til starfa, og mundu sumir þeirra vart hafa grátið, þótt eitthvað hefði fundist, eða stjórnin fengið ofurlitinn skell.

Það er hægt að kasta því fram, að landið hafi tapað miljónum fyrir vanhygni og ráðleysi stjórnarinnar, en að vera að stagast sí og æ á slíku á sjálfu Alþingi, og færa engin rök fyrir, það mundi enginn gera annar en sá, sem farinn væri að ganga í barndómi, því að ekki vil jeg gera hv. þm. (S. St.) þær getsakir, að hann geri þetta af illvilja, í þeirri von, að geta með því vakið kala til stjórnarinnar hjá auðtrúa og fáfróðum mönnum. Það er ekki til neins að vera að kasta því fram, að tapast hafi miljónir á landsversluninni, þar sem það var sýnt og sannað, er reikningar hennar voru gerðir upp, að hún hafði grætt hátt upp í miljón króna. Þetta er að tala eins og ábyrgðarlaus maður talar, en hv. þm. (S. St.) ætti þó að vita það, að hann ber ábyrgð orða sinna og gerða, þótt eigi sje hann ráðherra; hv. þm. (S. St.) má ekki láta æsa sig upp í slíka

óhæfu, þótt hlegið kunni að vera að honum á áheyrendapöllumum og hnyttiryrdum hans. Það verður að krefjast þess af þinginu, að það láti ekki slíku athæfi óhegnt, og af þjóðinni, að hún sendi ekki slíka menn á þing, sem ekki virðast hafa hina allra minstu ábyrgðartilfinningu.

Því neitar enginn, að hv. þm. (S. St.) getur talað áheyrilega og er fyndinn og getur vakið hlátur. En hann minnir mig alt of oft á „reyfara“. Jeg hefi gaman af að lesa þá, en gagnið er litið, og slíkar bækur bindur maður ekki inn og geymir í skáp sínum, heldur kastar þeim frá sjer eftir að hafa lesið þær einu sinni. Líkt er farið um hv. þm. (S. St.). Það getur verið nógu gaman að heyra hann einu sinni, en það er óþolandi þreytandi að þurfa að hlusta oft á hann og heyra hann berja barlómsbumbuna og syngja öfgasöngvana. Jeg get vel skilið að áheyrendur, sem sjaldan hafa heyrt til hv. þm. (S. St.), segi, þegar þeir koma heim til sín: Það var þó svei mjer skemtilegur „reyfari“, sem jeg heyrði í kveld. En jeg er handviss um, að þegar þeir fara að hugsa um efnið í „reyfaranum“, þá kemur þeim ekki í hug að kosta upp á að binda hann inn.

Hv. þm. (S. St.) vill berja það inn í menn, að hjer sjeu engir flokkar í þinginu, sem haldi saman. Þetta er ein af „reyfara“-sögum hv. þm. (S. St.). Þegar jeg tók við ráðherraembætti, hafði jeg stuðnings Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins líka; og jeg veit ekki til, að nein breyting hafi orðið á því síðan, og býst jeg þó við, að hv. þm. (S. St.) viti ekki betur um afstöðu þessara flokka til mín en jeg sjálfur. Jeg veit að vísu ekki jafnglögt um afstöðu Heimastjórnarflokksins, en mun þó

Vantraustsyfirlýsing.

mega fullyrða, að hann kæri sig ekki um að slíta samvinnunni nú. Hver er það, sem elur á kalanum hjer á þingi? Hver er það, sem reynir að vekja óróa? Hver stráir illindum og úlfúð meðal þingmanna? Hver er það, sem lætur ekkert tækifæri ónotað til að trufla samvinnu milli þings og stjórnar? Hver annar en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.)! Getur það verið, að hann ímyndi sjer, að slíkt geti verið til heilla fyrir þjóðina?

Jeg gæti skilið það, að hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) talar hátt, ef hann hefði þær sakir á hendur stjórninni, er sýndu, að hún vildi sjálf hafa hag af starfsemi sinni. Þá ætti hann líka að tala hátt. En ákærur hans eru sumpart fálmi út í loftið, sem ekki hefir við neitt að styðjast, og sumpart smáatriði, sem hvergi gæti verið lögð áhersla á. Í hvaða landi í heimi myndi það viðgangast, er stjórn væri að koma sambandslögum á, eftir 100 ára deilu, að slík stjórn fengi vantraust út af máli eins og Öskjuhlíðarvinnunni? Ef slíkri stjórn væri sparkað af slíkum ástæðum, myndi hvarvetna sagt, að það væru Eskimóar, sem sætu á Alþingi Íslendinga. Það yrði talin sú flónska og heimiska, sem enginn stjórn-málamaður gæti skilið. Það er föst regla, að ef einni stjórn tekst að koma í gegn stórum „princip“-málum, þá dettur þingflokkunum ekki annað í hug en að styðja stjórnina.

Það er broslégt, að hv. þm. (S. St.) skuli bera fram vantraustsyfirlýsingu á mig sem fjármálaráðherra, og hafa þó áður samþykkt traustsyfirlýsingu á mig sem fjármálaráðherra, með því að fylgja öllum skattamálum mínum fram. Það er enn þá broslégra, að vantraustsyfirlýsingin skuli nú vera rökstudd að nokkru með því, að atvinnumálaráðh. hafi látið vinna of mikið að vegavinnu.

Fyrir það á jeg að fá vantraustsyfirlýsingu. Hver skilur nú?

Hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) var að vitna í „privat“-ummæli hv. 6. landsk. þm. (G. B.), og skal jeg ekkert blanda mjer í það. En jeg gæti mint hann (S. St.) á, hvað hann sagði við mig í þinglok í sumar. Hann sagði þá, að jeg hefði staðið best í ístaðinu af ráðherrunum, og gaf mjer í nefið um leið. Þá var jeg bestur, en nú kemur vantraustsyfirlýsingin. Við öllu má búast úr Djúpinu. Seinni ára stjórn-málasaga hv. þm. (S. St.) er orðin hálfgerð raunasaga. Hann veit ekki hvað hann vill. Það ber enga birtu af honum í þingsalnum; hann er orðinn hreinasta stjórn-málaskar. Og þess mun ekki langt að bíða, að blásið verði á skarið, svo að það sloknar út af til fulls. Og það á að slokna.

Þegar hjer var komið umræðum, kom fram ósk um, að þeim skyldi hætt, þá er þeir hefðu lokið máli sínu, er nú hefðu beðið sjer hljóðs, frá E. Árna., P. O., K. E., S. S., E. A., St. St., S. F., H. Sn. og G. G.

Var þetta undir atkv. borið og samþ. með 20 : 9 atkv.

Atvinnumálaráðherra (S. J.): Eftir þessa atkvgr. mun það koma í ljós, að menn sje orðnir nokkuð þreyttir, og skal jeg ekki mikið á þá þreytu auka. Það er langt síðan jeg bað um orðið, svo að jeg mun hafa gleymt ýmsu af því, sem síðan hefir verið til mín beint.

Jeg skal taka það fram, að þeir, sem mjer hafa andmælt, hafa komið með sáralítið nýtt, og það litla, sem til er

Vantraustsyfirlýsing.

af slíku, vil jeg nú drepa á. Varnir min- ar og almennar athugasemdir hafa ekki verið hraktar.

Fyrst er þá hv. þm. Snæf. (H. St.), sem fór hörðum orðum um afskifti mín af atvinnumálunum. Þar var ekkert nýtt, nema það, að jeg hefði látið það afskiftalaust, er breytt var um forstöðu landsverslunarinnar. Þessu vil jeg mótmæla. Jeg veit ekki betur en að hugmyndin kæmi fram á síðasta fjárlagaþingi, og var jeg henni samþykkur og talaði um við ýmsa menn.

Hv. þm. (H. St.) talaði um galla landsversl. Þó að svo væri, sem hann segir, þá er ekki búið að sýna, á hve miklum rökum þær ákærur eru byggðar, enda þekkjja hv. þm. hið blinda fylgi þess hv. þm. (H. St.) við kaupmannastefnuna.

Hin hörðu og staðlausu orð sama hv. þm. (H. St.) um mína persónulegu hæfileiga ætla jeg ekki að gera að umtalsefni. Hygg, að hann hafi þar, sem oftast, skotið ofan við markið.

Þá er hv. 1. þm. N.-M. (J. J.), sem áleit það viðeigandi að lýsa því, hvernig jeg á endanum gekst undir vanda þessarar óvinsælu stöðu. En mjer er óljúft að rekja það, sem gerst hefir á flokksfundum, en jeg skal lýsa yfir því, að hann fór þar ekki rjett með, heldur algerlega rangt. Vona jeg, að einhver af samflokksmönnum mínum skýri það betur. Þó fanst mjer, sem hv. þm. (J. J.) þætti sjer renna blóðið til skyldunnar í enda ræðu sinnar, því að þá fór hann að afsaka mig, og kann jeg honum þó engar þakkir fyrir. Jeg tel ekki rjett að nefna nöfn utanþingsmanna, enda þótt þeir eigi að hafa haft einhver áhrif á mig. En þó er það nýtt, ef þessi hv. þm. (J. J.) er viðkvæmur fyrir slíku, því að ekki verður slík viðkvæmni eða

tilfinning fyrir því sémilega ráðin af skrifum hans í Ísafold.

Þá er næst hv. 1. þm. Rang. (E. P.), sem með vanalegri varfærni lýsti afstöðu sinni. Fann hann mjer þó ekkert nýtt til foráttu nema Hafnarfjarðarveginn, en það er búið að skýra, og þarf því ekki að svara. Hann (E. P.) sagði, að jeg, bændavinurinn, hefði ekki hugsað mikið fyrir landbúnaðinum og litið gert í þá átt. Má það vel vera, en hvorki frá hv. 1. þm. Rang. (E. P.) nje öðrum bændum, hefir neitt mikilvægt komið fram í þá átt, og því ekki á það reynt, hvernig jeg hefði stutt hv. þingmenn. Enda er nú ekki ljett að ráðast í stórvirki til styrktar landbúnaði eða öðrum atvinnuvegum. Var jeg þó fýsandi samvinnu þingmanna og stuðnings um kaup á sild, og vakti þar fyrir mjer, að hún yrði notuð til fóðurbætis, og jeg var einnig með því, að sildarmjöl var keypt síðastliðið ár, sem varð að bestu notum.

Þá mintist hann (E. P.) á fráfarænafrv. Það var aldrei meining stjórnarinnar að halda því fram, ef aðflutningar teptust ekki, en ef svo færi, taldi hún það gott ráð til að auka matarforða í landinu, og hefir enginn getað mótmælt því.

Þá er hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Við höfum stundum áður átt í orðasennu, og vanalega farið vel á. Hann hafði ekkert nýtt að færa fram, nema honum var óljóst, hvi jeg gaf kost á því að taka ráðherrasæti fyrir hönd Framsóknarflokksins. Jeg skal ekki rekja það langt, en lýsa yfir því, og hefi jeg þess næg vitni, að jeg færðist langalengi undan því, eins og líka hv. 2. þm. Skagf. (Ó. B.), og gerði tilraun til að fá annan mann. Fór jeg heim til hæstv. forsætisráðh. og ræddi það við hann. Skal jeg ekki tala meira um þetta mál, en það er satt, að

Vantraustsyfirlýsing.

fyrst seint og síðar meir gekst jeg undir þennan vanda.

Hv. þm. (G. Sv.) talaði líka um Tjörnesnámuna, og kvað hann munu vera halla af rekstri hennar í sumar. En eftir skýrslu sænska verkfræðingsins hefir ekki orðið halli, heldur ágóði, síðustu þrjá mánuðina, sem hann hefir sent skýrslu yfir.

Jeg er hv. flm. (S. St.) þakklátur fyrir alla prestlega vorkunnsemi, ef hún kemur rjett niður. Báðir erum við teknir að eldast, en óvíst er, hvor eldri verður í orðasennu, ef hún stendur lengi. Jeg man ekki til, að jeg hafi þakkað mjer úrslit sambandsmálsins. Jeg hefi þar ekki annað gert en í samráði við minn flokk að leggja til það, er jeg taldi hollast.

Fleiru mun jeg ekki þurfa að svara.

Benedikt Sveinsson: Út af orðum hv. hv. 6. landsk. þm. (G. B.) vil jeg segja fáein orð. Hann gat þess, með hve miklum atkvæðafjölda frv. var samþykkt í lok síðasta þings, 100 daga þingsins, að 38 þjóðfulltrúar hefðu greitt atkv. með frv., en 2 hefðu ekki greitt atkv., „án þess þó að segja nei“. Mátti draga það út úr orðum hans, að þessir tveir hefðu verið hikandi í málinu, eða jafnvel mætti telja þá með því.

Til þess að fyrirbyggja misskilning, vil jeg skýra, hvernig á þessu stóð. Frv. var borið undir atkv. $\frac{1}{4}$ klukkustundar eftir að þm. fengu skýringar þær, er því fylgdu, athugasemdir nefndarinnar, og hæstv. forsætisráðh. var mikið í mun að heimta atkvgr. þá þegar. Við mötmæltum því, tveir þm., að nokkur atkvgr. færi fram á þeim fundi, og rökstuddum mál okkar um það, hve slikt væri gersamlega ótilhlýðilegt. Vildum við, að þm. hefðu alls óbundnar

hendur, er þeir kæmu aftur til þings, og atkvgr. biði þangað til málið fengi lögformlega meðferð á Alþingi, samkvæmt þingsköpum. Hugðum við, að fæstir þm. hefðu þá á takteinum rökstudda skoðun um þetta stórmál og afleiðingar þess, og mundi þeim ekki veita af tímanum og ihuga það til seinna aukþingsins. Væri það og harla fráleitt, að þm. gengju þá þegar svo frá þessu afarflókna og afdrifaríka máli, að hjer sæti

„steingert fólk með bundnar tungur“, þegar þingið settist aftur á rökstóla og ætti fyrst að fara að ræða málið í heyranda hljóði fyrir þjóðinni.

Af þessum ástæðum neituðum við að eiga nokkurn þátt í atkvgr. á þeim fundi, og jeg tók það skýrt og skorinort fram, að eigi mætti „telja mig með meiri hlutanum“, því að í sjálfu sjer væri jeg þegar reiðubúinn að greiða atkv. gegn frumvarpinu. Bað jeg og hæstv. forseta sameinaðs þings, að láta þess getið við nefndarmennina dönsku, hvers vegna jeg tæki ekki þátt í atkvgr., til þess að þeir væru að engu blektir um fylgi mitt við frumvarpið, og vildi jeg hafa alls óbundnar hendur. Þó bauð jeg forseta að greiða þegar atkv. á móti, ef honum þætti þessi greinargerð min ekki nógu glögg, en hann neitaði því, og mun hann kannast við, að þetta er alt rjett hermt, er jeg hefi hjer sagt. — Það var einnig kunnugt, að jeg hafði greitt atkvæði gegn frv. í þingflokknunum, ásamt öðrum þingmanni, og yfir höfuð var stjórninni svo kunnugt um skoðanir flestra þingmanna, að einsætt var, að hún mátti vel þar við hlíta þangað til málið var tekið til meðferðar á löglegan hátt. En henni hefir þótt tryggara að binda hendur manna fyrirfram.

Jeg hefi sjeð það í blöðum hjer, að þau virtu svo, að því hefðum við ekki

Vantraustsyfirlýsing.

greitt atkv. á pukurfundinum, að við hefðum þá ekki þótt vera búnir að átta okkur á málinu. Jeg hefi ekki hirt um að leiðrjetta þetta, en úr því að svipaður misskilningur kom nú fram í ræðu hv. 6. landsk. þm. (G. B.), þá vildi jeg gera þessa leiðrjettingu og læt það atriði út-rætt.

Mikil var samúðin og heitur kærleik-urinn innan meiri hlutans fyrstu daga þingsins, meðan hann var að deila við minni hlutann um rjettindi Íslands. Þá var þar alt „ein hjörð og einn hirðir“. En nú þykir mjer skjótlega hafa skip-ast veður í lofti, og sannast áþreifanlega orð hins forna spekings, að:

„Eldi heitari
brennr með illum vinum
friðr fimm daga.
En þá slokknar,
er enn sjetti kemr,
ok versnar allr vinskapr.“

Það er sjaldan, að spakmæli hefir ræst jafnbókstaflega. Rjetta 5 daga lágu þeir í faðmlögum, allir meiri hluta menn, meðan afgreidd voru sambands-lögin hjer í deildinni, en á 6. deginum rigndi vantraustsyfirlýsingunum niður sem skæðadrifu yfir þingið, það er mjög einkennilegt, hve þetta forna spakmæli hefir ræst bókstaflega á sambandslaga-vinunum. En annað er töluvert athuga-vert, sem sje það, að þessi deila sýnir hugarfarið, sem gengið er með að þessu máli, því að ef unnið er saman að stærstu og helgustu málunum, þá eru allar smærri deilur láttnar niður falla, og allur urgur er horfinn. Má nokkuð ráða í, hve djúpt þetta mál stendur í hugum þingmanna, er þeir hafa ekki fyr slept síðasta orðinu um þetta stórmál en þeir eru komnir í slíka snerru og sundrung sem nú. „Oft hefir Ingunn illa látið, en aldrei sem í kvöld“, er 4 þingflokkar og

einir 8—9 smáflokkar sitja á svikráðum hver við annan. Þetta hefði þó getað leynt sjer þar til lokið var samþykkt þessa „helga“ máls, sem átti að sameina alla krafta Íslendinga — og Dana líka.

Menn munu nú geta skilið, að mjer er nokkuð sama, hvort rökstudda dag-skráin nær fram að ganga eða eitthvað annað. Hjer munu þeir einir við eigast, að jeg mun láta mjer í ljettu rúmi liggja, hverjir sigri eiga að hrósa. Skal jeg því eigi trufla þá mjög í þeim fagra leik.

Sveinn Ólafsson: Jeg gæti vel fallið frá orðinu þess vegna, að engum tel jeg hættu stafa af vantraustsyfirlýsingu þeirri, sem hjer er fram komin, nema ef vera kynni flutningsmönnum. Flestu því, sem flutningsmenn hennar og fylgi-fiskar hafa sagt og máli skiftir, er þegar svarað. En rjett þykir mjer þó að drepa á nokkur atriði.

Margt af aðfinslum þeim við stjórn-ina, sem nú hafa komið fram, eru marg-þumþráttáðar endurtekningar frá síðasta þingi, afturgöngur, sem oft hafa verið kveðnar niður, en vantraustssmiðirnir með óþreytandi elju reyna að nota sjer til undirhleðslu í valdaglimunni. Það væri nfl. til of mikils ætlast, ef nokkur hjeldi, að þessi hamagangur þeirra væri sprottinn af einni saman föðurlandsumhyggju.

Margt af því, sem þeir telja stórsyndir í athöfnum stjórnarinnar, má nánast skoða eins og „barnasjúkdóma“ eðabyrj-unarmistök, sem eigi verður sneitt hjá, þegar brjóta skal nýjar og óþektar brautir. Og það má með sanni segja, að núverandi stjórn framar öllum öðrum stjórnunum hjerlendis hafi kannað ókunna stigu.

Þetta á sjerstaklega við um allar dýr-tiðarráðstafanir, t. d. landsverslunina,

Vantraustsyfirlýsing

kolanámið á Tjörnesi og grjótvinnuna í Öskjuhlíð. Alt eru þetta nýjar brautir í störfum stjórnarinnar, brautir, sem engin fyrverandi stjórn hefir gengið.

Enginn neitar því, að byrjunarmistök hafa orðið á þessum fyrirtækjum, en enginn gat vist heldur með nokkurri sanngirni til þess ætlast, að jafntvísýn fyrirtæki á þessum stríðs- og byltingatímum tækjust án óhappa, enda eigi til þeirra stofnað í gróðavon, svo sem allir vita, því að þá hefðu hjargráð þeirra verið neikvæð.

Stóryrði vantraustsmanna um þessa þætti í stjórnarathöfninni eru því fráleitari, sem þingið hefir, þrátt fyrir óhöppin, aftur og aftur gefið uppörfun til starfanna. Annars hefir þessum aðfinslum verið maklega svarað af öðrum hv. þm., og skal jeg ekki fjölyrða um þær frekar.

Sú kynlega fullyrðing hefir verið endurtekin hjer fleirum sinnum af vantraustsmönnum, að stjórnin væri ekki starfhæf og hefði ekki getað stjórnað landinu. Mjer verður — og vissulega fleirum — að spyrja: Hver hefir þá stjórnað því? Hvers konar „automat“ er það, sem skipað hefir málum þess svo í styrjaldarfarinu, að stýrt hefir verið undan stóraföllum og skorti, engu siður en hjá grannþjóðum vorum?

Vel veit jeg, að hv. flm. (S. St.) og fleiri vantraustsmenn látast hjer eingöngu snúast að þeim tveim ráðh., sem vantraustsyfirlýsingin nefnir. En eins og hæstv. atvinnumálaráðherra benti á, er sýnilega hjer stofnað til algerðra stjórnarskifta, og ekki sje jeg, hvernig hæstv. forsætisráðh. getur ósnortinn verið, þegar lýst er óstarfhæfi stjórnarinnar, sem hann er oddviti fyrir, og sannarlega finst mjer öllum ráðherrunum hjer drukkið til á sama hátt En nú skal

þess biða, sem best sker úr um þetta, atkvæðagreiðslunnar.

Það tekur eigi tali fyrir mig að svara hverju einstöku árásartriði vantraustsmanna, enda eru þau flest af öðrum vegin og ljettvæg fundin. En gera verð jeg þeim hv. þm. Snæf. (H. St.) og hv. 1. þm. N.-M. (J. J.) dálitla heimsókn. Þeir hafa hvor í sínu lagi einna óvingjarnlegast veist að Framsóknarflokknun, sem jeg tel mig til. Mætti líklega um þann siðari segja, að betur sæmdi honum að sitja hjá, því að til skamms tíma hefir hann í flokknum verið, tekið þátt í öllum hans störfum og er nú að hallmæla sumu af sínum eigin gerðum, en að því skal siðar komið. — Hv. þm. Snæf. (H. St.) hefir hjer aðra aðstöðu og auðskilda. Hann mun allra þm. lausastur við að hafa átt samvinnu við Framsóknarflokkinn, enda ljet hann sjer þau valdsmannslegu orð um munn fara, að flokkurinn ætti ekki tilverurjett, og liggur nærri að draga þá ályktun af því, að kjósendur hans í Snæfellsnessýslu eigi þann rjett eigi allskostar vísan, því Framsóknarflokkurinn er þó fyrst og fremst studdur af „óháðum bændum“, til sjávar og sveita.

Ef til vill strikar hv. þm. (H. St.) yfir þessi stóru orð, og hygg jeg honum það heillaráð. En hann reyndi líka eftir mætti að styðja þennan dóm sinn með niðrandi ummælum um flokkinn og ráðherra hans, ummælum, sem áttu meðal annars að sanna það, að flokkurinn bæri ekkert traust til hæstv. atvinnumálaráðh., en brysti einurð og þrek til að kannast við það.

Þetta fjell í svo góða jörð hjá hv. þm. N.-M. (J. J.), að hann tók það nær orðrjett upp og hafði yfir nokkrum sinnum ásamt aflöguðum uppljóstri trúnaðarmála úr flokknum, sem hann

Vantraustsyfirlýsing.

hafði staðið í svo lengi og kvatt svo vinnjarnlega (!).

Þessar fullyrðingar þeirra fjelaganna, um vantraust flokksins á ráðherra, komu mér mjög á óvart, eins og yfirléitt þær kenningar vantraustsmanna, að ráðherrarnir njóti eigi trausts hjá flokkum sínum, kenning, sem er byggð á því einu, að einstakir menn hafa hlaupist úr flokkum og eiga þar eigi lengur heima. Jeg verð því að lýsa því yfir, að traust mitt á hæstv. atvinnu-málaráðherra er að öllu leyti óveiklað og engu minna en áður, og jeg þykist vita, að atkvæðagreiðslan í kvöld leiði það sama í ljós um samflokksmenn mína. Hitt er annað mál, og skyggir ekkert á það traust, að flokkurinn, eftir ósk ráðherra sjálfs, hefir leitast fyrir um ráðherraefni, sem tekið gæti við af honum, þegar hann óskaði sjer hvíldar frá starfinu, (**Atvinnumálaráðherra:** Sett sem skilyrði af mér.), og er það samkvæmt fyrirætlun flokksins frá öndverðu og skilyrðum ráðherra.

Mér þótti skýrsla háttv. þingm. N.-M. (J. J.) um Framsóknarflokkinn hins vegar nokkuð þokukend og hjáleit, enda sumt fullkomnar staðleysur. Hann sagði forsætisráðherra hafa mótmælt tilnefningu ráðherra flokksins í upphafi, en rjett á eftir, og án nokkurra frekari skýringa, kennir hann forsætisráðherra um, að tilnefningin tókst, rjett eins og sami maður gæti í einu verið kærandi og ákærður.

EKKI SKILDI JEG HELDUR HV. ÞM. (J. J.), þegar hann var að tala um, að atvinnu-málaráðh. hefði verið kosinn með einu atkv.; slikt er staðleysa, og mætti þá skilja svo, að kosning hefði orðið með eins atkv. mun. (J. J.: Var fyrri sinn er kosið var.) Jeg vil ekki á neinn hátt blanda

Alþt. 1918. C. (30. löggjafarþing).

mér í þá óviðurkvæmilegu skýrslugjöf frá lokuðum flokksfundum, sem hv. þm. (J. J.) hefir leyft sjer að fara hjer með, en því ætla jeg að lýsa yfir, og vona, að allir samflokksmenn mínir kannist við, að með samþykki allra flokksmanna, að hv. þm. N.-M. (J. J.) meðtöldum, var ráðherra tilnefndur. (J. J.: Var ekki við.) Var ekki við, segir hv. þm. (J. J.). Hann var við, og í flokknum að minsta kosti 1½ ár eftir að háðherravali lauk, og jeg man eigi eftir, að hann hafi þar gert sjer títt um ráðherraskifti.

Auðvitað hefir þessi hv. þm. (J. J.) hröklast úr flokknum af fremur lítillmótlegum ástæðum, sem hjer skulu þó eigi taldar. En ekki er ástæða til að telja það svo stórvægilegan atburð, að ráðherra flokksins eigi þess vegna að leggja niður völd.

Úr hinum flokkunum hefir líka molnað, og eins og allir vita, er vantraustsyfirlýsingin komin frá þessum lausamönnum, eða — eins og hv. þm. (J. J.) komst svo hnyttilega að orði, þótt í öðru sambandi væri — af því, sem kvarnast hafði utan úr flokkunum og lent í hrærigraut!

Það er einmitt þessi kvarnar-mola-hrærigrautur, sem nú hygst að „reformera“ ástandið og skapa sjer meiri hluta. Reynslan mun sýna, hvernig það tekst.

Fremur virtist mér það lúalegt og óvinnjarnlegt af þessum og öðrum hv. vantraustsmanni að vera að dylgja um i-stöðuleysi stjórnarinnar og hagsmunahvatir stuðningsmanna hennar, sem notuðu sjer það, og nefna svo ekkert dæmi. Það er að kasta úr skuggunum á saklausa. Jeg tel það ekkert dæmi til sönnunar þessari getsök, þótt bent sje á þessa margjöskuðu aðfinflu við hæstv.

Vantraustsyfirlýsing.

atvinnumálaráðh. út af veitingu póstafrgreiðslunnar á Seyðisfirði. Það lýsir óneitanlega röksemdafátækt á þessu sviði, að hamra þing eftir þing á þessari veitingu, og vitandi þó, eins og bert er orðið fyrir löngu, að maðurinn, sem starfann hlaut, er ekki að eins mjög vel hæfur og efnilegur reglumaður, en að hann auk þess hafði fleiri og betri meðmæli en nokkur annar af umsækjendum.

Jeg skal nú ekki tefja tímann öllu lengur, en vil þó vikja snöggvast að dagskrártill. þeirri, sem fram er komin.

Þeim hlálega skilningi á henni er haldið fram af sumum vantraustsvinum, að í henni felist enn átakanlegra vantraust til stjórnarinnar en í vantraustsyfirlýsingunni sjálfri.

Ef það væri af heilum hug mælt, þá væri þess að vænta, að þeir greiddu dagskránni atkvæði, en svo mun ekki vera, heldur verður að lita á þetta eins og hreystiyrði, eins og hæstv. fjármálaráðh. og fleiri hafa bent til.

Hvernig ætti annars heilbrigð skynsemi að fá út úr dagskrártill. frekara vantraust en úr vantraustsyfirlýsingunni? Í dagskrártill. standa þessi orð: „... og þykir þinginu ekki hlýða að bera hana (vantraustsyfirlýsinguna) undir atkvæði“. Hvers vegna mundi þinginu ekki þykja hlýða að bera hana fram? Því er auðsvarað. Af því, að hún er því til vansæmdar, af því, að hún er ósvinna, sem þingið í heild vill ekki gera sig sekt í.

Annars kemur skilningur þingsins á þessu best fram við atkvæðagreiðsluna, og það er skilningur meiri hlutans á dagskránni, sem merkið setur á vantraustsyfirlýsinguna.

Hinn ungi og endurfæddi flokkur, sem vantraustið ber fram — kvarnar-

molarinir — sem háttv. þingm. N.-M. (J. J.) nefnir svo, hefir stofnað hvert eldhúsdagstillaldið af öðru á síðasta þingi og þessu. Hann byrjaði á Tjörnesnámunni á síðasta þingi, þridægraði hana, og hafði litla sæmd af. En síðan hefir honum komið liðsauki, og þykir honum nú einsætt að reyna þrótt sinn og freista að ná stjórnarmarkinu. Mjer dettur í hug, út af þessu bramli flokksins, gamla vísan:

Gangr varð ei góðr ins unga
gullslýstis inn fyrsti.

Hverr man hjeðan af verri.

Hnepstr man sá inn efsti.

„Sá efsti“ er nú í kvöld við atkvæðagreiðsluna, en af henni má ráða gengi „molanna“ að þessu sinni.

Guðmundur Björnson: Jeg skal ekki tefja tímann lengi. En jeg verð að minnast á eitt atriði í ræðu hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), ekki af því, að þar væri ómaklega mælt í minn garð, sem þó var, heldur af því, að það var ómaklega mælt í garð eins flokks, Heimastjórnarflokksins og um leið allra annara flokka þingsins. Þetta atriði var það, er hv. flm. vantrauststill. (S. St.) sagði, að honum væri það kunnugt, að hver einstakur flokkur í þinginu væri óánægður með sinn ráðherra. Jeg lýsi þetta rakalaus ósannindi um Heimastjórnarflokkinn. Hann er mjög vel ánægður með ráðherra sinn, og það hefir komið berlega í ljós á fundum flokksins. Og jeg vil segja meira. Jeg veit ekki betur en allir flokkar þingsins beri fult traust til hæstv. forsætisráðherra. Mjer hefir jafnvel skilist á hv. flm. (S. St.), sem hann vildi alls ekki bera hann neinum sökum nje telja hann maklegan vantraustsyfirlýsingar.

Jeg verð að telja það miður sæmilegt,

Vantraustsyfirlýsing.

að þingmaður beri þingbræðrum sínum það á brýn, að þeir þori ekki að standa við skoðanir sínar.

Það var margt, sem hv. sami þm. (S. St.) sagði til mín, en því ætla jeg ekki að svara. Jeg var spurður um það hjer frammi í forsalnum, hvað jeg ætlaði að gera og hverju jeg ætlaði að svara honum. En þá sagði jeg, og segi nú: Jeg veit ekki, hvort jeg er þeim mun ver máli farinn en aðrir, sem mjer er minna um það gefið en hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) að gera mig að athlægi í þingsölunum.

Magnús Torfason: Jeg hafði nú ekki ætlað mjer að skifta mjer af þeim hildarleik, sem hjer er háður, og það af þeim sömu ástæðum, sem hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.) hefir lýst. En það hefir knúð mig að taka til máls, að tveir hv. þm. hafa nú ákallað mig í neyð sinni.

Fyrst var það hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann fór að minnst á veitingu lög-reglustjóraembættisins í Reykjavík í vetur. Skal jeg ekki álasa honum fyrir það, en hann gerði annað, er ekki kom þessu máli við, er hann fór að verðleggja mig í ræðu sinni. Jeg hjelt, að það hefði verið sæmilegast að láta það mál liggja á milli hluta, og ekki var að minni tilhlutun minst á það mál í blaði því, sem helst hefir stutt mig, og er það blátt áfram af því, að jeg álit ekki rjett að blanda „privat“-sökum inn í stjórnsmál. En hv. þm. (S. St.) fór, sem sagt, að verðleggja mig, er hann bætti því við, að þessi veiting væri alls ekki aðfinsluserð. Hann vill með öðrum orðum segja það, að þótt jeg hafi nú í 24 ár fitlað við lögreglumál, þá hafi þau farið mjer úr hendi þannig, að jeg geti ekki komið til greina við slíka embættisveitingu gagnvart miklu yngra

manni, sem aldrei hefir nálægt slíkum störfum komið. Það er ekki mitt að dæma um slíkt, enda liggur þessi dómur hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um mig og embættisferil minn mjer í ærið ljettu rúmi, og það því fremur, sem sami hv. þm. hefir einnig látið uppi alt aðra skoðun og mælt alt öðrum orðum um framkomu mína sem lögreglustjóra upp í mín eyru. En mig furðar ekkert á þessu, því að það er regla hans, þótt ekki sje undantekningarlaus, fremur en aðrar reglur, að fara í gegnum sjálfan sig, fara alveg hringinn. Þess vegna er jeg viss um, að hann á enn eftir að breyta þessari skoðun sinni, sem jeg hjer lýsti, því að annars væri hann ekki sjálfum sjer samkvæmur.

Þá ákallaði mig hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og önnur rödd hjer úr salnum, og voru þeir að brýna mig með því, að jeg hlyti að vera með þessari vantraustsyfirlýsingu í atkvæðagreiðslu. Það hlyti minni hlutinn í sambandsmálinu að gera. Jeg skal nú fyrst og fremst taka það fram, að það var ætlun okkar að taka engan þátt í þessum barnaleik, sem hjer er verið að leika, fólki til skemtunar. Það er fyrst og fremst fullkominn barnaleikur að því leyti, að ekkert nýtt hefir komið fram á móti þessum 2 ráðherrum, annað en það, sem fram kom á þingi síðast, og þá var hvert árásaþefni vegið og ljettvægt fundið. Þá er það barnaleikur af því, að það er flutt fram nú á þessum tíma. En sjerstaklega er það þó barnaleikur, þar sem forsætisráðherranum er slept. Honum ber þó fyrsta og þyngsta ábyrgðin. Það er blátt áfram samkvæmt þeirri þingræðisreglu, að ef forsætisráðherra vill ekki nýta samverkamenn sína, þá er hans að segja: „Jeg fer, ef þingið skiftir ekki um samverkamenn mína.“ En sjerstak-

Vantraustsyfirlýsing.

lega er okkur minnihlutamönnum ekki skylt að taka neinn þátt í þessari vantraustsyfirlýsingu vegna þess, að við litum svo á, að hæstv. forsætisráðherra sje „syndugastur í Galileu“ allra ráðherranna.

Það eina, sem hefði nú getað orkað því, að við tækjum þátt í þessari vantraustsyfirlýsingu á stjórnina, hefði þá verið það, ef þessir menn, er standa bak við vantrauststill., hefðu staðið okkur eitthvað nær í sambandsmálinu en stjórnin og þeir, er hana styðja. En öðru nær er en að svo hafi verið.

Jeg skal nú taka það fram, að jeg hefi ekki kallað neinn föðurlandssvikara eða landráðamann. En sú rödd, er viðhafði þessi orð, hefir slett þeim fram vegna þess, að hún kennir sín. Hún hefir ekki hreina samvisku! Jeg get vel skilið þetta. Enda þótt jeg beri ekki neinum manni föðurlandssvik á brýn, þá hefir hann, sem átti hina ákallandi rödd, á sinu máli gert sig sekan í svikum. Jeg myndi nú hafa sagt, að hann hefði brugðist sínum fyrra manni. Eins og kunnugt er, er hann hinn eini skilnaðarmaður þingsins. Datt mjer því ekki annað í hug en að hann myndi að minsta kosti láta sambandsfrv. hlutlaust. Ónei! Það gerir hann ekki, heldur samþykkir þennan samning með glöðu geði. Og hann hefir lýst því yfir sjálfur, að þetta sje miklu meira en hann hafi nokkurn tíma dreynt um að fá. En hvað liggur þá í þessu orði? Það, að hann hefir verið boðinn og búinn til að ganga að mun verri kjörum en vjer fengum. Þetta sýnir, að hans flokkur er einna linastur í sambandsmálinu, eins og jeg hefi skjallega sannað. Út frá þessu sjónarmiði vona jeg, að hv. þingheimi skiljist, að það er ekki ástæða fyrir okkur til þess að koma þessum mönnum

í valdasæti, og það því síður, sem þetta mál er alls ekki útkljáð enn. Nú stendur fyrir dyrum mikill undirbúningur þessa máls á næstu mánuðum, og er alls ekki sama, hvernig hann fer úr hendi.

Öðru hefi jeg ekki að svara, og ætla ekki frekar að lýsa afstöðu minni til atkvgr., því að jeg tel mjer með öllu óskylt að svala forvitni þessarar raddar langsummanna.

Gísli Sveinsson:* Jeg skal fyrst og fremst leyfa mjer að vikja með örfáum orðum að hv. þm. Ísaf. (M. T.). Hann þóttist þurfa að taka til máls, til þess að verja afstöðu sína til þessarar vantraustsyfirlýsingar, sem nú er til umræðu. En menn hefðu búist við, að hann hefði gert það betur, eftir allan þann gauragang, sem hann hefir gert í hinu mikilfenglegasta máli, sem legið hefir fyrir Alþingi Íslendinga. Hann taldi þessa vantraustsyfirlýsingu vera barnaleik, vegna þess, að hún væri ekki látin ná til allrar stjórnarinnar, og sagði hann, að hæstv. forsætisráðherra væri sá af ráðherrunum, sem mest hefði syndgað, og stæði sjer því næst að gefa honum vantraustsyfirlýsingu. Mjer finst nú, satt að segja, vera hægurinn hjá fyrir hann að nota nú tækifærið og skella á hann vantraustsyfirlýsingu. En hitt kemur mjer á óvart, að hann skuli ekki vilja vera með vantraustsyfirlýsingu til hinna ráðherranna, því að þeir standa þó við hlið hæstv. forsætisráðh. um að leiða sambandsmálið til lykta á

* Vegna óviðráðanlegra atvika gat þingmaðurinn (G. Sv.) hvorki lesið þessa ræðu nje leiðrjett, áður en hún var prentuð. Er hún því prentuð hjer eins og hún er frá hendi innanþingsskrifaranna, og vill þingmaðurinn láta þess getið.

Vantraustsyfirlýsing.

þennan hátt, og þeir vilja eiga sinn þátt í því. En mjer skilst, að þessi vægðarsemi hv. þm. Ísaf. (M. T.) sje sprottin af ótta við það flokksbrot, sem hann lenti í, er hann kom fyrst á þingið 1916. Þegar hann kom hingað suður 1916, ljét hann orð falla um það, að hann væri viðbúinn að ganga í hvern þann flokk sem var. Hann gerði tilraun til þess að komast inn hjá okkur, sem kalladir höfum verið langsummenn, og eitt-hvað var hann að dufla við Heimastjórnarflokkinn, en í Þversum lenti hann. En þar sem hvorki sá flokkur nje við eða Heimastjórnarmenn vildum styðja slíkan mann til ráðherratignar, en það var skilyrðið fyrir öruggu flokksfylgi hans, þá fór hann að draga sig eftir Framsóknarflokknun, en hann var eini flokkurinn, sem eftir var. Tók hann (M. T.) nú upp margar stefnur, til þess að þóknast þeim mönnum, bæði utan þings og innan, sem þar ráða mestu. En þó að furðulegt megi heita, þá vildi jafnvel ekki þessi flokkur hafa neitt saman við hann að sælda, og því er honum nauðugur einn kostur, að hanga í flokki Þversumanna, þar sem hann og lenti fyrst er hann kom, svo sem jeg hefi frá skýrt. En þó að þessu væri nú ekki svona farið, þá mun margan úti í frá furða stórkostlega, að hann skuli nú geta haft mök við þá menn, sem hann hefir sagt um, að brugðist hafi í sjálfstæðismáli þjóðarinnar, — menn, sem hann hefir sagt um það, sem að efni til er hið sama og landráðamenn og föðurlandssvikarar. Slíkt hið sama hefir skoðanabróðir hans, hv. þm. N.-Þ. (B. Sv.), sagt berum orðum, og kveðið enn fastar að heldur en hv. þm. Ísaf. (M. T.). Þá vildi hann (M. T.) bera því við, að hann vildi ekki ganga að verki með mönnum,

sem stæðu mjer nærri, þar sem jeg væri enn þá meiri föðurlandssvikari en hans flokksmenn, þar sem jeg hefði áður verið sá eini þm., sem hefði lýst sig fylgja skilnaðarstefnu.

Jeg hefi áður í heyranda hljóði, bæði í ræðu og riti, lýst skoðun minni og afstöðu til þessa máls, og það er ómótmælanlegt, að ef frv. verður samþ., þá stöndum við miklu nær skilnaði heldur en áður. Ef þjóðin kys síðar meir að fara þá braut, þá stendur hún nú opin og öllum fær, segi jeg, en svo var ekki áður. Þá sagði hv. sami þm. (M. T.), og átti það að vera mjer til hnjóðs, að jeg hefði sagt í einni af ræðum mínum, að Danir hefðu sýnt okkur meiri tilláttssemi með sambandslagafrv., og okkur orðið betur ágengt í frelsiskröfum okkar, heldur en jeg hefði getað búist við. Þessi hin sömu orð eða lík hafa bæði hv. þm. Dala (B. J.) og hæstv. fjármálaráðherra notað, og hafa hvorki þeir nje jeg meint nokkuð ilt með þeim, eða nokkur bilbugur af okkar hálfu í þeim falist, ekkert annað en það, að eftir framkomu Dana áður í okkar garð gátum við ekki búist við, að þeir sýndu slíkan skilning á kröfum okkar og frv. ber vott um. En það kemur auðvitað engum á óvart, þó að þessi hv. þm. (M. T.) vaði reykt í þessu sem öðru, er að þjóðmálum lýtur. Þykist jeg svo ekki þurfa að athuga ræðu hans meira.

Það hefir ekki komið neitt það fram í ræðum hv. þm., er í móti hafa mælt vantraustinu, sem jeg þarf að svara, nema ef vera skyldi hjá hv. fjármálaráðherra. Að visu reis hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) upp úr sæti sínu og reyndi að bera blak af stjórninni, en ekki munu þeir margir hjer inni, sem muna orð hans, því ljeleg var vörnin, sem við var

Vantraustsyfirlýsing.

að búast, þar sem ætíð er erfitt að verja illan og rangan málstað. Það var auðvitað, að upp mundu risa tveir menn til þess að halda skildi fyrir stjórninni. Þeir eru nú báðir fram komnir, sem sje hv. þm. Dala. (B. J.) og hv. þm. S.-M. (Sv. Ó.), en vanmátkir hafa þeir verið, svo sem vita mátti. — Hv. 1. þm. S.-M. (Sv. Ó.) virtist telja það barnsjúkdóm, sem við hefðum borið stjórninni á brýn, þar sem við tölum um afglöp hennar og hneyksli. Þennan sjúkdóm taldi hann stafa af því, að verið væri að brjóta nýjar brautir, og virtist hann ólmur vilja að stjórnin hjeldi þar áfram uppteknum hætti. Hann ljet svo í veðri vaka, sem dagskráin væri sjálfsögð, og fæli hún í sjer traust á stjórninni. Mjer er með öllu óskiljanlegt, hvernig hægt er að „fá það út“, að með dagskránni sje bent á hæfileika umræddra tveggja ráðherra til þess að stjórna, því að með henni er ekki annað sagt en að menn treysti þeim ekki í sambandsmálinu, ef stjórnin yrði rekin frá. Það liggur því beinast við að ætla, að þeir, sem bera fram dagskrána, sjeu hræddir um, að stjórnin verði svo gröm út af brottrekstrinum, að hún í bráðræði eða af illmensku reyni að vinna sambandsmálinu mein. Með öðrum orðum, með dagskránni er ekkert annað sagt um stjórnina en ilt eitt, að hún sje ekki að eins óhæf stjórn, heldur og að mennirnir valdalausir gætu ef til vill orðið háskagripir og til alls búnir. Hann (Sv. Ó.) taldi og vantraustsyfirlýsinguna ósvinnu, sem ekki mætti bera fram, og sagði, að úr því að dagskráin væri borin upp fyrst, kæmi vantraustsyfirlýsingin ekki fram. En þetta er misskilningur hjá hv. þm. (Sv. Ó.), því að vantraustsyfirlýsingin er þegar komin fram, þótt hún svo aldrei verði borin undir atkvæði. Þá kom hv. þm.

(Sv. Ó.) örlítið inn á embættaveitingar stjórnarinnar og fanst þær allar í besta lagi. Mig undrar það ekki, þótt honum finnist svo. En flestir líta nú á það mál nokkuð öðrum augum, eins og oft hefir verið vikið að, af mjer og öðrum, bæði fyr og síðar. En það er ekki að eins ýmislegt það, sem fram er komið af embættaveitingum stjórnarinnar, sem er vitavert, heldur hafa menn og illan bifur á því, sem menn vita að eftir er. Það er kunnugt um tvö embætti, sem eftir er að veita, þó að því hefði átt að vera lokið, að til mála hefir komið hjá stjórninni að veita þau mönnum, sem sist eiga þar heima. Á jeg við með þessu bæði Eiðaskólaembættin og forstöðu löggildingarstofu mælitækja og vogaráhalda. Um þetta síðara embætti hafa sótt meðal annara tveir mjög vel færir menn, en það mun sanni nær, að stjórnin ætli sjer að veita það þriðja mannum, sem er með öllu óhæfur til þess starfa. Eiðaskólinn hefir verið látinn biðja um sinn, og er það almælt, að það sje vegna þess, að stjórnin þori ekki að veita hann gæðingum sínum, sökum þess úlfabyts, sem varð í blöðunum, er það frjettist, hverjir ættu að höndla hnossið. Það er því ekki að eins vegna hins liðna í embættaveitingum, að við viljum stjórnina frá, heldur og vegna þess, sem til stendur.

Hæstv. atvinnumálaráðherra var að tala um Tjörnesnámuna og ljet það um mælt, að hún hefði borið sig síðustu mánuðina. Hver mun þá vera niðurstaðan síðan í mars, ef hún hefir að eins borið sig síðustu mánuðina? En ef hún nú hefði getað borið sig altaf, væru það þá meðmæli með stjórninni, að hún hefir rekið hana eins og hún hefir gert?

Þá kem jeg að hæstv. fjármálaráðh. Jeg er efins í, hvort jeg á að taka hann

Vantraustsyfirlýsing

alvarlega eða ekki, því nú var sá gállinn á honum, að jeg veit ekki, hvort hann hefir talað með fullum hug eða ekki. Hann var sem sje mjög æstur, og meira að segja svo æstur, að líklega mundi hann eiga betur heima í einhverri annari stofnun en Alþingi, og sist af öllu talaði hann með þeirri ró, sem sambóðin er stöðu hans. Hann talaði um, að í Öskjuhlíðarfarganið hefði verið ráðist meðfram til þess að styrkja landsspítalann og afla grjóts til hans. Þetta er mjer með öllu óskiljanlegt, því að jeg trúi ekki öðru en að stjórnin hafi getað fundið einhverja aðra leið heppilegri en þessa. En ef skilja á hæstv. fjármálaráðherra svo, að nota eigi grjótið, sem unnið var, í landsspítalann, þá kemur það illa heim við það, sem sagt er, að verið sje að selja það nú Þjetri og Páli. Þá sagði hann, að það væri sama, hvað frá stjórninni kæmi; menn vildu ekki kannast við neitt gott í fari hennar. Jeg held nú, satt að segja, að ekki sje úr miklu góðu að moða í fari hennar, því að flest verk hennar eru þannig vaxin, að líkast er því, eins og hæstv. fjármálaráðherra komst að orði, að maður sje að lesa „reyfara“, en standi ekki augliti til auglitis við bláberan veruleikann. Maður skyldi ætla, að öll lýsingin á atferli og gerðum stjórnarinnar væri skröksaga frá landi óstjórnarinnar, ef maður gæti ekki þreifað á því. Það er því áreiðanlega ofmælt — ef ekki á að líta á það sem mismæli eða öfugmæli — hjá hæstv. fjármálaráðh., að menn úti um land sjeu harðánægðir með stjórnina og að alþýða áliti þessar ákærur endileysu og illgirni. Jeg vil að eins biðja hv. þm. um að stinga hendinni í sinn eigin barm og vita, hvort þeir hafi ekki heyrt megna óánægju með stjórnina heima í sveit sinni. Jeg þykist vita,

að fjármálaráðh. hafi í yfirreið sinni ekki orðið var við mikla óánægju, því menn eru nú yfirleitt talsvert gestrisnir hjer á landi, og kunnugt er það um hæstv. ráðherra, að hann er manna kurteisastur, svo að ekki er það eðlilegt, að þeir bændur, sem hann gisti hjá, hafi farið að ráðast á gerðir stjórnarinnar í það sinnið, er hann bar að garði. Þá væri aftur farið íslenskri gestrisni, ef menn legðu það í vana sinn að troða illsakar að fyrri bragði við gesti sína — og það prúðmannlega gesti, eins og hæstv. fjármálaráðh., enda þá ekki hættulaust, að illindi hefðu af hlotist.

Hæstv. fjármálaráðh. tók það kröftuglega fram, að hann hefði aldrei sagt ósatt í opinberum blöðum eða á opinberum mannfundum. Þetta finst mjer nokkuð ofsagt. Hann hefði getað sagt, að hann hafi aldrei sagt visvitandi ósatt, því að hitt má sanna með vitnum, að á fundinum út af sykurmálinu sagði hann ósatt, og leiðrjetti stjórnin það síðar.

Enn sagði hæstv. fjármálaráðh., að mjer væri gjarnt að ráðast á sig persónulega, vegna þess, að hann hafi eitt sinn boðið sig fram á móti mjer við kosningar til Alþingis og farið með sigur af hólmi. Jeg hefi aldrei hreyft þessu á þann veg, hvorki í ræðu nje riti og tel hann ósannindamann að þessum áburði, og verð jeg að telja það mjög svo lúalegt og litilmannlegt að bera mönnum slíkt á brýn. Mættu þá margir vera óvinir hjer og um landið, ef slíkt ætti að skapa fjandskap. Auk þess hefði jeg ekki ástæðu til þess nú að vera reiður ráðherranum af þessum sökum, því að jeg veit ekki betur en að jeg sje nú nokkurn veginn kominn inn í það kjördæmi, og mundi að sjálfsgöðu ekki hræddur að mæta honum þar, hve nær

Vantraustsyfirlýsing.

sem honum þóknaðist. Mig uggir, að sú ferð yrði ekki til fjár fyrir fjármálaráðherrann. En til þess getur hæstv. fjármálaráðh. ekki ætlast, að jeg eða aðrir hlífum honum, fremur en öðrum, er illa fara með embætti sitt. Hitt er fjarri öllum sanni, að jeg hafi nokkurn tíma ráðist á hann persónulega.

Eitt var það, sem hæstv. fjármálaráðherra var mjög klökkur yfir, og það var, að honum skyldi vera borið það á brýn, að hann vildi hlúa að vinum sínum, og sór hann og sárt við lagði, að hann hefði aldrei hlúð að vinum sínum í embættaveitingum. En þetta er einnig ofmælt. Sumir eru nú þannig skapi farnir, að þeir telja það ekki ámælisvert, þó að landsstjórn hlúi að vanda mönnum sínum að öðru jöfnu. Og það þykjast menn hafa sjeð, að hæstv. fjármálaráðh. væri hætt við að taka talsvert tillit til þess, hvort vinur og flokksbróðir ætti í hlut, eða þá ekki. Þarf ekki annað í þessu sambandi en að minna á fossa nefndina — manninn, sem hann tróð þar inn — og svo er það líka kunnugt, að hæstv. fjármálaráðh. ljet sjer mjög svo umhugað um, að sá maður, sem hann bar sjerstaklega fyrir brjósti, fengi lögreglustjóraembættið hjer í Reykjavík. Það er líka kunnugt, að um eitt skeið ætlaði hann að halda embættinu opnu handa sjálfum sjer, og í raun og veru er ekkert ilt í þessu, ef hann hefir þá trú á sjer, að hann sje embættinu einna best vaxinn allra manna. Og að sjer sleptum mun hann hafa haft bróður sinn í huga áður en þriðji maðurinn kom til sögunnar. (**Fjármálaráðherra:** Þetta er ósatt.) Jeg hefi fyrir mjer góðar sannanir, og yfirleitt ætti hæstv. fjármálaráðh. ekki að vera að baða út öllum öngum og segjast vera heilagur.

Á síðasta þingi var fjárhagsnefnd Nd. falið það sjerstaklega aðathuga fjárhagsástand landsins, og sjerstök nefnd var þá jafnframt skipuð til þess að rannsaka verslunarmálin. Um fjárhaginn komst fjárhagsnefnd að svipaðri niðurstöðu og hæstv. fjármálaráðh., en þó ekki hinni sömu í öllum greinum.

Frá þeirri nefnd komu — eins og þingheimi er kunnugt og öllum landslýð — skýrslur um Tjörnes- og Öskjuhlíðarmálin, en rannsóknir þeirra mála höfðu verið framkv. af krafti Niðurstaða nefndarinnar um ráðsmensku stjórnarinnar í þeim sökum ætti ekki að vera liðin stjórninni úr minni, en þó leyfir hæstv. fjármálaráðh. sjer að segja, að ekki hafi fundist sakir! Annars þarf jeg ekki að rifja upp þá rollu, en læt mjer nægja að vísa til þess, er ritað hefir verið og rætt í þessum málum, bæði af mjer og ýmsum öðrum hv. þm.

En nefnd sú, er rannsaka átti verslunarmálin, fjekk ekki plögg þau frá landsstjórn og landsverslun, er henni voru nauðsynleg, fyr en áliðið var þingsins, og voru þá tveir úr þeirri nefnd teknir að vinna að sambandsmálinu, svo að það er ekkert undarlegt, þótt ekki kæmi mikið frá þeirri nefnd. En jeg býst við, að störfum hennar verði haldið áfram á næsta þingi. En eitt atriði var þó, sem frá henni kom; það var um sykurmálið, og voru þar færð góð og gild rök fyrir því hneyksli stjórnarinnar, svo að hæstv. fjármálaráðh. þarf ekki að kvarta undan algerðu aðgerðaleysi hennar.

Þá klykti hæstv. fjármálaráðherra út með því, að því er mjer skildist, að hvergi á bygðu bóli mundi vera ráðist á slíka stjórn sem þessa, þar sem hún hefði ráðið til lykta sambandsmálinu.

En hvernig á að þakka henni allri

Vantraustsyfirlýsing.

fyrir það, þar sem forsætisráðh. sannanlega og vitanlega er sá eini úr stjórninni, sem nokkuð hefir lagt til þeirra mála. Ef þeir hafa ekki annað en það sjer til varnar og ætla sjer að lafa með af þeim sökum, þá verður sú vörn að teljast æði veigalítill, og næsta fátánleg viðbára. Og jeg mótmæli því algerlega, að þeir tveir hæstv. ráðherrar, sem hjer er rætt um, hafi á nokkurn hátt unnið sjer til sýknunar með því máli, ef þeir á annað borð voru sekir.

Magnús Torfason: Jeg bjóst ekki við, að farið yrði að deila á mig persónulega, þar sem búið var að skera niður umr. En þann þingmann, er síðast talaði, — mjer er illa við að þingnefna hann — lýsi jeg ósanninndamann að því, er hann sagði um mig, annaðhvort beint eða í annara orða stað. Jeg hefi aldrei talað við hann um það eitt aukatekið orð.

Þegar jeg bauð mig fram til þings 1916, gerði jeg það sem sjálfstæðismaður, og stendur það prentað í málgagni því, er studdi mig, og var það eftir ósk minni gert. En það ljet jeg laust og óbundið, í hvorn flokk sjálfstæðismanna jeg færi hjer, enda vissi jeg ekki hvernig þingið mundi skipað. Það var því með samþykki stuðningsmanna minna, að jeg var frjáls að því, í hvorn flokkinn jeg færi.

Þegar jeg kom hjer, gerði jeg tilraun til að sameina sjálfstæðisflokksbrotin og ákvað mig ekki við neinn. Og þegar jeg var frjáls í því, í hvorn flokkinn háttv. þingm. (G. Sv.) taldi jeg mig lausamann í þinginu. Jeg var alls ekki hræddur að standa einn. Þegar útsjéð var um, að unt væri að sameina sjálfstæðismenn, þótti mjer rjettast að ganga í þann flokk, sem jeg nú er í, enda

Alpt. 1918. C. (30. lögjafarþing).

var aðalstuðningsmönnum mínum það kærast. En að jeg hafi boðið mig Framsóknarflokknnum, eða verið að „dufla“ við hann, það eru blátt áfram ósannindi.

En það er einn maður úr Langsumflokknnum, sem mjög hefir „duflað“ við hann og gengið í því miklu lengra en sémilegt er. Hitt gegnir öðru máli, að jeg hefi jafnan reynt að halda uppi samvinnu með sjálfstæðismönnum.

Jeg hjelt nú, að aðstaða mín í sambandsmálinu hefði sýnt það, að jeg þori fyllilega að standa einn og er ekki háður neinum flokksböndum.

Jeg skal svo ekki gjalda hv. þm. (G. Sv.) líku líkt í persónulegum deilum. Hann hefir fyr deilt á mig persónulega, en sumt er svo óhreint, að maður verður sjálfur óhreinn af að snerta við því. En kynlegt þykir mjer það, að aðalmenn langsummanna þykjast hjer hvergi nærri koma, fela sig í skugganum, en eru þó aðalkjarninn í móttöðu gegn stjórninni.

En að því er snertir þm. (G. Sv.), þá vita menn, til hvers skal hafa drenginn með í förinni og hverjum skal á foraðið etja.

Forsætisráðherra (J. M.): Jeg þarf ekki að taka það fram, að það var rjett hjá hæstv. fjármálaráðherra, sem hann sagði um gerðabók stjórnarráðsins um dýrtiðarvinnuna í fyrra.

Jeg stóð upp til þess að svara háttv. 1. þm. N.-M. (J. J.). Hann spurði um óveitt læknisembætti. En jeg vildi segja honum það, að óneyddur fer jeg ekki að skýra frá embættaveitingum þeim, er undir mig heyra, hjer í þingsalnum, við þetta tækifæri. Og álít jeg það ekki rjett að beina fyrirspurn til ráðherra við þessar umræður, um það, hverjum regl-

Vantraustsyfirlýsing.

um hún fylgi um embættaveitingar.

En vilji hv. þm. (J. J.) spyrja mig um þetta utan fundar, mun jeg ef til vill seðja forvitni hans. En háttv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) vil jeg þó segja það, að dylgjur hans um Eiðaskólann eiga sjer engan stað. — Að skólinn er ekki kominn á fót enn, er um að kenna dýrtíðinni og ýms-um örðugleikum vegna ófriðarins. Jeg vildi heldur fresta því lítinn tíma að koma skólanum á fót, en reyna svo að gera hann svo úr garði, að hann gæti orðið verulega myndarlegur lýðskóli. Það er eina ástæðan. En dylgjur þær, sem komið hafa í blöðum um þetta mál, eiga sjer enga staði.

Jeg sje svo ekki, að jeg þurfi að fara frekar út í umr. hjer Jeg hefi þegar skýrt afstöðu mína, og háttv. þm. Dala. (B. J.) hefir tekið það ljóst fram, hvernig stjórnin var mynduð.

En mig furðar á því, að þeir háttv. þm., sem að vantraustsyfirlýsingunni standa, skuli geta haldið því fram, að í dagskránni felist vantraust, þar sem hún er þó fram komin einmitt til þess að fella sjálfa vantraustsyfirlýsinguna.

Flm. (Sigurður Stefánsson):* Jeg verð fyrst að bera af mjer þann áburð hæstv. fjármálaráðherra, að jeg hafi brugðist í fánamálinu á þingi 1913. — Jeg hafði aldrei lofað frv. Nd. neinu fylgi, þar sem jeg lá veikur meðan það var þar til meðferðar. Og það, sem jeg gerði í Ed., er ekki hægt að telja neina brigðmælgí. En einmitt sú afstaða mín til málsins í Ed. þá varð til þess, að málið komst í það horf, sem það nú er í, og við fáum miklu þýðingarmeiri fána

en þann, sem þá var um að ræða. Það er því að nokkru leyti mjer að þakka, hvað á hefir unnist.

Þá sagði hæstv. fjármálaráðherra, að það hefði verið mitt mesta áhugamál á síðasta þingi að komast heim. Það eru að vísu hreinustu ósannindi, en hitt er það, að jeg kunni því illa að sitja í tvo mánuði yfir engu, fyrir mistök stjórnarinnar. En að jeg hafi viljað komast heim, sambandsmálinu til skaða, það eru alger ósannindi.

Annars fyrirgef jeg hæstv. fjármálaráðherra stóryrðin í síðustu ræðu hans. Jeg þóttist sjá, að hann væri tæplega „normal“ þá. Og oft hefi jeg sjeð útþaninn vindbelg, en aldrei slíkan. Skil jeg það nú, að hann er „jaloux“ við mig, því þótt hann telji mig vindbelg, þá vantar mikið á, að jeg sje eins út þaninn og hann sjálfur. En nú vona jeg, að mesti vindurinn hafi farið í ræðuna. En yfirleitt var öll ræða hans einn samfeldur reyfari, enda kvað hann lesa mikið reyfara, og trúi jeg því vel, og hefi enda heyrt, að hann lesi ekki aðrar bækur. En betri mynd af reyfara en ræðu hans er ekki hægt að fá, þar sem blandað er saman öfgum, ósannindum og stóryrðum.

Hann taldi það undarlegt og síður en svo til blessunar að vekja þennan kala til stjórnarinnar, einmitt þegar hún væri að gegnumfæra sambandsmálið. En, eins og jeg hefi áður sagt, get jeg ekki þakkað hæstv. fjármálaráðherra neinn hlut í afdrifum þess máls, því úr hans flokki einum komu andmælin, og var hann meira að segja sjálfur á báðum áttum um tíma, hvorum flokknum hann ætti að fylgja.

Jeg vil því halda því fram, að það geti orðið þjóðinni til blessunar að vekja

* Ræðu þessa hefir þingmaðurinn (S. St.) hvorki lesið nje leiðrjett. Vill hann, að þess sje getið.

Vantraustsyfirlýsing.

kala til þeirrar stjórnar, sem er jafn-óhæf til að standa í stöðu sinni og hæstv. fjármálaráðherra er.

Þá benti hann á það, að jeg hefði sagt við sig á síðasta þingi, að hann hafi þó staðið best í ístaðinu. Það má vel vera, að jeg hafi sagt það. En það sannar ekki neitt, ef hinir gerðu það illa. Og það skal jeg játa, að hæstv. fjármálaráðh. gerði margar tilraunir til þess að standa sæmilega í sínu ístaði, en tókst það mjög báglega.

Hæstv. forseta Ed. (G. B.) skal jeg ekki svara öðru en því, að hafi jeg gert mig að athlægi, þá gerði hann sig að enn þá meira athlægi með sinni ræðu.

Þá verð jeg að vikja nokkrum orðum að hv. þm. Ísaf. (M. T.). Það kom mjer á óvart, að hann skyldi taka sem illmæli um sig þau orð mín, að veiting lögreglustjóraembættisins í Reykjavík hefði tekið vel, frá almennu sjónarmiði. Jeg var þar ekki neitt að verðleggja hann. En það eru aðrir, sem verðlögðu hann í sambandi við embættisdugnað og álit hans í lögsagnarumdæmi hans, og einnig kom álit hans í ljós í umdæmi því, er hann sótti um.

Þegar það heyrðist á Ísafirði, að hann sækti um embætti þetta í Reykjavík, voru gerð almenn áheit á líknarstofnanir allar í guðspákkarskyni, ef hann fengi embættið. Þótti mönnum því allsúrt í brotið að verða að sitja með hann eftir sem áður.

En síðar frjettist það vestur, að Reykvíkingar hefðu gert samskonar áheit, ef hann fengi ekki embættið, og þótti það þá fara að vonum, að þeim ynnist betur, sem mannfleiri voru.

En hvert meðalverð allra meðalverða verður á kostum og álitum þessa hv. þm. (M. T.) í þessum tveim umdæmum, það læt jeg hann sjálfan um að reikna út.

Jeg hefi svo ekki fleira að segja; þykist líka vita, hvernig atkv. muni falla. Jeg ann þeim sæmdarinnar, sem verða til þess að fella vantraustsyfirlýsinguna. Jeg hefi hvort sem er sjálfur aldrei ætlað mjer að hafa nein friðindi af stjórninni, hver sem hún er. Ann jeg þeim þess því vel, sem ætla sjer að hafa gagnsemi af þessari stjórn í framtíðinni.

Fjármálaráðherra (S. E.): Að eins örstutt athugasemd. Verður hún því fremur stutt, þar sem báðir hv. þm., sem jeg þarf að svara, eru þegar dauðir.

Jeg get farið fljótt yfir sögu um hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.). Hann taldi mig hafa verið mjög æstan, er jeg hjelt síðustu ræðu mína. En það er venjulega síðasta ráðið, sem andstæðingar minir gripa til, að segja, að jeg hafi verið æstur, ef jeg tala með áherslu. En sá, sem hefir hreinustu fyrirlitnigu á ýmsu því, sem fer fram í kringum hann, hann hlýtur að leggja áherslu á orð sín.

Annars bjóst jeg ekki við því, að hjer yrði talað um framburð manna, og allra sist að hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) yrði til þess að vekja máls á því efni. Því skilvindhjúðið í ræðum hans er hreinasti kross á þessari deild. Og enginn hv. þm. ber eins þunga ábyrgð á dottinu í deildinni eins og hann.

Þessi hv. þm. (G. Sv.) virtist ekki skilja það, að grjótið hafi verið ætlað til landsspítalans, þar sem nú væri þegar farið að selja það. En svo stendur á því, að landsstjórnin hefir enn ekki fengið lóð þá hjá bænum, sem ákveðin var undir spítalann, og það þrátt fyrir það, þótt á samningum væri byrjað um þetta í fyrra haust. Þetta var ófyrirsjáanlegt, og er því nú farið að selja grjótið.

Vantraustsyfirlýsing.

Þá kvaðst hann ekki marka það mik-ið, þótt jeg á yfirreið minni hefði hitt velviljaða menn. En jeg skal þá geta þess, að á Akureyri, þar sem óánægjan er talin mest með stjórnina, þar hjelt jeg fund, ásamt hv. þm. bæjarins (M. K.), og höfðum við fundinn algerlega á okkar bandi, og var mjer hvað eftir annað tekið með lófakloppi.

Hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) talaði um, að mjer væri gjarnt að hlynna að mönnum af persónulegum ástæðum. Benti hann á fossanefndarskipunina. Jeg get sagt honum það, að til mín komu ýmsir menn úr Árnessýslu og ljetu þá ósk í ljós við mig, að maður þaðan úr sýslunni yrði skipaður í nefndina. Þótti mjer þetta ofureðlileg krafa; og hvað var ónáttúrulegt við það að skipa þá sýslumanninn í nefndina? (S. S.: Árnesingar munu nú samt ekki hafa ætlast til þess.) Það er og ósatt með öllu, að jeg hafi nokkurn tíma ætlað mjer að koma bróður mínum í lögreglustjóraembættið hjer í Reykjavík, enda þótt jeg telji hann vel hæfan í það. Sje jeg svo ekki ástæðu til að svara fleiru í ræðu hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.).

Þá er hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Hann neitaði því, að hann hafi nokkurn tíma brugðist í fánamálinu. 1913 vorum við þó 7 þm. í efri deild, sem höfðum ákveðið að samþykkja fánafrv. Einn af þeim var hv. þm. N.-Ísf. (S. St.). Þá var það einn þingmannanna, sem óskaði þess, að frv. yrði ekki rætt, heldur samþykkt hljóðalaust. Við það varð hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) æfur og kvaðst ekki treysta sjer til að þegja. Svo liður og biður. En 20 mín. áður en atkvæðagreiðslan átti að fara fram komu skilaboð frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) um, að hann geti ekki greitt atkv. með frv. Af þessu sló óhug

á okkur hina, fyrst af því, að við treystumst þá ekki að koma málinu fram, og svo af því, að þessi hv. þm. (S. St.) gat verið þektur fyrir að koma svona fram. Og það verð jeg að segja, að jeg hefi aldrei sjeð jafnlitinn vind í þessum hv. þm. og daginn eftir að þetta skeði.

Í sumar var þessi sami hv. þm. (S. St.) óður eftir að komast heim. Hann skildi ekki, hvað væri verið að gera hjer. Ef hann hefði ráðið, hefðu samningarnir aldrei komist í það lag, sem raun varð á. Það situr því sist á honum að vera að gera sig að dómara yfir öðrum. Það er litið af framkvæmdum í hans löngu þingsögu. Hann hefir altaf verið „kritiserandi“. Í efri deild hefir hann árlega haldið eina skammaræðu um neðri deild og margar um meðbræður sína.

Mjer hefir verið ánægja að því að eiga orðastað við hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) og hv. 1. þm. Rang. (E. P.), sem hjelt mjög hóglega ræðu. En jeg skal játa, að vantraustsyfirlýsing frá hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) og tilheyrandi skammaræður hafa haft þau áhrif á mig, að mjer hefir aukist traust á sjálfum mjer.

Bjarni Jónsson: Jeg stend ekki upp til að bera af mjer ámæli. Jeg þakka hv. þm. V.-Sk. (G. Sv.) fyrir góð ummæli. Hann taldi röksemdir mínar svo ljettar, að hann hirti ekki að svara þeim, — en á þessum öfugmælatimum þýðir það, að þær hafi verið svo þungar, að hann gat ekki svarað þeim.

Það er harðara að afgreiða málið með rökstuddri dagskrá en með því að fella tillögurnar, því í því liggur að málið hafi verið svo illa úr garði búið, að ekki hafi þótt sæmra, að það kæmi til atkv.

Verði dagskráin feld og aðaltillagan, skilst mjer, að viðaukatill. komi ekki tíð

Vantraustsýfirlýsing.

atkv., nema með sjerstöku leyfi þingsins. En jeg mun greiða atkv. með dagskránni, því það er harðari dómur um tillöguna en þótt hún sjálf væri feld.

Magnús Torfason: Jeg þarf ekki að endurtaka það, sem jeg hefi áður sagt.

Fyrir vestan þekkja allir Vigurgrínið og víta, að Vigurklerkur er manna lagna-astur á að búa til smásögur. Það heyrðist á orðum hans, að á Ísafirði hafa sumir dálítinn beyg af lögreglustjóra sínum, og tel jeg mjer það til hróss. Jeg hefi aldrei reynt að vera allra vin. Annars hjelt jeg, að kosningarnar sýndu hug alþýðunnar til min, hvað svo sem er um auðvaldið.

Meira þarf jeg ekki að segja. Jeg hefði getað svarað mjer vel á hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), en þar sem hann er maður gamlaður, hefi jeg ekki brjóst til að bæta fleiru ofan á hrakfarir hans.

Flm. (Sigurður Stefánsson):* Mig furðar á, að hæstv. fjármálaráðh. skuli voga sjer að bera fram þau ósannindi, að mitt mesta áhugamál hafi í sumar verið að komast heim, til að koma glundroða í sambandsmálið. Jeg var því fylgjandi þó, að þinginu væri frestað, og var það í raun og veru vilji mikils meiri hl. þingsins. Hefði stjórnin þá verið svo forsjál að fresta þinginu, hefði verið hægt að taka til óspiltra málanna strax er það kom saman aftur, og hefði það í engu spilt fyrir sambandsmálinu.

Það, sem hæstv. fjármálaráðherra var að segja um fánamálið, var ein af þessum skáldsögum, sem hann hefir verið

að reiða fram í kvöld. Þó jeg hafi fallið frá einhverju frv., þarf það alls ekki að vera sama og að jeg hafi brugðist fánamálinu. Það er þvert á móti dagskránni, sem jeg bar fram, að þakka, á hvern rekspól fánamálið, og þá sambandsmálið einnig, nú er komið.

Orðum hv. þm. Ísaf. (M. T.) þarf jeg ekki að svara. Að eins hjó hann nokkuð nærri sjálfum sjer þar, sem hann var að tala um að fara í gegnum sjálfan sig, því hafi nokkur farið í gegnum sjálfan sig, þá hefir hann gert það og það margsinis.

Fjármálaráðherra (S. E.): Jeg visa til þess, sem jeg fyr hefi sagt, og stend við það alt. Ef þingmenn hefðu farið heim í sumar, að óskum hv. þm. N.-Ísf. (S. St.), þá er hætt við því, að lítið hefði orðið úr sambandsmálinu.

Það, sem jeg sagði um afskifti hv. þm. N.-Ísf. (S. St.) af fánamálinu, get jeg sannað hve nær sem vill.

ATKVGR.

Rökstudda dagskráin frá 6. landsk. þm., G. B., (sjá A. 16) samþ. með 20 : 12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já:	nei:
Pjetur Þórðarson	Sigurður Stefánsson
Sig. Sigurðsson	Björn Kristjánsson
Sigurj. Friðjónsson	Eggert Pálsson
Stefán Stefánsson	Einar Arnórsson
Sveinn Ólafsson	Gisli Sveinsson
Þorleifur Jónsson	Halldór Steinsson
Þorsteinn Jónsson	Hákon Kristófersson
Bjarni Jónsson	Jón Jónsson
Einar Árnason	Kristinn Danielsson
Guðj. Guðlaugsson	Magn. Guðmundss.
Guðm. Björnson	Magnús Pjetursson
Guðm. Ólafsson	Pjetur Ottesen.

* Þingmaðurinn (S. St.) hefir hvorki lesið ne leiðrjett þessa ræðu og vill að, það sje tekið fram.

Vantraustsyfirlýsing.

já:

Hjörtur Snorrason
 Jör. Brynjólfsson
 Karl Einarsson
 Magn. Kristjánsson
 Matthías Ólafsson
 Ólafur Briem
 Pjetur Jónsson
 Jóh. Jóhannesson.

Benedikt Sveinsson, Jón Magnússon,
 Magnús Torfason, Sigurður Eggerz og
 Sigurður Jónsson greiddu ekki atkv.

Tveir þm. (Björn Stefánsson og Ein-
 ar Jónsson) fjarstaddir.

Málinu því vikið frá
 u m r æ ð u m.